

allt

MAGGNÚS VÍKINGUR GRÍMSSON

Á kraftmesta Kádilják landsins

BÍLAR • TÍSKA • FERÐIR Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



JOHNNY DEPP

Leikur Willy Wonka með tilþrifum

STUDDIST VIÐ ÆSKUMINNINGAR SÍNAR VIÐTAL ▶ 36-37



NÝR KONUNGLEGUR!

ÍSKALDUR

FAXE

ROYAL

LÉTTUR ÖLLARI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. september 2005 - 243. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Blés nýju lífi í útgáfuna

Margrét V. Helgadóttir hefur látið af störfum sem ritstjóri Hafnarþóstsins, mál-gagni Íslendingafé-lagsins í Kaup-mannahöfn. Á stuttum tíma um-bylti hún útgáfu blaðsins.

TÍMAMÓT 22



Lífið stælir skáldskapinn

Þráinn Bertelsson segir frá skyndileg-um starfslökum forsæt-ísráðherra í nýrri sakamálsögu og það er engu líkara en hann hafi séð fyrir brottþvarf Davíðs Oddssonar úr stjórn málum.

BÆKUR 34



Vinna Blikastúlkur tvöfalt?

Úrslitaleikurinn í VISA-bikarkeppni kvenna í fótbolta fer fram á Laugar-dalsvelli í dag en þar mætast Íslands-meistarar Breiðabliks og KR.

ÍPRÓTTIR 38



VEÐRIÐ Í DAG



MINNKANDI VÆTA ÞEGAR LÍÐUR Á DAGINN Suðaustlæg átt í fyrstu en snýst smám saman til norðlægrar áttar. Viða rigning eða skúrir í morgunsárið en dregur úr vætu síðdegis. Hiti yfirleitt 8-14 stig.

VEÐUR 4

Karlar 25-45 ára

Bílaáhugamenn velja fréttablaðið*

51% Fréttablaðið

37% Mbl.

Bílar off. á laugardegi

Bílar á föstudegi

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í ágúst 2005. Lestur meðal karla 25-45 ára.



UMFERÐARÖNGPVEITI VIÐ SJÁVARÚTVEGSSÝNINGUNA Þrátt fyrir hráslagakulda var stemningin mikil hjá þeim sem áttu leið á sjávar-útvegssýninguna í Fífunni í Kópavogi í gær. Öngþveitið var mikið. Fólk setti ekki fyrir sig að ganga lengri leiðir en Íslendingum er tamt, enda einhverjir óökufærir. Haustið minnir hressilega á sig en þó er von á bærligra veðri í dag en í gær.

Réttargeðdeildin á Sogni er yfirfull

Nýjasti vistmaðurinn á Sogni er vistaður í herbergi sem annars er notað fyrir heimsóknir, kennslu og viðtöl. Á deildinni er pláss fyrir sjö, en hann er áttundi sjúklingurinn. Ráðuneytið hefur ekki heimilað stækkun réttargeðdeildarinnar.

HEILBRIGÐISMÁL Karlmaður á fer-tugsaldri sem fundinn var ósak-hæfur í Héraðsdómi Reykjavíkur í fyrradag er nú vistaður í her-bergi á réttargeðdeildinni á Sogni. Það er alla jafna notað fyrir heimsóknir, kennslu og viðtöl. Deildin er yfirfull, að sögn Magnúsar Skúlasonar yfirlæknis og því varð að grípa til þessa ráðs.

„Það var sett rúm inn í þetta herbergi, þannig að starfsemin sem verið hefur í því verður flutt eitthvert annað,“ segir Magnús. Hann bætir við að kennsla og viðtöl sem fram hefðu farið í her-berginu verði væntanlega flutt í litla skrifstofubyggingu við hlið réttargeðdeildarinnar.

„Meðan þetta er svona verðum við líklega að leyfa heimsóknir í stustofu eða finna aðrar lausnir,“

segir Magnús. „Við erum ekki spennt fyrir að þær verði leyfðar á herbergjum. Við höfum sótt um stækkun á deildinni til heilbrigðisráðuneytis, en höfum ekki fengið jákvætt svar enn.“

Sjö pláss eru á réttargeðdeildinni og er umræddur maður áttundi öryggisgæslusjúklingurinn á staðnum.



Maðurinn sem vistaður er í heimsóknarherberginu á Sogni lagði í einelti prófessor í réttarlæknisfræði í Reykjavík. Veruleikabrenslun mannsins, sem geðlæknar báru fyrir dómi að haldinn væri svokallaðri kverúlantaparanju, gerði það að verkum að hann taldi prófessorinn hluta af sam-særi um að fara rangt með niður-stöður barnsfaðernismáls sem hann var beðinn um að skera úr um árið 2002.

Eftir að hafa hótað prófessor-um um tíma réðst hann á hann að kvöldi föstudagsins 22. apríl í vor.

Ekki náðist í gær í Jón Krist-jánsson heilbrigðisráðherra vegna málsins, en hann var staddur við opnun jarðganga á Fáskrúðsfirði.

- jss / - óká

Sænsk kvenréttindasamtök: Fleiri en tvo í hjúskap

JAFNRÉTTISBARÁTTA Ráðstefna stærstu kvenréttindasamtaka Sví-þjóðar hófst í gær. Búist er við því að tilkynnt verði um fyrirhugaða þátttöku samtakanna í þingkosningum í Svíþjóð sem fram fara á næsta ári.

Ráðstefnugestir lögðu á ráðin um pólitíska stefnuskrá samtak-anna en innan hennar verður gert ráð fyrir því að hjúskaparlög-um í Svíþjóð verði breytt svo að leyfa megi hjúskap fleiri einstak-linga en tveggja. Einnig munu samtökin leggja það til að stúlkur geti borið drengjanöfn og öfugt. ■



SUNDGARPAR KOMNIR AÐ LANDI Þeir Hálf dán Freyr og Heimir Örn nýkomnir að landi við mynni Fáskrúðsfjarðar eftir þriggja kílómetra sund.

Sundgarpar að austan: Syntu frá Skróðnum

SJÓSOND Sundgarparnir Hálf dán Freyr Örnólfsson og Heimir Örn Sveinsson gerðu sér lítið fyrir í gær og syntu frá Skróðnum og í fjöruna við mynni Fáskrúðsfjarðar. Sundið tók um klukkutíma en aðstæður eru afar erfiðar á þessu svæði eins og menn vita sem þekkja söguna af skipinu Synetta sem sókk við Skróðinn á niunda áratugnum og enginn sjómanna-anna lifði af.

Hálf dán Freyr og Heimir Örn skiluðu sér hins vegar í fjöru eftir erfitt sund en þó ekki erfiðara en svo að þeir gátu tekið léttan sund-sprett í ísköldu Lagarfljóti um kvöldið.

- jse

1. - 11. sept.

TÍSKU VÍKA

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

LOKA HELGIN!



SPURNING DAGSINS

Kristinn, tekur þú ólöglegar myndir?

Nei, en sumar myndir mínna eru eitthvað að fara á skjön við lögin.

Kristinn H. Benediktsson ljósmyndari hefur farið fram á lögbanan á útgáfu bókarinnar *Flygur fiski* saga en hann er ósattur við þá meðferð sem myndir hans fengu við vinnslu bókarinnar.



GLEÐISTUNÐHér er borgarstjórnin í traustum höndum fjárfesta.

Hugmyndasamkeppni:

Milljónir í verðlaunafé

VATNSMÝRIN KB banki, Landsbanki, Íslandsbanki og þróunarfélagið Þyrping ætla að leggja 21 milljón króna í alþjóðlega hugmyndasamkeppni um skipulag Vatnsmýrarinnar. Fulltrúar bankanna og Þyrpingar undirrituðu ásamt borgarstjóra Reykjavíkur samstarfssamning þess efnis.

Viðskiptabankarnir þrjú hafa aldrei staðið saman að slíku verkefni. „Fasteignamarkaðurinn er stór hluti af starfsemi bankanna. Vatnsmýrin er mjög áhugavert byggingasvæði og það skiptir okkur öll máli hvernig staðið verður að skipulagi hennar,“ segir Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka.

LÖGREGLUFRETTIR

SJÓ ÁREKSTRAR Í HAFNARFIRÐI Sjó árekstrar urðu í Hafnarfirði í gær. Allir urðu þeir skammt frá gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Álfanesvegar. Að sögn lögreglunnar er líklegt að bleyta á vegi hafi gert ökumönnum erfitt fyrir. Allir árekstrarnir voru þó minniháttar. Einnig varð minniháttar árekstur á Ísafirði í gær.

DÓMSTÓLAR

EIGNARNÁMIÐ VAR HEIMILT Samgönguráðuneytið mátti heimila Landssíma Íslands eignarnám á fjarskiptamastri og tveggja metra breiðri lagnaleið í Stykkishólmi í ársbyrjun í fyrra, samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Fyrirtækið sem stefndi keypti fasteign og lóð af ríkinu árið 2001, en í afsali var ekkert rætt um mastrið.

New Orleans-borg rýmd vegna hættu á farsóttum og eldsvoðum:

Þúsundir íbúa þrjóskað við

BANDARÍKIN, AP Her- og lögreglumenn gengu hús úr húsi í New Orleans í gær, lögðu hald á vopn og reyndu að fá þá íbúa borgarinnar sem enn hafast við í húsum sínum til að yfirgefa borgina vegna hættu á farsóttum og eldsvoðum. Lögreglan merkir hús sem lík finnast í til að sækja þau síðar.

Talið er að allt að 10.000 manns þrjóskað enn við að verða við fyrirmælum um að yfirgefa borgina, þrátt fyrir kolmórætt og bakteríumengað flóðvatnið, sem geymir meðal annars óljósan fjölda rotandi líka, og skipun borgarstjórnans Ray Nagin um að hafa sig á brott eða vera að öðrum kosti

fluttur þaðan með valdi. En talsmaður lögreglunnar, Warren Riley, sagði að með hverjum deginum sem liði yrði ólíklegra að beita þyrfti nokkurn íbúa valdi, þar sem þeir gerðu sé nú flestir grein fyrir að það væri þeim fyrir bestu; þeir þyrftu ekki að óttast að óaldaflokkar vændu eignum þeirra og þeirra biði ekki ringulreið eins og ríkti fyrstu dagana í Superdome-íþróttahöllinni og ráðstefnumiðstöð borgarinnar.

- aa

LEITAÐ HÚS ÚR HÚSI Hermenn sigla milli húsa í kaffærðu hverfi í New Orleans.



FRÉTTABLAÐIÐ/BANDAR. SÖHERINN/VAP

Einkarekinn spítali innan fimm ára

Augljóst er að einkarekinn spítali verður settur á stofn hér á landi innan næstu fimm ára, segir formaður Læknafélags Íslands. Hópur fólks var vel á veg kominn með slíkar hugmyndir, en bakkaði vegna andspyrnu sem það varð fyrir.

HEILBRIGÐISMÁL Einkarekinn spítali í einhverri mynd verður settur á stofn hér á landi innan næstu fimm ára, segir Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands. Einfaldasta skilgreining á hugtakinu spítali er þegar læknir ber ábyrgð á sjúklingi yfir nótt. „Það voru nokkrir einstaklingar sem voru komnir nokkuð langt með hugmyndir að einkareknum spítala fyrir fáeinum árum, en bökkuðu svo,“ segir Sigurbjörn. „Þessar hugmyndir mættu töluverðri andspyrnu og þetta fólk varð fyrir töluverðri aðsókn út af þessu á sínum vinnustöðum. Það varð því ekki frekar úr aðgerðum.“

Sigurbjörn bendir á að heilbrigðisráðherra geti ráðið örlögum starfsemi af þessu tagi með pólitískum sjónarmiðum, þó svo að ekki sé gert ráð fyrir almannafé í stofnun né rekstri hennar. Starfræksla einkarekins spítala sé háð leyfisveitingu ráðherrans og hann geti leyft hana eða hafnað á grundvelli eigin skoðana um þörfina fyrir hana. „Það er mín skoðun að staðan snerti atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar eins og hún er núna,“ segir Sigurbjörn. „En það er verið



SIGURBJÖRN SVEINSSON Formaður Læknafélags Íslands.



ORKUHÚSIÐ Dæmi um einkarekstur í lækningum sem þanist hefur út að undanförunu. Einkarekinn spítali er næsta skref í þeirri þróun.

að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu og vonandi verða þau sjónarmið ofan á að menn geti sett á fót svona starfsemi ef markaðurinn óskar eftir því, án ihlutunar hins pólitíska valds. Með öðrum orðum, að fagleg sjónarmið séu uppfyllt, en að öðru leyti sé ekki hægt að stoppa fólk í að nota menntun sína og þau leyfi sem það hefur sjálft til þess að stunda ákveðna starfsemi.“

Sigurbjörn undirstrikar að starf við heilbrigðisþjónustu sé atvinna eins og hvað annað en ekki

líknarstarfsemi eða lítilmagnaþjálf. Heilbrigðisþjónustan sé mjög stór hluti af atvinnustarfsemi í landinu.

„Það leikur enginn vafi á að það verður frekari þróun í kringum einkarekstur lækna-starfsemi eins og við sjáum þegar á umfangi hennar í Orkuhúsinu og Lækna-setrinu svo dæmi séu nefnd,“ segir hann. „Þjóðfélagið stefnir í þessa átt og heilbrigðisþjónustan er þar ekki undanþegin.“

jss@frettabladid.is

Leit að frönskum ferðamanni:

Fannst látinn í Þórsmörk

SLYSFARIR Franskur ferðamaður sem leitað hafði verið að fannst látinn um klukkan þrjú í gær. Í tilkynningu frá Landsbjörgu kemur fram að komið hafi verið auga á líkið úr þyrllu Landhelgisgæslunnar í Markarfljóti fyrir neðan Húsadal í Þórsmörk.

Fyrr um daginn höfðu björgunarsveitir fundið vísbendingar um að maðurinn hefði lent í vandræðum á leið fyrir Kalda-klofskvísl sem rennur í Markarfljót.

Um 80 björgunarsveitarmenn voru við leitina í gær frá sveitum af Suður- og Suðvesturlandi, en henni var stjórnað frá Hellu.

Maðurinn hét Christian Aballéa og var fæddur árið 1972. Eftirgrenslnan um ferðir hans hófst annan þessa mánaðar þegar hann mætti ekki í flug sem hann átti bókað úr landi. Hann var talinn



CHRISTIAN ABALLÉA Franski ferðamaðurinn sem ekki hafði til spurst síðan í lok ágúst fannst í gær látinn í Markarfljóti í Þórsmörk.

hafa ætlað að ganga „Laugavegin“ til Þórsmörkur og þaðan yfir Fimmvörðuháls til Skóga. Síðast var vitað um ferðir hans 25. ágúst í ferðamannaskálanum Álfatavatni.

- óká

Seinheppnir rummungar:

Gættu ekki að felustaðnum

LÖGREGLA Tveir menn voru handteknir í Reykjavík aðfaranótt föstudags fyrir árvegni starfsmanna Ríkislögreglustjóra sem tekið höfðu eftir golfsetti við bílageymsludyr embættisins.

Settina hafði verið stolið úr bíl í nágrenninu, en starfsmennirnir biðu þar til þjófana bar að með meira góss. Þeir gistu fangageymslur og voru yfirheyrðir í gær. Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfir-lögregluþjónn í Reykjavík, segir ekki óalengt að þjófur feli þýfi sitt með þessum hætti til að minnka líkur á að vera gripnir með feng sinn. „Í þetta sinn gættu þeir ekki betur að vali á geymslustað.“

- óká



LITLA-HRAUN Mannræninginn ungi þarf að sitja á Litla-Hrauni þar til 2. október.

16 ára mannræningi:

Í varðhaldi til októberloka

DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær sextán ára pilt í gæsluvarðhald til 21. október eða þar til dómur fellur í máli hans.

Pilturinn rændi ásamt fjórum öðrum tæplega tívugum starfsmanni Bónuss á föstudaginn fyrir viku og daginn eftir voru þeir úrskurðaðir í sex daga gæsluvarðhald. Hinum fjórum hefur verið sleppt.

Arásarmennirnir hafa borið því við að þeir hafi verið að innheimta skuld hjá þeim sem þeir rændu, en honum ógnuðu þeir með skotvopni og neyddu til að taka út peninga í hraðbanka.

Pilturinn sem er í haldi var nýsloppinn úr gæsluvarðhaldi þegar brotið var framið.

- óká

DÓMSTÓLAR

FÆR EKKI BÆTT FALL Húsfélagið í Lágmla 5 í Reykjavík hefur verið sýknað af rúmlega 10 milljóna króna skaðabótakröfu konu sem hrasaði og datt um brunlok fyrir framan húsið í janúarlok árið 2002 á leið úr verslun Lyfju. Hún ökklabrotnaði og snerist á hné. Dómurinn sagði slysið óhappatílvik.

KJARASAMNINGAR

NÆR ALLIR KUSU VERK FALL Félagar í Starfsmannafélagi Akraness samþykktu með 97 prósentum greiddra atkvæða að hefja verkfall 3. október næstkomandi semjst ekki fyrir þann tíma. Samningafundur hefjast hjá ríkissáttasemjara fljótlega í næstu viku.

Samningar tókust:

20 prósent launahækkun

VERKALÝÐSMÁL Nýr kjarasamningur tryggir félagsmönnum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, SFH, tuttugu prósent launahækkun á samningstímanum. Samningarnir eru afturvirkir og gilda frá 1. febrúar.

Síðdegis í gær var samningurinn undirritaður hjá sáttasemjara en sættir milli SFH og SFR náðust síðasta miðvikudag en þann sama dag hefðu félagar í SFH boðað til verkfalls hefðu samningar ekki náðst.

Í gær var einnig undirritaður nýr kjarasamningur við Starfsmannafélag Suðurnesja hjá ríkissáttasemjara.

- jse

Íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!

ÖLL Á SAMA STAÐ



Á ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐINNI Í ÞÍNU HVERFI!

Þjónustumiðstöðin Miðgarður hefur þjónað íbúum Grafarvogs í átta ár.
Við endurskipulagningu á þjónustu Reykjavíkurborgar bætast Kjalnesingar í hópinn.
Við bjóðum þá velkomna í Miðgarð.



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður - Hjarðarhaga 45-47 • Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða - Skúlagötu 21
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis - Síðumúla 39 • Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður - Langaríma 21
Þjónustumiðstöð Breiðholts - Álfabakka 12 • Þjónustumiðstöð Árbæjar - Bæjarhálsi 1

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 09.09.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,82	63,12
Sterlingspund GBP	115,29	115,85
Evra EUR	77,89	78,33
Dönsk króna DKK	10,447	10,509
Norsk króna NOK	9,993	10,051
Sænsk króna SEK	8,347	8,395
Japanskt jen JPY	0,5682	0,5716
SDR	XDR	92,67
		93,23

Gengivísitala krónunnar

108,8949

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hótelstjórinn á Raufarhöfn: Leiðinlegt og kalt sumar

FERÐAÞJÓNUSTA „Sumarið var kalt og leiðinlegt og aðsóknin eftir því,“ segir Erlingur Thoroddsen, hótelstjóri á Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn. Hann segir enga lausa-traffic hafa verið í sumar, aðeins þeir hafi komið sem bókuðu herbergi fyrirfram.

„Vont veður og malarvegur gerðu það að verkum að ekki komu fleiri til okkar í sumar,“ segir Erlingur, sem hefur stýrt Norðurljósum í áratug. Sumarið var þó ekki það versta sem Erlingur hefur séð. „Nei, ég hef séð það verra,“ segir hann og vonast eftir betra veðri næsta sumar. - bps



ERLINGUR THORODDSEN HÓTELSTJÓRI Fáir ferðamenn lögðu leið sína til Raufarhafnar í sumar.

FRAKKLAND

CHIRAC HÆTTIR VIÐ FUND Jaques Chirac Frakklandsforseti hefur tilkynnt að hann muni ekki taka þátt í fundi Sameinuðu þjóðanna í New York í næstu viku af heilsufarsástæðum. Chirac þjáist af æðabrenningum sem hafa áhrif á sjón hans. Miklar vangaveltur eru í Frakklandi um hversu alvarleg veikindin eru.

EGYPTALAND

MUBARAK SAKAÐUR UM SVINDL Ríkisfjölmiðlarnir í Egyptalandi fögnuðu úrslitum forsetakosninganna í landinu þar sem Hosni Mubarak sitjandi forseti fór með sigur af hólmi. Efasemdaraddir eru þó uppi meðal stjórnanarstöðunnar um lögmæti kosninganna þó að hún fagni nýtilkomnu lýðræði í landinu.

Ágúst Einarsson um ráðningu Davíðs Oddssonar:

Skaðar ímynd Seðlabankans

SEÐLABANKINN „Ég er mjög ósáttur við þessi vinnubrögð og finnst þessi skipun mjög gagnrýniverð,“ segir Ágúst Einarsson, deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.

„Að það skuli eina ferðina enn vera skipaður stjórnvaldaábyrgðin í Seðlabankanum sem er að setjast í helgan stein. Ég var formaður bankaráðs Seðlabankans og sagði af mér þegar Steingrímur Hermannsson var skipaður við samskonar aðstæður og Davíð Oddsson núna,“ segir Ágúst.

„Það gerðist fyrir rúmum tíu árum og ég hélt að við hefðum lært betri vinnubrögð en svo virðist ekki vera. Staða seðlabankastjóra er sérhæft verkefni á sviði peningamála og þeir sem gegna henni verða að hafa faglegar forsendur til þess. Svo var ekki í tilviki Steingríms Hermannssonar á sínum tíma og er ekki í tilviki Davíðs Oddssonar núna,“ segir Ágúst.

Hann segir pólitískar ráðningar vitaskuld skaða ímynd Seðlabankans.

„Þetta eru vinnubrögð sem þekkjast ekki í nálægum löndum og eru ekki dæmi um góða



ÁGÚST EINARSSON: „Staða seðlabankastjóra er sérhæft verkefni á sviði peningamála og þeir sem gegna henni verða að hafa faglegar forsendur til þess.“

efnahagsstjórnun eða hegðun af hálfu stjórnvalda. Við erum einfaldlega ekki komin lengra í því að viðhafa eðlileg vinnubrögð þegar kemur að stjórnvaldum sjálfum,“ segir Ágúst. - sda

Davíð fær eftirlaun auk seðlabankalauna

Eftirlaun Davíðs Oddssonar leggjast ofan á laun hans sem seðlabankastjóri. Fyrst í stað verða eftirlaunin 334 þúsund en hækka í 718 þúsund í lok ráðningartímabilsins. Laun seðlabankastjóra eru tæplega 1,3 milljónir á mánuði.

EFTIRLAUN Laun seðlabankastjóra voru hækkuð um fimmtán prósent fyrir tveimur vikum. Formaður bankastjórnar er nú með 1.354.000 krónur á mánuði, samkvæmt upplýsingum frá Ingimundi Friðrikssyni, aðstoðarbankastjóra Seðlabankans.

Davíð Oddsson hefur rétt á að þiggja eftirlaun sem ráðherra ofan á laun sín sem seðlabankastjóri. Eftirlaunin í upphafi ráðningartímabilsins verða 334 þúsund krónur á mánuði vegna aldurstengdrar skerðingar sem kemur á eftirlaun þegar ráðherrar fara í aðra launaða vinnu. Í lok ráðningartímabils síns sem seðlabankastjóri verða eftirlaunin hins vegar um 718 þúsund krónur.

Davíð gæti því verið með 1.688.000 krónur í laun frá ríkinu á mánuði þegar hann tekur við

LAUN OG EFTIRLAUN DAVÍÐS:

20. OKT. 2005

Seðlabankastjóri	kr. 1.354.000
Eftirlaun	kr. 334.000
Samtals	kr. 1.688.000

20. OKT. 2012

Seðlabankastjóri	kr. 1.354.000
Eftirlaun	kr. 732.130
Samtals	kr. 2.074.200

starfi seðlabankastjóra og 2.074.200 undir lok ráðningartímabilsins.

Samkvæmt eftirlaunalögum umdeildu sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2003 hefur Davíð rétt á eftirlaunum sem eru 80 prósent af launum forsætisráð-



DAVÍÐ KVEÐUR STJÓRN MÁLIN Hann verður þó ekki á flæðiskeri staddur því samkvæmt hinum umdeildu eftirlaunalögum hefur hann rétt á eftirlaunum ofan á laun sín sem seðlabankastjóri. Samtals verður hann því með 1.688.000 krónur frá ríkinu á mánuði í upphafi ráðningartímabilsins en 2.074.200 í lok þess.

herra. Laun forsætisráðherra eru 915.162 krónur á mánuði. Færi Davíð á eftirlaun nú án þess að fara í annað starf fengi hann því 732.130 krónur í eftirlaun á mánuði.

Davíð er fæddur 17. janúar 1948 og er því 57 ára en samkvæmt eftirlaunalögum getur hann hafið töku eftirlauna 55 ára hafi hann gegnt ráðherraembætti lengur en sex ár. Hið sama gildir fari hann í annað launað starf.

Lögin gera þó ráð fyrir því að eftirlaunin skerðist um 0,5 pró-

sent fyrir hvern mánuð sem eftirlaunaþegann vantar upp á 65 ára aldurinn og munu eftirlaun hans sem forsætisráðherra því skerðast um 43,5 prósent fyrsta mánuð hans í starfi. Skerðingin minnkar þó um 0,5 prósent á hverjum mánuði og fellur niður ef hann lætur af störfum seðlabankastjóra.

Að sögn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem situr í bankaráði, voru skiptar skoðanir um launa-hækkunina í ráðinu. „Samfylkingin samþykkti hana ekki,“ segir Ingibjörg. sda@frettabladid.is

Á skilorð í tvö ár:

Beit aðra í baugfingur

DÓMSTÓLAR Ákvörðun um refsingu rétt tæplega 26 ára gamallar konu var í gær frestað í Héraðsdómi Vestfjarða, en hún hafði verið kærð fyrir líkamsárás. Haldi konan skilorð í tvö ár fellur refsingin niður.

Konan bar við sjálfsvörn þegar hún beit aðra í baugfingur vinstri handar í húsi á Ísafirði aðfaranótt laugardagsins 19. mars síðastliðins. Ákærvaldið féllst á að árásin hefði átt sér stað í átökum milli kvenanna. Sú sem bitin var á einnig í málarekstri fyrir dómi, en hún sætir ákæru fyrir líkamsárás, sem og bróðir hennar. Hún hlaut bitför og skurð á fingur. - óka



EKIÐ Í GEGN Samgönguráðherra fór fyrstur um göngin.

Fáskrúðsfjarðargöng opnuð:

Bylting á Austurlandi

SAMGÖNGUR Fáskrúðsfjarðargöng voru formlega tekin í notkun í gær. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra klippti á borða við gangamunnann Reyðarfjarðarmegin.

Með tilkomu ganganna styttest akstursleiðin á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar um 31 km og rutt er úr vegi einum hættulegasta vegarkafli á Austfjörðum, veginum fyrir Vattarnes.

Fáskrúðsfjarðargöng eru tvíbreið, samtals 5,9 km að lengd, en heildarkostnaður við gerð þeirra er um 3,9 milljarðar króna. - kk

Bílveltur í Borgarfirði:

Keyrðu fullir af dansleik

SLYS Tvær bílveltur urðu á Vesturlandsvegi með stuttu millibili í fyrri nótt skammt sunnan við Bifrost en þar var haldinn dansleikur umrædda nótt. Báðir ökumennirnir eru grunaðir um ölvun við akstur. Engin slys urðu á fólki en bílarnir eru báðir mjög skemmdir eða ónýtir að sögn lögreglunnar í Borgarnesi. Fyrr um nóttina hafði lögreglan afskipti af ökumanni sem hafði fengið sér neðan í því.

Í gær voru síðan níu ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í Borgarfirðinum þó að akstursskilvörð væru með verra móti. - jse

VEÐURSPÁ

um hádegis »


Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

ENDALOUS BREYTING Í DAG


Lægðin sem sést hér á kortinu til hliðar er á leið beint yfir landið og verður yfir Langanesi í kvöld. Því mun vindur snúa sér smám saman í dag til norðlægrar áttar. Úrkomulítið í kvöld síst suðaustan til.

HORFUR Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU:


Hæg suðaustlæg átt til hádegis en snýst smám saman til norðlægrar áttar. Rigning í fyrstu en síðan skúrir. Úrkomulítið í kvöld. Hiti 8-13 að deginum.



» á morgun



» mánudagur



Kaupmannahöfn	20°C léttskýjað	París	22°C skýjað/skúr	Alicante	31°C heiðskirt
Oslo	14°C léttskýjað	Berlín	27°C heiðskirt	Milano	24°C skýjað
Stokkhólmur	16°C léttskýjað	Frankfurt	26°C skúrir	New York	23°C léttskýjað
Helsinki	15°C léttskýjað	Madrid	25°C hálfskýjað	San Francisco	20°C léttskýjað
London	22°C skýjað/skúr	Barcelona	29°C léttskýjað	Orlando/Florida	33°C heiðskirt

* Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrcoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

allt markvissar auglýsingar

...um bíla á laugardögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“ Síminn er 550-5000

Íslenskir dagar í Hagkaupum

20% afsláttur af öllu íslensku grænmeti

Íslenskt grænmeti sérmerkt þér!

Íslenskt grænmeti

Fórfel

30% afsláttur við kassa

Svínafille að hætti Jóa Fel

TILBOÐ 1.395 kr/kg
Merkt verð 1.995,-

Kjöt & fisktorgið

Lambakjöt á tilboði

	Verð nú	Verð áður
Læri	898 ^{kr/kg}	1.298 ^{kr/kg}
Hryggir	998 ^{kr/kg}	1.378 ^{kr/kg}
Lærisn.	1.198 ^{kr/kg}	1.498 ^{kr/kg}
Kótiletur	1.198 ^{kr/kg}	1.398 ^{kr/kg}

Nýtt í Hagkaupum

Nói Síriús NÝTT Ópal og Púkó súkkulaði

Nýtt í Hagkaupum

Jumbó samlokur - loksins flatkökur, lambasteik og graflax

20% afsláttur við kassa

Kaffi frá Te & Kaffi - mikill fjöldi tegunda

25% afsláttur við kassa

Magna vítamínlínan

40% afsláttur

TILBOÐ 299 kr/stk
Verð áður 539,-

Fyrirtaks pizzur, 4 tegundir - ómissandi með brauðstögum

Nýtt í Hagkaupum

Gott verð 199 kr/þk

Myllu telengja - nýtt á íslenskum dögum

Gildir til 11. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Er rétt hjá Davíð Oddssyni að fara í Seðlabankann?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](#)

Já	37,42%
Nei	62,58%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að leyfa varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli að fara burt?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Ágóða af sölu Símans varið til samgöngubóta:

Styttir leiðina til Ísafjarðar

SAMGÖNGUR „Við fögnum því að stjórnvöld skuli ætla að verja einum og hálfum milljarði til vegagerðar á Vestfjörðum,“ segir Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ, um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að verja hluta ágóðans af sölu Símans til vegamála.

Átta hundruð milljónum króna verður veitt til vegagerðar í Arnkötuldal og sjö hundruð milljónum í Vestfjarðaveg sem liggur frá Bjarkarlundi til Vatnsfjarðar í Breiðafirði.

„Þetta þýðir að leiðin frá Hólmavík, og þá einnig frá Ísa-



firði, til Reykjavíkur styttist um 41 kílómetra,“ bætir Birna við.

Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, segir að þar sem fjárveiting sem renna átti til Vestfjarðarvegjar samkvæmt samgönguáætlun hafi verið skert á síðasta þingi sé kærkomið að fá þessa fjárveitingu þó að hún nægi ekki til að koma Vestfjarðarveg í það horf sem vænst er.

- jse

BIRNA LÁRUSDÓTTIR Birna fagnar þeim skerfi sem Vestfirðingar fá af sölu Símans, en sá skerfur mun fara til vegagerðar.

Anna Kristinsdóttir:

Vill leiða lista Framsóknar

PRÓFKJÖR Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi gefur kost á sér í fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík í næstu borgarstjórnarkosningum.



ANNA KRISTINDÓTTIR

„Ég er tilbúin til þess að taka það verkefni að mér að leiða flokkinn til sigurs í næstu borgarstjórnarkosningum. Þótt á brattann sé að sækja held ég að tækifærin séu mýmörg,“ segir Anna.

„Ég hef öðlast ákveðna þekkingu á borgarmálum með starfi mínu innan borgarinnar og hef starfað sem formaður Íþrótt- og tómstundaráðs, sem formaður framkvæmdaráðs borgarinnar og sem varaformaður skipulagsráðs og haft mikla ánægju og gleði af þessum störfum,“ segir hún.

- sda

Þorleifur Gunnlaugsson:

Í prófkjör hjá Vinstri grænum

PRÓFKJÖR Þorleifur Gunnlaugsson dúklagningameistari hefur ákveðið að gefa kost á sér í forval Vinstri grænna vegna borgarstjórnarkosninga á næsta ári. Hann segist stefna að þriðja til fjórða sæti listans.

Þorleifur er varaformaður Vinstri grænna í Reykjavík og hefur verið virkur í borgarmálum í tæp fjögur ár. Hann situr í stjórn SÁÁ og er fyrrverandi formaður Félags dúklagninga- og veggfóðrarmeistarara og tók þátt í stofnun Meistarabands byggingamanna. Hann segir að félagsmál verði sín helstu baráttumál, auk þess sem hann hafi mikinn áhuga á skipulagsmálum. ■

Flestir í framboð fyrir Sjálfstæðisflokk

Fimmtán hafa tilkynnt framboð í prófkjör Sjálfstæðisflokksins, sem verður 4. og 5. nóvember. Fjórir hafa tilkynnt framboð í prófkjör Vinstri grænna. Anna Kristinsdóttir, Framsóknarflokki, ætlar gegn Alfreð Þorsteinssyni oddvita hans.

BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR Mun fleiri hafa tilkynnt um framboð í prófkjör Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor en í prófkjör hjá öðrum flokkum. Prófkjör flokksins verður þó ekki haldið fyrir en 4. og 5. nóvember. Kosning á lista hefur verið bindandi hljóti menn 50 prósent atkvæða í það sæti.

Björn Bjarnason, sem er í fyrsta sæti listans, mun ekki gefa kost á sér aftur. Þá er einnig ljóst að Guðrún Ebba Ólafsdóttir, sem nú er í þriðja sæti mun ekki bjóða sig fram aftur. Júlíus Vífill Ingvarsson hefur tilkynnt að hann muni sækjast eftir einu forystusæti listans og er fastlega gert ráð fyrir að hann bjóði sig fram í fyrsta sæti. Þá hafa einnig raddir verið uppi um að Guðlaugur Þór Þórðarson gefi kost á sér í fyrsta sæti. Ef úr

verður eru þeir fjórir sem gefa kost á sér í forystu flokksins í borginni, en þegar hafa Vilhjálmur P. Vilhjálmsson og Gísli Marteinn Baldursson tilkynnt það.

Það er nokkuð síðan tilkynnt var að Ólafur F. Magnússon muni leiða Frjálslynda flokkinn. Margrét Sverrisdóttir verður í öðru sæti. Ekki hefur verið tilkynnt um önnur sæti, en eftir uppstillingu býður flokkurinn upp á fléttulista.

Anna Kristinsdóttir, borgarfulltrúi R-listans, fyrir Framsókn sækist eftir fyrsta sæti flokksins í borgarstjórnarkosningunum rétt eins og Alfreð Þorsteinsson. Hún tilkynnti framboð sitt í gær.

Þá er fastlega gert ráð fyrir að Björn Ingi Hrafnsson tilkynni fljótlega að hann bjóði sig fram til forystu í borginni. Ekki hefur verið ákveðið hvernig verður ráðað

á listann, en á kjördæmaráðsfundum, sem verður líklega í næsta mánuði, verður ákvörðun tekin um niðurröðunina. Reiknað er með prófkjöri, en framsóknarmenn eru ekki á eitt sáttir um hversu opið það verður.

Einungis þrjú hafa tilkynnt um framboð hjá Samfylkingunni: Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Stefán Jón Hafstein í fyrsta sæti og Stefán Jón Hafstein í öðru sæti. Ekkert hefur verið ákveðið um prófkjör innan flokksins.

Þá hafa fjórir tilkynnt að þeir stefni á sæti hjá vinstri grænum: Svandís Svavarsdóttir í fyrsta sæti, Árni Þór Sigurðsson í annað sæti, Grímur Atlason í þriðju fyrstu sætin og Þorleifur Gunnlaugsson í þriðja til fjórða sæti. Framboðsfrestur rennur út 16. september og prófkjör fer fram 1. október.

svanborg@frettabladid.is



KAPPHLAUP UM RÁÐHÚSIÐ Flokkarnir í Reykjavík eru lengst komnir í að skipuleggja framboðsmál fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Njarðarbraut í Njarðvík:

Sluppu vel úr árekstri

LÖGREGLA Allharður árekstur tveggja bíla varð á Njarðarbraut í Njarðvík um klukkan eitt aðfaranótt föstudags.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Keflavík voru öku-menn og farþegar bílanna fluttir með sjúkrabifreið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til skoðunar, en meisl þeirra voru ekki talin alvarleg.

Þá var ökumaður kærður um nóttina fyrir að aka á 122 kílómetra hraða á Reykjanesbraut, þar sem leyfilegur hámarks hraði er 90 kílómetrar á klukkustund.

- óká

SJÁLFSTÆÐIS-FLOKKURINN	
1. sæti	Vilhjálmur P. Vilhjálmsson Gísli Marteinn Baldursson Júlíus Vífill Ingvarsson (1-3)
2. sæti	Hanna Birna Kristjánsdóttir
3. sæti	Kjartan Magnússon
4. sæti	Jórunn Frímannsdóttir Þorbjörg Helga Vígfúsdóttir
5. sæti	Ragnar Sær Ragnarsson Kristján Guðmundsson Jónína Benediktisdóttir Steinn Káason (5-6)
6. sæti	Marta Guðjónsdóttir Loftur Már Sigurðsson
8. sæti	Gústaf Níelsson
10.- 12. sæti	Gunnar Dorfi Ólafsson

FRAMSÓKNAR-FLOKKURINN	
1. sæti	Alfreð Þorsteinsson
1. sæti	Anna Kristinsdóttir

SAMFYLKINGIN	
1. sæti	Steinunn Valdís Óskarsdóttir Stefán Jón Hafstein
2.-5. sæti	Stefán Jóhann Stefánsson

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN	
1. sæti	Ólafur F. Magnússon
2. sæti	Margrét Sverrisdóttir

VINSTIRHREYFINGIN - GRÆNT FRAMBOÐ	
1. sæti	Svandís Svavarsdóttir Grímur Atlason (1-3)
2. sæti	Árni Þór Sigurðsson
3.-4. sæti	Þorleifur Gunnlaugsson

Norræn ráðstefna um landupplýsingar 14.-17. september á Nordica Hótel

Skráning og dagskrá er á heimasíðu ráðstefnunnar


<http://www.meetingiceland.com/ginorden2005/>

Allt það nýjasta á sviði landupplýsinga og notkun landupplýsingakerfa. Fimmtíu fyrirlesarar og viðamikil sýning

Meðal annars er fjallað um:

stefnumótun, lagasetningu, aðgengi að landupplýsingum, tæknilausnir, kortagerð, gagnagrunna, gagnavefsjár, fjarkönnun, eftirlitskerfi vegna náttúruhamfara

LÍSA - samtök um landupplýsingar á Íslandi og GI Norden



Skemmtiferðaskipið The World í Reykjavík:

Íbúðir seldar á 260 milljónir

FERÐAMÁL Skemmtiferðaskipið Heimurinn (The World) kom til Reykjavíkur á fimmtudag og lagðist að bryggju í Sundahöfn. Skipið er óvenjulegt fyrir þær sakir að herbergi þess og íbúðir eru í einkaeigu og geta eigendur þeirra ráðstafað þeim að vild.

110 íbúðir eru í skipinu, ýmist eins, tveggja eða þriggja herbergja auk stúdíóíbúða. Íbúðirnar kosta frá tæpum 50 milljónum króna upp í rúmar 260 milljónir og eru nokkrar til sölu. Þar sem svo háttar til er hægt að leiga íbúðir í tiltekinn tíma og er leigan frá 63.000 krónum upp í 215.000 krónur nóttin. Minnst er hægt að leigja íbúðir í sex sólarhringa í senn.

Öll nútímaþægindi eru um borð í Heiminum, til dæmis átta veitingastaðir, þrjár verslanir, gallerí, leikhús, bókasafn, næturklúbbur, spilavíti, tennisvöllur, hlaupbraut, sundlaugar, líkamsræktarsalur og snyrtistofa.

Skipið er á sjó lungann úr árinu og hefur stutta viðvöl í höfnun hér og þar um heiminn.

- bps



HEIMURINN Öll nútímaþægindi eru um borð í skipinu, til dæmis leikhús, tennisvöllur og snyrtistofa.

ÓTRÚLEGG VERÐ!



**SPARIÐ
10.000,-**

„STEPHAN“ BORD OG STÓLAR

Vandað og sérlega glæsilegt borð og stólar í stíl með hvítri sessu. Fallegt borð og stólar á frábæru verði!
St. 160 x 76 x 90 sm.

BORD + 4 STÓLAR
VERÐ ÁÐUR: 29.900,-

19.900,-



VERÐ ÁÐUR: 7.990,-

5.990,-

„FUNCTION“ SKRIFBORD

Glæsilegt skrifborð með yfirhillu. Fánlegt í beyki og kirsberjalit. St. 120 x 60 x 88 sm.



**SPARIÐ
2.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 6.990,-

4.990,-

„PATREKUR“ SKRIFBORDSSTÓLL

Svartur skrifborðsstóll með lágu, stillanlegu baki og krómfæti. Netáklæði á baki sem gefur aukin þægindi. Komdu og prófaðu þennan!



**SPARIÐ
2.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 7.990,-

5.990,-

„GYRO“ SKRIFBORDSSTÓLL

Skrifborðsstóll með gaspumpu, örmum og krómfætur. Efni „microfiber“ áklæði. Fánlegir í brúnum og bláum lit.



VERÐ ÁÐUR FRÁ: 990,-

199,-

**80%
AFSLÁTTUR**



GÚMMISKÓR/ ÍPRÓTTASKÓR

Komið og gerið góð kaup á íþrótt og gúmmískóm. Margar st. fánlegar.



BASTKÖRFUR

Fallegar bastkörfur með fódri á frábæru verði. Margar stærðir og gerðir fánlegar.

Lítill karfa st. 32 x 32 x 16 sm. Verð aðeins..... **499,-**

Miðstærð st. 52 x 38 x 18 sm. Verð aðeins..... **1.290,-**

Stór karfa st. 58 x 44 x 20 sm. Verð aðeins..... **1.490,-**



www.rumfatalagerinn.is



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hver var endurkjörinn forseti Egyptalands?
- 2 Hvað heitir nýrekin forsætisráðherra Úkraínu?
- 3 Með hvaða liði í Englandi spilar Hannes Þ. Sigurðsson?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Deilan í Garðasókn:

Sóknarbörn kæra til biskups

TRÚMÁL Sóknarbörn í Garðasókn kærðu í síðustu viku til biskups brota á fundarsköpum á aðalsafnaðarfundi sem haldinn var 30. ágúst síðastliðinn. Krefjast þau þess að fundurinn verði dæmdur ólögmætur.

Þau segja að dr. Gunnar Kristjánsson hafi viðhaft illgirni og ósanngirni í málflutningi sínum og nokkrum fundargestum brugðið svo illa að þeir hurfu grátandi af fundi.

Sóknarbörnin segja fundarstjóra ekki hafa haft heimild til að víkja af dagskrá fundarins með því að setja Gunnar skyndilega á mælendaskrá.

- jse

Úthlutun úr tónlistarsjóði:

Fjörutíu og einn styrkur

MENNING Menntamálaráðuneytið kynnti í fyrradag hverjir hljóta úthlutun úr tónlistarsjóði í ár en alls voru veittar tæpar þrettán milljónir króna til 41 tónlistarmanna.

Hæsti styrkurinn að þessu sinni var veittur Félagi íslenskra tónlistarmanna til tónleikahalds á landsbyggðinni.

Porkell Sigurbjörnsson hlaut rúmlega milljón króna ferðastyrk til að flytja kammeróperuna Gretti í Toronto og Calgary í Kanada en hann fer þangað með kammersveit sinni í janúar á næsta ári.

Einnig hlaut Jóhann Jóhannsson eina milljón króna til að kynna tónlist sína í Evrópu og Bandaríkjunum.

- jse

LÖGREGLUFRÉTTIR

SLYS Í KÓPAVOGI Ekið var á gangandi vegfarenda á gangbraut í Kópavogi í fyrradag. Vegfarandinn var fluttur á slysadeild með fótbrot en slapp að öðru leyti vel.

Launahækkningar hjá fyrirtækjum í verslun og þjónustu:

Gert vel við útvalda starfsmenn

LAUNAMÁL „Fyrirtæki í verslun og þjónustu hafa að undanförnu hækkað laun þeirra starfsmanna sinna sem þykja eftirsóknarverðir til að tryggja að þeir hætti ekki,“ segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. Þetta var niðurstaða könnunar starfsmanna samtakanna á stöðu launa- og starfsmannamála hjá tíu stórum aðildarfyrirtækjum.

„Þetta er ekki almennt launaskrið,“ segir Sigurður. „Samkvæmt svörum fyrirtækjanna er verið að gera vel við útvalda starfsmenn.“

Flest fyrirtækin sögðu starfsmannaveltu mun meiri núna en á

sama árstíma undanfarin ár, þó ekki þannig að til vandræða horfði.

Hvað varðar fjölgun auglýsinga þar sem auglýst er eftir eldri fólki sögðu stjórnendur fyrirtækjanna sem haft var samband við það ekki vera nýja stefnu að leggja áherslu á ráðningu eldra starfsfólks. Ástæðan væri fremur sú, að þessir einstaklingar hefðu ef til vill ekki áttað sig á því að þeirra starfskrafta væri óskað til jafns við alla aðra góða starfsmenn.

- jss

SIGURÐUR JÓNSSON Ekki almennt launaskrið, heldur launahækkningar til einstakra starfsmanna.



Ungur Ísfirðingur:

Var heimilt að berja mann

DÓMSTÓLAR Ísfirðingi á þrítugsaldri var ekki gerð refsing í Héraðsdómi Vestfjarða í gær fyrir að hafa slegið mann nokkrum sinnum í andlitið aðfaranótt sunnudagsins 13. febrúar síðastliðins.

Sá sem var laminn hrufaðist á nefi og bólgaði í andliti. Sá sem kúldi lýsti því hjá lögreglu að hann hefði verið nauðbeygður til að slá hinn til að stöðva árás hans á þriðja mann. Dómurinn féllst á að ákærði hefði ekki gengið lengra en þurft hefði til að stöðva þá árás og var ungi maðurinn því sýknaður.

- óka

Kjöttmjöl unnið í Flóanum á ný

Sorpstöð Suðurlands hættir að taka við sláturúrgangi til urðunar á mánudaginn. Þá hefst aftur rekstur kjöttmjölsverksmiðju í Hraungerðishreppi, en herra móttökugjald á að tryggja reksturinn. Forstjóri Sláturfélags Suðurlands, Steinþór Skúlason, segir samkeppnisgrundvöll skekktan.

LANDBÚNAÐUR Á mánudaginn hefst á ný vinnsla í kjöttmjölsverksmiðju Kjöttmjöls í Hraungerðishreppi, en henni var lokað í apríl þar sem ekki þótti grundvöllur fyrir rekstrinum. Frá þeim tíma hefur sláturúrgangur á Suðurlandi verið urðaður.

Torfi Áskelsson, verksmiðjustjóri Kjöttmjölsverksmiðjunnar segir ákveðið hafa verið að Sorpstöð Suðurlands leigði reksturinn af KB banka. Sorpstöðin hættir að taka við sláturúrgangi til urðunar þegar verksmiðjan hefur starfsemi að nýju. „Og við hækkuð móttökugjaldið til að ná núllinu í rekstrinum,“ segir hann. KB banki keypti verksmiðjuna á nauðungaruppboði í fyrra og rak um sinn með tapi, á meðan beðið var eftir því að rekstur hennar yrði tryggður. Bankinn gafst upp á biðinni í vor og lokaði verksmiðjunni. Síðan þá hefur þurft að urða sláturúrgang á Suðurlandi, en verksmiðjan tekur við úrgangi frá Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir það þýða kostnaðarauka fyrir félagið þegar verksmiðjan fer í gang að nýju og hefur nokkrar áhyggjur af skekktri samkeppnisstöðu kjötvinnslu og sláturhúsa á landinu. „Þó svo að öll ráðstöfun og umhverfismál eigi að vera í lagi, þá þarf það að gilda alls staðar. Það má ekki skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja með því að við fáum á okkur kostnað upp á tugi milljóna sem samkeppnisaðilar annars staðar á landinu þurfa ekki að bera af því þar eru hlutir gerðir með einhverjum allt öðrum og ófullnægjandi hætti,“ segir hann og bætir við að ef móttökugjald verksmiðju-



HJÁ ALI KJÖTVÖRUM Í HAFNARFIRÐI Við sláturn og kjötvinnslu leggst til nokkur úrgangur sem farga þarf með einhverju móti. Af slíkum úrgangi getur stafað nokkur smit- og sjúkdómahættu og því hefur þótt hreinleg lausn að vinna hann í kjöttmjöl.

unnar fyrir sláturúrgang verði óheyrilegt, þá muni félagið reyna að leita annarra leiða með förgun.

„Það er ekki hægt að bjóða þessum atvinnurekstri á Suðurlandi upp á að hann eigi að búa

við allt önnur starfsskilyrði en aðrir,“ segir hann.

Kjötmjölsvinnslan verður með svipuðu sniði og verið hefur en afurðir verksmiðjunnar eru urðaðar því engir markaðir eru fyrir mjölið. Erlendir markaðir

urðu að engu eftir að kúariða komst í hámeili og svo starfar verksmiðjan líka á sauðfjárriðusvæði. Torfi Áskelsson segir þó unnið verða að því að finna nýja markaði fyrir mjölið.

oiklr@frettabladid.is

Fjórðungsping Vestfirðinga:

Málfrelsi takmarkað

VESTFIRDIR „Það er einfaldlega verið að reyna að koma í veg fyrir það að óþægilegar skoðanir fyrir stjórnarflokkana heyrist á fjórðungspinginu,“ segir Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, eftir fjórðungsping Vestfjarða sem haldið var um síðustu helgi.

Hann segir á vef sínum að Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, hafi viljað skerða málfrelsi þingmanna sem boðin

voru á þingið í kjölfar ræðu þar sem Sigurjón deildi hart á framgöngu stjórnvalda í málefnum fjórðungspingsins. Lagði hún fram tillögu að breytingum þingskapa sem kveður harðar á um málfrelsi, setu- og tillögu-rétt þingmanna á fjórðungspinginu. Tillagan var samþykkt.

„Ég lít einfaldlega svo á að fjórðungspingið sé ekki vettvangur fyrir þingmenn til að karpum um það hver sé bestur heldur á að þetta að vera vettvangur fyrir sveitarstjórnarmenn til að tala um málefni fjórðungspingsins, en undanfarin ár hefur mér fundist sem þingmenn líti á þetta sem einhverskonar vasaút-gáfu af Alþingi,“ segir Birna. - jse



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON Sigurjón segir það fáheyrt að kjörnir fulltrúar séu boðaðir til fjórðungspings en síðan reynt að þagga niður í þeim ef skoðanir þeirra séu öðrum óþægilegar.

Lánsbill eyðilagður:

Eigandinn fær ekki bætur

DÓMSTÓLAR Maður á fertugsaldri fær ekki bættu rúmlega 2,5 milljóna króna Audi-bifreið sem hann átti. Maðurinn lánaði hana öðrum um mitt sumar árið 2002.

Sá sem fékk bílinn lánaðan gjöreyðilagði hann með ofsakstri um veggþrengingu á Laugavegi fyrir ofan Hlemm og skemmdi fjölda annarra bíla í leiðinni, en hann missti vald á bílnum þegar hann ók á vegkannt.

Dómurinn segir bíleigandann hafa borið ábyrgð á akstrinum að því leyti sem á reyndi í málinu, því hann hafði lánað bílinn.

Eigandinn stefndi Sjóvá-Almennum til greiðslu bóttanna. Sjálfur þarf maðurinn hins vegar að borga tryggingarfélaginu 200.000 krónur í málskostnað.

- óka

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörumlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG
ÆTLA AÐ HRINGJA
Í EF FRÉTTABLAÐIÐ
KEMUR EKKI:

550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

MAN CITY VS MAN.UTD Í BEINNI Á LAUGARDAG!



**Á VELLINUM
MEÐ SNORRA MÁ**
ALLTAF Á LAUGARDÖGUM

AÐ LEIKSLOKUM
Á MÁNUÐÖGUM KL. 21.00

LÍÐIÐ MITT
Á FIMMTUDÖGUM KL. 20.00

HELGARUPPGJÖR
Á SUNNUÐÖGUM KL. 21.00



LEIKIR HELGARINNAR

LAUGARDAGUR 10. SEPTEMBER

14:00 **Man Utd - Man City (b)**
Chelsea - Sunderland (b-EB)
Tottenham - Liverpool (b-EB 3)
Newcastle - Fulham (b-EB 4)
Birmingham - Charlton (b-EB 5)
16:15 **Middlesbrough - Arsenal (b)**

SUNNUDAGUR 11. SEPTEMBER

15:00 **Bolton - Blackburn (b)**

MÁNUDAGUR 12. SEPTEMBER

19:00 **West Ham - Aston Villa (b)**

actavis
hagur í heilsu

ICELANDAIR

F
FRJÁLSI


TRYGGÐU PÉR ÁSKRIFT
Í SÍMA 800 7000, Á WWW.ENSKI.IS
EDA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS.

ENSKI
BOLTINN

SVONA ERUM VIÐ

ALLS HÖFÐU 173 SMITAST AF HIV-VEIRUNNI Á ÍSLANDI Í ÁRSLOK 2004

Heimild: LANDLÆKNIR



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: URÐUN EÐA BRENNSLA SLÁTURÚRGANGS?

Enginn markaður fyrir kjötmjölið

Urðun sláturúrgangs geta fylgt margvisleg vandamál og jafnvel sjúkdómar. Hún við-gengst þó hér á landi, en hefur víða erlendis verið bönnuð. Um þessar mundir er kjötmjölsverksmiðja að hefja starfsemi að nýju á Suðurlandi, eftir gjaldþrot, tekur hún við öllum sláturúrgangi sem til skamms tíma hefur verið urðaður. Á Suðurlandi einu falla árlega til um fjögur til fimm þúsund tonn af lífrænum úrgangi frá sláturhúsum og kjötvinnslum.

Hvernig verður kjötmjöl til?
Enginn markaður er til fyrir kjötmjöl og því verður það urðað, en það er ólíkt hreinlegra en að urða sláturúrganginn beint. Mjölið er búið til með því að sjóða og brenna svo úrganginn, en áður fyrr var mjölið notað bæði sem skepnufóður og sem gróðuráburður, enda ríkt af margvislegum snefilefnum.

Er teft á tvær hættur?

Kjöt- og beinamjöl fékk á sig nokkuð óorð þegar kúariðufárið stóð sem hæst í Bretlandi og notkun þess í fóður var bönnuð. Afbrigði af kúariðunni getur lagst á fólk með skelfilegum afleiðingum, því sjúkdómurinn ræðst á heilann, þannig að hann verður eins og svampur á eftir.

Hvað kemur það verksmiðjunni hér við?
Ein kenningin um uppruna kúariðu er sú að kýr hafi verið fóðraðar á kjötmjöli sem í hafi farið sláturúrgangur af riðusýktu sauðfé. Hér hefur sauðfjárríða ítrekað komið upp sums staðar á landinu, meðal annars á Suðurlandi, starfssvæði kjötmjölsverksmiðjunnar. Það þarf því ef til vill engan að undra þó svo að sala mjólsins sé takmörkuð.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

SPURT & SVARÐ

SLÁTURTÍÐ

Slátrun sauðfjár

Nú er slátrun að hefjast og bændur að heimta fé af fjalli.

Hversu margar kindur eru í landinu?

Fjöldi sauðfjár síðastliðið haust var 455.398. Þar af voru ærnar 365.083. Þetta er féð sem af-urðirnar koma af nú í haust.

Hvað á að slátra mörgu fé í ár?

Við reiknum með því að það verði slátrað rösklega 500 þúsund lömbum, sem er ívið minna en í fyrra því fjöldi sauðfjár þá var aðeins minni en 2003. Því verður framleiðslan aðeins minni í haust en í fyrra.

Hefur neysla á lambakjöti aukist að undanförmu?

Neyslan hefur verið að aukast. Í fyrra jókst hún um 13,2 prósent frá árinu á undan. Ef við tökum fyrstu sex mánuði þessa árs er neyslan svipuð og á sama tíma 2004 en var þá 5,3 prósentum meiri en næstu tólf mánuði á undan. Markaðurinn hefur verið að breytast mjög til hins betra fyrir kindakjötsframleiðendur.



ERNA BJARNA-DÓTTIR Hagfræðingur Bændasamtökanna.

Valdabarátta og togstreita

Ástæður deilumála lækna og yfirstjórnar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi eru margþættar. Valdabarátta og togstreita af ýmsum toga hafa birst á margvíslegan hátt, allt frá stöðulækkunum til deilna um stimpilkukku.

HEILBRIGÐISMÁL Deilur einstakra lækna og yfirstjórnar Landspítala - háskólasjúkrahúss eru á viðkvæmu stigi. Takist stjórnarmönnum ekki að ná samkomulagi við lækna sem í hlut eiga, er óttast að fleiri lækna rísi upp með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Ýmsir hafa orðið til að skella skuldinni á sameiningu stóru spítalanna, sem er þó ekki höfuðsók vandans. Hún hefur hins vegar valdið því að nú hafa sjúkrahúslæknar aðeins einn vinnuveitanda og þeir því í viðkvæmari stöðu en ella. Valdabarátta og ýmiss konar togstreita eru kraumandi undir niðri. Svo skarst verulega í odda með kröfu stjórnarnefndar LSH í desember 2001 um að yfirlæknar skyldu einungis vinna innan veggja spítalans væru þeir ráðnir þar í fullt starf. Þar með átti stofurekstur þessara tilteknu lækna að vera úr sögunni.

Á það hefur verið bent að yfirlæknarnir hafa gert ráðningasamning við vinnuveitanda sem setur þeim ákveðin skilyrði, þannig að þeir eiga valið. Í trausti kjarasamnings þeirra sem LSH

gerði við Læknafélag Íslands, er stjórn spítalans stætt á að setja fram þessa kröfu um störf yfirmanna. Hafi lækni ráðið sig í 100 prósent starf hjá spítalanum þá gefur það auga leið að hann getur ekki jafnframt unnið á stofu. Vinni hann einn dag í viku utan spítalans þá er starfshlutfall hans einungis í 80 prósent.

Mál rekið fyrir dómi

Einn þeirra sem ekki vildi hætta að reka stofu úti í bæ var Tómas Zoëga, fyrrum yfirlæknir á geðsviði LSH. Stjórnin greip þá til þess úrræðis að færa hann til í starfi, þannig að hann gegndi stöðu sérfræðings. Þessu vildi Tómas ekki una, og fór í mál við spítalann. Það er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og er prófmál. Læknafélag Íslands fjármagnar málareksturinn fyrir Tómas. Ástæðan er sú, að hann hafði haft þessa tilhögun í starfi í langan tíma áður en stjórnarnefndin setti fram helgunarkröfuna, auk þess sem hann var lækkadur í stöðu á spítalanum, en hann var ráðherraskipadur yfirlæknir.



SKURDLÆKNAR Skurdlæknar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi eiga í hörðum deilum við yfirstjórn spítalans. Verið er að reyna að ná sáttum en óvíst er hvernig málum hvers og eins lyktar.

Læknafélagið hefur bent á dæmi um yfirlækna á LSH sem ráðnir eru í hlutastarf og vinna einnig úti í bæ.

Margvíslegar deilur

Þetta er ekki eina ágreiningsefnið milli sérfræðinga og stjórnar LSH. Einn sérfræðingur í æðaskurdlækningum hefur sagt upp vegna óánægju með uppsetningu stimpilkukku, svo og að erfitt sé að vinna í andrúmslofti þar sem harðar deilur standa yfir. Yfirlæknir æðaskurðeildar rak stofu úti í bæ áður en stjórnarnefndin

setti fram helgunarkröfuna. Hann hefur ekki viljað una henni fremur en Tómas Zoëga. Spítalastjórnin vildi að hann segði upp stöðu yfirlæknis, sem hann hefur ekki gert. Hann á yfir höfði sér áminningu stjórnar fyrir vanrækslu í opinberu starfi, þar sem hann hlýddi ekki yfirboðurum sínum. Hann er með sín mál í höndum lögfræðings. Hinn þriðji, sem er almennur skurdlæknir, rekur stofu úti í bæ. Hann og yfirmenn hans eiga í deilum meðal annars vegna helgunarkröfunnar.

js@frettabladid.is

Notaðu peningana þína ...

... til þess að:

- Greiða hratt niður skuldir
- Hafa gaman af því að eyða þeim
- Spara og byggja upp sjóði og eignir
- Læra á verðbréfamarkaðinn

Þú getur þetta allt með peningunum sem þú átt nú þegar því að þú átt nóg af þeim – þú þarft bara að finna þá.

ÚR MÍNUS Í PLÚS - næstu námskeið:

Reykjavík:	13. sept.	Egilsstaðir:	8. okt.
	11. okt.	Ísafjörður:	22. okt.
	15. nóv.	Akureyri:	5. nóv.
		Vestm.eyjar:	12. nóv.
		Selfoss:	19. nóv.

Skráning á www.spara.is eða í síma 587 2580



Ingólfur H. Ingólfsson hefur um árabíl haldið vinsæl námskeið um fjármál heimilanna og hjálpað fjölda fólks að ná tökum á fjármálum sínum.

Penninn/Eymundsson veitir 15% afslátt af bókinni á meðan á námskeiðunum stendur

spara.is

Almenn bókafélagið edda.is

Fyrrum yfirlæknir á Landspítala - háskólasjúkrahúsi:

Læknum líður illa

HEILBRIGÐISMÁL „Ég hitti daglega lækna á Landspítalanum sem líður mjög illa andlega. Þeim finnst þeir ekki fá tækifæri til að sinna sjúklingnum eins og þeir ættu að gera og þora ekki að segja neitt. Ef menn gera það þá eru þeir teknir í gegn.“

Þetta segir Ólafur Þór Ævarsson sérfræðingur sem hætti störfum á Landspítala - háskólasjúkrahúsi fyrir þremur árum vegna ágreiningsmála.

Hann var starfandi yfirlæknir, svo og kennslustjóri á geðdeild LSH, fyrrverandi formaður Læknafélags Reykjavíkur, sat um tíma í stjórn læknaáráðs LSH, auk þess sem hann var formaður vísindasiðanefndar spítalans. Hann telur að deilur lækna og stjórnarmanna spítalans nú, sé ekki eingöngu hægt að rekja til sameiningar spítalanna. Hann segir að helgunarkrafa stjórnarinnar á yfirlækna sé mjög skiljanleg. Hins vegar sé ósanngjarnt að þeir megi gegna launuðum störfum utan spítalans við allt annað en að vera á stofu. Það hafi skapað spennu meðal þeirra.

„Andinn meðal lækna á LSH í dag er þannig að þeim finnst



ÓLAFUR ÞÓR ÆVARSSON Læknarnir eru undir álagi sem þeir hafa ekki lengur stjórn á.

yfirstjórnin ganga of hart fram líkt og hún vantroysti mönnum. Ef þeir gera ekki eins og þeim er sagt þá geta þeir ekki verið á staðnum. Þeir eru undir álagi sem þeir hafa enga stjórn á lengur.“

-js



Allar
pottaplöntur
50%
afsláttur

4stk.
erikur
999

Orkideur **999**

Útsala



Haustraukamarkaður
75 túlipanar **990**

blómaval
heillandi heimur

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Halldór Ásgrímsson hefur sagt að þekking og reynsla Davíðs Oddssonar sé yfir alla gagnrýni hafin.

Þessar tilviljanir

Ólafur G. Einarsson, formaður bankaráðs Seðlabankans, uppástendur að það sé einstök tilviljun að bankaráðið hafi afráðið að hækka laun bankastjóranna þegar Davíð Oddsson ákvað að verða aðalbankastjóri bankans. Sama gerir Birgir Ísleifur Gunnarsson, formaður bankastjórnar sama banka, þegar hann segir ekkert samhengi í því að hann láti af störfum áður en stóð til, á sama tíma og Davíð Oddsson vill starfið sem Birgir Ísleifur gegnir. Þetta eru miklar tilviljanir.

Hann sem nýverið lokaði viðskiptareikningum sínum í bankanum í mótmælaskyni, þegar hann gat ekki sætt sig við há laun bankastjóranna. Þetta er skrítið líf

Eflaust er það líka tilviljun að Davíð Oddsson kom í veg fyrir að eftirlaunakjör forréttindahópsins fræga yrðu endurskoðuð síðastliðið vor. Allar þessar tilviljanir hafa mikil áhrif á einkahagi Davíðs Oddssonar. Starfslokasamningurinn við hann mun kosta samfélagið verulegar fjárhæðir. Það sjá allir, eins og Davíð orðar hluti svo oft. En það er ekki á allra færi að meta hverjar afleiðingar geta orðið, eða hafa jafnvel orðið, af því að uppgjafstjórnarmálamenn setjst í stól seðlabankastjóra. Aftur og ítrekað. Þeir eru fáir fræðimennirnir sem mæla með þessu, en þeir eru margir sem óttast afleiðingar þess að Seðlabankinn sé notaður sem endastöð í starfsævi stjórnmalamanna. Svo langt ganga sumir, sem mark er tekið á, að segja stjórnmalamennina ekki bara vanhæfa til starfsins, þeir séu óhæfir.

Allir vissu, svo notaðar séu frægar fullyrðingar, að eftirlaunalögin voru keyrð í gegnum Alþingi með slíkum ofsa að óbreyttir þingmenn og óbreyttir ráðherrar þorðu ekki annað en að samþykkja þau. Það vissu líka allir að lögin þörfu betur að réttindum sumra. Til að mynda að tekjur af menningarstörfum, svo sem skrifum, kæmu ekki til frádráttar, skertu ekki himinhá eftirlaunin.

Vissulega er lífið svo ótrúlega fjölbreytt og ófyrirséð að á flestu er von. Það er kannski þess vegna sem okkur er ætlað að trúá að stórbætt kjör bankastjóra Seðlabankans hafi ekkert með það að gera að Davíð Oddsson er að taka við fyrsta sæti í bankastjórninni, og það er kannski þess vegna sem okkur er ætlað að trúá að það sé hrein og klár tilviljun að Birgir Ísleifur Gunnarsson afréð að biðjast lausnar á sama tíma og Davíð þurfti á starfinu að halda.

Merkilegt er að heyra formann bankaráðsins rökstyðja vilja ráðsins, um hækkanði laun til handa Davíð, að þau séu svar við háum launum í öðrum peningastofnunum, að Seðlabankinn þurfi að keppa við viðskiptabankana um starfsfólk. Nýverið losnaði staða bankastjóra í KB banka. Ætli Ólafur G. Einarsson, Hannes Hólmsteinn Gissurarson og þeir aðrir í bankaráðinu, sem samþykktu ósköpin, hafi óttast það mikið að ef launin hækkuðu ekki væri yfirvofandi hætta á að Davíð færi til starfa í þeim banka? Hann sem nýverið lokaði viðskiptareikningum sínum í bankanum í mótmælaskyni, þegar hann gat ekki sætt sig við há laun bankastjóranna. Þetta er skrítið líf. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki fjörugur

Viðskiptablaðið hefur stundum verið talið nokkurs konar óopinbert málagn þess valdahóps í Sjálfstæðisflokknum sem nú mun smám saman hverfa úr pólitíkinni á eftir foringja sínum, Davíð Oddssyni. Enn má þó lesa á milli línanna í blaðinu eitt og annað forvitnilegt um innri mál flokksins. Þannig segir dálkahöfundur blaðsins, Týr að væntanlegur landsfundur sjálfstæðismanna í október verði „ekki fjörugur eða eftirminnilegur að nokkru leyti, fyrir utan að þá lætur Davíð Oddsson formlega af embætti formanns“. Týr segir að fréttar- og blaðamenn, sem eigi von á öðru, „verði fyrir vonbrigðum“. Svona yfirlýsing frá gamla valdahópnum hefði í tíð Davíðs falið í sér endanlega ákvörðun, en nú er spurning

hvort dagur málfrelsins – og hugrekksins – séu runnir upp í flokknum.

Þorgerður varaformaður

Týr og vinir hans eru búnir að ákveða hver verður næsti varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Það er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. „Fátt mun geta komið í veg fyrir kjör hennar“. Og mótframbjóðendur karlkyns, svo sem Kristján Júlíusson – og Árni Mathiesen, ef hann skyldi vera að hugsa sig um – fá svohljóðandi skilaboð: „Týr er nokkuð sannfærður um að það yrði nokkurs konar pólitískt harakíri fyrir karlmann að fara gegn henni í varaformannskjöri. Hér



skiptir andrúmið öllu. Landsfundarfulltrúar munu keppast við tvennt; að sýna mikla samstöðu með nýjum formanni og leiða konu til áhrifa í flokknum.“

Illa fyllt skarð

Væntanlegur formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde, fær þessa kveðju frá blaðinu: „Hans biður það erfiða hlutverk að fylla skarð sem illa verður fyllt.“ Og svo koma stóru lýsingarorðin um hinn fráfarandi á nær öllum síðum blaðsins: „Merkasti stjórnmalamaður fyrr og síðar. Einstakur ferill. Kænska og rökfimi. Styrkur. Fáir ef nokkrir eiga glæstari feril og fáir hafa haft jafnmikil áhrif á samtíðina og framtíð þjóðar. Harka, húmor og traust. Vinsældir. Glæsilegur árangur. Sögulegasti dagurinn“. Amen.

gm@frettabladid.is

Af pólitískum tómarúmum

Nú þegar lokið er mæðarlegri skjallumræðunni um stórfengleik Davíðs Oddssonar – sem vissulega var eðlileg og sjálfsgöð í tilefni af starfslokum hans í pólitík – hljóta sjónir manna að beinast að þróun íslenskra stjórnmalá eftir Davíð. Hin pólitíska staða er í einum svip orðin gjörbreytt og miklar breytingar fram undan. Slíkum breytingum fylgir ávallt nokkur óstöðugleiki og óvissa og víst er að svo mun einnig verða nú. Óvissan mun hafa veruleg áhrif á allt lítróf hins pólitíska veruleika, enda eru spurningarnar og álitamálin fjölbreytileg sem vakna við tíðindi vikunnar.

Fyrsta spurningin lýtur kannski að því hversu pólitískt óvirkt Davíð muni í raun verða í stjórnmalum? Mikið af því valdi sem hann hefur haft undanfarna áratugi hefur tengst persónu hans, og í stöðu formanns bankastjórnar Seðlabankans er hann vissulega í aðstöðu til að kippa áfram í spotta og láta til sín taka á bak við tjöldin. Almælt var til dæmis að Finnur Ingólfsson hafi haft veruleg pólitísk afskipti af framgagni mála í Framsóknarflokknum þótt hann hafi verið orðinn seðlabankastjóri. Önnur spurning snýr að þeirri stöðu sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra er kominn í þegar hans helsti bandamaður í pólitík síðustu tíu árin er farinn af vettvangi. Í hönd fara tímar flokkspólitískra átaka í tengslum við sveitarstjórnarkosningar og síðan alþingiskosningar í framhaldinu. Sé kominn þreyta í stjórnarsamstarfið, eins og margir hafa talið sig merkja, mun það verða mun erfiðara verkefni fyrir forsætisráðherra að halda niðri átökum og árekstrum án aðstoðar hins sterka og drottnandi félaga í samstarfsflokknum. Í þriðja lagi munu stjórnarandstöðuflokkarnir telja sig eiga sóknarfæri í gagnrýninni eftir að stjórnarliðið hefur ekki lengur á að skipta Davíð Oddssyni.

Það hefur þannig myndast umtalsvert tómarúm í stjórnmalum-

Í DAG
ÍSLENSK STJÓRNMAL
EFTIR DAVÍÐ

BIRGIR
GUDMUNDSSON



Þannig er ljóst að fram undan er í Sjálfstæðisflokknum tímabil átaka milli manna og fylkinga og umræða mun spretta fram sem legið hefur í láginni um margra missera skeið.

um, sem getur haft veruleg áhrif á framvinduna í baráttu stjórnmalaflokkanna. En þótt tómarúmsins verði vart í almennri stjórnmalabaráttu og stjórnmalástandi er ljóst að það mun mest áhrif hafa á framvinduna innanhúss hjá Sjálfstæðisflokknum sjálfum. Ein arfleifð Davíðs Oddssonar er að hann vakti til vega á ný stjórnunarstíl foringjastjórnmalanna. Hann var hinn sterki foringi, sem ávallt átti síðasta orðið og raunar talsvert oft það fyrsta líka. Allt stjórnmalastarf flokksins stóð því í skugga formannsins og sjálfsmynd flokksins var meira og minna skilgreind út frá honum. Það hafði vissulega sína kosti og varð flokknum oft til framdráttar. Á öðrum sviðum er þetta hins vegar fötlun. Á meðan foringjans nýtur við verða gallarnir ekki mjög áberandi, en þegar hann fer koma þeir í ljós.

Þannig er ljóst að fram undan er í Sjálfstæðisflokknum tímabil átaka milli manna og fylkinga og umræða mun spretta fram sem legið hefur í láginni um margra missera skeið. Það eru vissulega pólitísk tíðindi að Davíð skuli sjálfur hafa útnefnt Geir Haarde sem eftirmann sinn á formannsstöli. Þótt Geir sé farsæll og hæfur

stjórnmalamaður getur verið erfitt fyrir hann að ná utan um alla þá þræði sem Davíð hefur ofið saman á löngum ferli. Hann mun einfaldlega þurfa talsverðan tíma til að festa sig í sessi. Hin hliðin á því að Geir er krýndur eftirmaður Davíðs er að Björn Bjarnason er úr leik að þessu leyti, en oft er talað um Björns-arminn og Geirs-arminn í flokknum. Þó Björn játi sig sigraðan í forustuátökum er ekki víst að stuðningsmenn hans sætti sig við þessa niðurstöðu. Framundan eru harðvítung átök um varaformannskuna í flokknum þar sem ráðherrar Arní Mathiesen og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, og fulltrúi alveg nýrrar kynslóðar, Bjarni Benediktsson munu verða meðal keppenda. Ugglaust verður þar teflt saman sjónarmiðum reynslunnar, kvennapólitík og þarfarnar á kynslóðaskiptum. Þegar síðan lengra líður munu fleiri mál gjósa upp sem haldið hefur verið niðri undir þrýstingi hins sterka formanns. Evrópumálin eru þar á meðal og samskipti flokksins við hina ofurríku auðmenn sem vaxið hafa upp í nýjum efnahagsveruleika.

Það er því ljóst að á fjölmörgum sviðum mun glöð pólitískra átaka ná að magnast og verða að eldum – við það eitt að vindurinn fer úr foringjastjórnmalum sjálfstæðismanna. Það er því ekki að undra þótt margir sjálfstæðismenn hafi áhyggjur af því sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Spörin hræða – því þegar allt kemur til alls er þetta jú ekki í fyrsta sinn sem Davíð Oddsson yfirgefur snögglega þann pólitíska vettvang sem hann starfar á. Það gerði hann árið 1991 þegar hann hvarf úr borgarstjórnarpólitíkinni. Þar hefur flokknum enn ekki tekist svo vel sé að vinna úr því tómarúmi sem myndaðist, þrátt fyrir að Davíð hafi þá – eins og nú – útnefnt eftirmann og þrátt fyrir að flokkurinn hafi í raun haft á að skipa glæsilegum og frambærilegum frambjóðendum sem tóku við keflinu.

Rússarnir
í Þjóðleikhúsinu!

Kirsuberjagarðurinn eftir Anton Tsjevov
8. og 9. september á Stóra sviðinu

Að eilífu eftir Árna Ibsen
10. og 11. september á Stóra sviðinu
Texti á skjá



LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafatilið 24, 105 Reykjavík. AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIPING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



ÞÚ OG THINKPAD • DÝPRI HUGSUN

ThinkPad R50e - UR059DE

Örgjafi: Pentium M 745 1.80GHz
 Minni: 512MB
 Skjár: 15" 1024x768 upplausn
 Skjákerfi: 64MB Intel Ext2 II
 Diskur: 60GB 5400m
 Drif: DVD+/-RW Multiburner
 Þráðlaust net: b / g
 Stýrikerfi: Windows XP Pro



SKÓLATILBOD 134.900 kr.

ThinkPad R52 - UN442DE

Örgjafi: Pentium M 740 1.70GHz
 Minni: 512MB
 Skjár: 15" 1400x1050 upplausn
 Skjákerfi: 64MB ATI Radeon x300
 Diskur: 40GB 5400m
 Drif: DVD+/-RW Multiburner
 Þráðlaust net: a / b / g
 Firewire og Bluetooth
 Stýrikerfi: Windows XP Pro



SKÓLATILBOD 154.900 kr.

3 FYRIR 1

Góð tölva verður ein betri með góðum hugbúnaði. Microsoft Office 2003 inniheldur verkfærin sem enginn vill vera án, sbr. Outlook, Word, Excel og PowerPoint.
 Þú færð þrjú leyfi fyrir aðeins eitt.

VERD ADEINS 14.900 kr.



LYKILORDIÐ SEM ÞÚ GETUR EKKI GLEMYT



Fingrafaralesarinn á völdum ThinkPad T43 og X41 gerðum er greiptur á þægilegan hátt í tölvuna en þannig fæst öryggisstjórnun sem byggist á lífkennum. Kemur í stað lykilorða með ósigrandi þægindum.

FALLÞÚÐAVÖRN VERNDAR GÖGNIN ÞÍN



Eins og loftþúðaskynjari, greinir varnarkerfi ThinkPad snöggar breytingar á hreyfingu og læsir lestrarhaus harða disksins í stutta stund til að vernda mikilvæg gögn fyrir óhöppum. Í öllum gerðum nema R50e.

MEST VERÐLAUNAÐA FARTÖLVAN



ThinkPad fartölvur hafa unnið til yfir 1200 verðlauna og er þ.a.l. mest verðlaunaða fartölva sögunnar. Kíktu á www.thinkpad.is þar sem þú getur skoðað 20 ástæður fyrir því að velja ThinkPad.

VERÐ FRÁ ADEINS 89.900 KR.

Vertu velkomin(n) í verslun Nýherja, Borgartúni 37.
 Sími: 569 7700 - Netfang: thinkpad@nyherji.is

Söluáðilar um land allt.

ThinkPad T43 - UCS14DE

Örgjafi: Pentium M 730 1.60GHz
 Minni: 512MB
 Skjár: 14" 1024x768 upplausn
 Skjákerfi: 128MB Intel 900
 Diskur: 40GB 5400m
 Drif: DVD+/-RW Multiburner
 Þráðlaust net: b / g
 Þyngd: Aðeins 2.3 kg



Bluetooth

Stýrikerfi: Windows XP Pro

SKÓLATILBOD 159.900 kr.

ThinkPad T43 - UC34NDE

Örgjafi: Pentium M 730 1.80GHz
 Minni: 512MB
 Skjár: 14" 1400x1050 upplausn
 Skjákerfi: 64MB ATI Radeon x300
 Diskur: 60GB 5400m
 Drif: DVD+/-RW Multiburner
 Þráðlaust net: a / b / g
 Fingrafaralesari
 Þyngd: Aðeins 2.3 kg



Bluetooth

Stýrikerfi: Windows XP Pro

SKÓLATILBOD 199.900 kr.

Vnr.52612242

Kastari

BONOLUX kastari
2xGU10, 50W, brass.

2.008

~~2.678~~

skemmtileg
**LJÓSA
VEISLA**

SANNKÖLLUÐ



Vnr.51071474

Loftljós

HONS Landhaus
4xE14-40W. Fæst í
BYKO Breidd.

10.670

~~14.225~~



Vnr.52100208

Loftljós

Loftljós með
LOONEY TUNES myndir,
E27, 60W F20.
Fæst í BYKO Breidd, Selfossi
Glerártorgi á Akureyri.

1.724

~~2.298~~



Vnr.52612342

Kastari

BONALUX kastari, 3xGU10 50W, brass.

3.215

~~4.287~~



Vnr.51120354

Ljós

Halogen ljós, 50W, 230V, króm.

818

~~1.090~~



Vnr.54623560

Útiljós

LARGO útiljós E27 75W grátt, IP65 20.
Fæst í BYKO Breidd, Selfossi og Glerártorgi á Akureyri.

3.338

~~4.450~~



AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM LJÓSUM*

ENN MEIRI LÆKKUN
AF VÖLDUM LJÓSUM

*Gildir ekkí með öðrum tilboðum

LJÓSAVEISLA!



Vnr.52228511

Flúrljós 10.170 ~~16.950~~

MEDWED flúrljós, 2x36W. Fæst í BYKO Breidd, Selfossi og Glerártorgi á Akureyri.



~~4.797~~

Vnr.54511591
Loftljós 3.590

OCTAV loftljós PL, 11W IP44, hvítt.



~~4.070~~

Vnr.52100238
Loftljós 3.053

Loftljós grænt 39x40 E27 60W. Fæst í BYKO Breidd og Selfossi.



~~1.290~~

Vnr.51865048-9
Loftljós 890

BEIMME loftljós, gyllt eða króm.

Útiljós/Inniljós

Garðljós/Baðljós

Lampar/Halogenljós

Innréttingar o.fl.



BYGGIR MEÐ ÞÉR

Helgarblað



Nýi foringinn

FIMM BARNNA FAÐIR OG AFI



Hefur þú séð þú DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

Lífið byrjar klukkan fimm

DAVÍÐ ODDSSON
FRÁFARANDI FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Íslensk stjórnmal verða ekki eins litrík eftir að skemmtilegasti stjórnmalamaður landsins, Davíð Oddsson, ákvað að draga sig í hlé í vikunni. En það kom mörgum á óvart að hann skyldi ákveða að fara í Seðlabankann. Einhvern veginn áttu menn von á því að meiri reisn og frumleiki myndi einkenna útgöngu Davíðs úr stjórnmalunum. En Davíð og gamli valdakjarninn í Sjálfstæðisflokknum eru sennilega búnir að nota alla ásana sína og þó ofmælt sé að tómar hundar séu eftir eru spilin í hendinni ekki líkleg til að koma af stað miklu umróti í þjóðfélaginu.

Ástæðulaust er að rifja upp feril Davíðs Oddssonar. Það er búið að gera mörgum sinnum í öllum fjölmiðlum landsins. Það er ekki heldur ástæða til að mæra hann frekar. Hæfileikar hans og yfirburðir í stjórnmalum eru of augljósir til að þörf sé á því. Og ómaklegt væri á þessari stundu að velta sér upp úr þessum öfáum göllum mannsins sem fundist hafa. Í staðinn mætti á þriðja degi eftir tíðindin – þriðja í Davíð – velta því fyrir sér hvernig Seðlabankastjóri hann verði.

Það er ekki nýtt að aldrður eða miðaldra stjórnmalamaður fái stól í Seðlabankanum. Eins og rakið er annars staðar í Fréttablaðinu í dag eru jafnvel dæmi um að menn sem enga skólögöngu eigi að baki séu af pólitískum ástæðum gerðir bankastjórar. Á síðari árum hafa menn þó vandað sig betur. Síðasta pólitíska sendingin, Birgir Ísleifur Gunnarsson, þykir hafa staðið sig vel og sett sig inn í efnahagsmálin, þannig að engin vandræði hafa skapast þótt ekki sé hann hagfræðimenntaður. Og enginn efast svo sem um að ráðherra efnahagsmála í næstum

hálfan annan áratug, eins og Davíð Oddsson hefur verið, valdi því ekki að stjórna Seðlabankanum með góða og vel menntaða ráðgjafa sér við hlið. En segja má að málið snúist ekki um það. Auðvitað er það ákveðin gengisfelling á bankanum

nokkur áhrif á efnahags- og fjármálalífið. Svo getur hann ákveðið hve mikið fé viðskiptabankarnir þurfa að binda hverju sinni. Það hefur sín áhrif. En blöskri ríkisstjórn ákvörðun sem Seðlabankastjóri tekur á hún auðvitað þann kost að grípa inn í með bankaráði sínu eða lagasetningu. Seðlabankinn er ekki sambærilegur við Hæstarétt, sem er endastöð. Völdum Davíðs í Seðlabankanum verða mikil takmörk sett.

Sagt er að hagfræðingum í Seðlabankanum hafi brugðið við tíðindin. Góðu fréttirnar eru þó þær að launin í bankanum eru að hækka. Fyrir hreina tilviljun var ákvörðun tekin um það fyrir tveimur vikum.

Davíð talaði um það á miðvikudaginn að hann væri frekar latur (sem er auðvitað öfugmæli) og fór svo að segja frá nýja starfinu sínu, sem hann taldi að myndi bjóða upp á ýmslegt fönður meðfram, svo sem skriftir. Ýmsum fannst þetta frekar óheppilegt eftir allt ósanngjarna slúðri um blýantanagarana í bankanum. En hann meinti þetta ekki illa og sennilega er bara nokkuð til í því að þótt Seðlabankastjóraembættinu geti fylgt annríki er það ekki sambærilegt við ráðherra starf sem er vakt allan sólarhringinn. Þetta er

starf „á milli níu og fimm“ eins og Davíð orðaði það. Eftir klukkan fimm hvern virkan dag er hann kominn í frí og þá – og allar helgar – getur hann sinnt því sem skemmtilegt er í lífinu.

Það er sjónarsviptir að Davíð úr stjórnmalunum, en svona er lífið. Allt hefur sinn tíma. Gangi honum sem best í nýja starfinu!



TEKING: HELGI SIGURSSON - HUGVERKAIS

og yfirlýstu sjálfstæði hans og faglegu hlutverki að hann sé nokkurs konar elliheimili fyrrverandi stjórnmalamanna. Þetta myndi ekki líðast í nokkru öðru vestrænu landi.

Hvað getur Seðlabankastjóri gert? – „af sér“ – bæta sumir við. Hann getur hækkað eða lækkað stýrivexti og það getur haft all-

Samtök um athyglisbrest og ofvirkni

INGIBJÖRG KARLSDÓTTIR
SKRIFAR UM ADHD SAMTÖKIN

Um 70% þeirra sem greinast með ADHD eða athyglisbrest og ofvirkni sem börn eru áfram með þessa röskun sem fullorðnir skv. rannsóknnum. ADHD samtökin hétu áður Foreldrafélag misprosa barna en nafninu var breytt þegar ákveðið var á aðalfundi að samtökin skyldu jafnframt vera hagsmunasamtök fullorðinna með ADHD og starfa að verkefnum í þeirra þágu. ADHD er alþjóðleg skammstöfun sem stendur fyrir Attention Deficit Hyperactivity Disorder eða athyglisbrest og ofvirkni.

Skrifstofa ADHD samtakanna flutti árið 2004 að Háaleitisbraut 13 í nýtt og spennandi umhverfi þar sem Ráðgjafarmiðstöðin Sjónarhóll er til húsa og félögin sem standa að Sjónarhóli. En þau félög eru, auk ADHD samtakanna, Landssamtökin Proska-hjálp, Umhyggja – til stuðnings langveikum börnum og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Eins og þjóðin veit hefði Ráðgjafarmiðstöðin Sjónarhóll aldrei orðið að veruleika ef ekki hefði komið

til samstarf áður nefndra hagsmunafélaga barna með sérþarfir og stuðningur þjóðarinnar, fyrirtækja og ríkisins. Helstu starfsþættir og verkefni ADHD samtakanna eru:

- Upplýsinga- og fræðsluþjónusta sem er opin alla virka daga 10 mánuði ársins milli kl. 13 og 15. Upplýsingar og ráðgjöf er veittar í gegnum síma 581 1110 á sama tíma.
- Fræðslufundur, 3-4 ári
- Útgáfa fréttabréfs, þrisvar á ári
- Ýmis útgáfa, m.a. smárit um ADHD og barnabók um ofvirknan dreng þetta árið
- Ráðgjafarmiðstöðin Sjónarhóll fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir
- Starfsemi í þágu fullorðinna með ADHD
- Námskeið og stuðningshópar
- Norrænt samstarf
- Vefsíða samtakanna www.adhd.is


Sjá nánar um starfsemi samtakanna á vefsíðunni. Hægt er að skrá sig í samtökin í gegnum vefsíðuna, árgjald er aðeins kr. 2.300. Skráðir félagsmenn fá send fréttabréf og upplýsingar í

netpósti um tilboð og starfsemi samtakanna.

Í apríl 2005 var Ágústa Gunnarsdóttir sálfræðingur ráðin til samtakanna til að sinna greiningu fullorðinna sem vilja fá úr því skorið hvort þeir greinist með athyglisbrest og ofvirkni. Ástæðan fyrir þessari ráðningu var að hjá þeim fáu sérfræðingum sem sinnt hafa fullorðnum með ADHD héraðs var allt orðið fullt og ýmist löng bið eða ekki hægt að komast að í greiningu. ADHD samtökin leggja mikinn metnað í að sú greiningarvinna sem um ræðir verði faglega unnin og áreiðanleg í alla staði. Vitað er að greining fullorðinna sem hugsanlega eru með ADHD er mjög vandasöm vegna algengra fylgikvilla s.s. kvíða, þunglyndis, persónuleikatruflana og vímuefnaneyslu. Leitað var ráðgjafar hjá ýmsum aðilum um hvernig staðið skyldi að þessari vinnu og samráð var haft við helstu geðlækna sem við vísam fullorðnum á. Hægt er að vísa fullorðnum 18 ára og eldri á ADHD samtökin til að panta tíma í greiningu.

Höfundur er formaður ADHD samtakanna.


HVAÐA TÝPA ERT ÞÚ?



ÖFLUGAR TOSHIBA FARTÖLVUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Toshiba Satellite M40X-105

Örgjörvi: Intel Celeron M 1.5GHz 1MB
Minni: 256MB DDR (mest 1.25GB)
Diskur: 40GB
Skjár: 15.4" WXGA (1280x800)
Skjástyring: Intel GMA 900
Geisladrif: CRRW/DVD Combo
SD minniskortalesari
54Mbps þráðlaust netspjald (PCMCIA)
10/100 netspjald og V.90 mótald
VGA & sjónvarpstengi
3x USB 2.0, FireWire
Þyngd 2.95kg
Hugbúnaður: MS Windows Home,
Internet Security, MS OneNote 2003



Verð:
2.538 kr. á mán.*

*M.v. 36 mánaða 100%
tölvukaupalán frá TM

Stgr.verð: **69.900 kr.**

Toshiba Satellite M40-183

Intel® Centrino™ tækni
Örgjörvi: Intel Pentium M 1.6GHz 2MB
Minni: 512MB DDR (Mest 2GB)
Diskur: 60GB
Skjár: 15.4" WXGA (1280x800)
Skjástyring: ATI X300 64MB
Geisladrif: DVD geislaskrifari
Media Bay kortalesari
Þráðlaus netstyring 54Mbps
10/100 netspjald og V.90 mótald
VGA & sjónvarpstengi
3x USB 2.0, FireWire
Þyngd 2.78 kg
Hugbúnaður: MS Windows Pro,
Internet Security, MS OneNote 2003



Verð:
4.959 kr. á mán.*

*M.v. 36 mánaða 100%
tölvukaupalán frá TM

Stgr.verð: **144.700 kr.**



3 fyrir 1

Microsoft hugbúnaður fyrir
þrjár heimilistölvur á aðeins
13.900 kr.

Tæknival er EINI viðurkenndi þjónusuaðili Toshiba á Íslandi.

Kaupauki með M40-183:

Fartölvubakpoki, mús og
MS OneNote fylgir öllum
Toshiba tölvum.



Hvaða **TOSHIBA** týpa ert þú?

>> Kíktu á www.taeknival.is og taktu þátt í
TOSHIBA-týpuleiknum og þú gætir unnið fartölvu.

TM tölvukaupalán 100% lán
til allt að 36 mánaða á
9,5% vöxtum. Einnig býðst
fartölvutrygging fyrir lántakendur.
Greitt er fyrir eitt ár en annað ár
er frítt.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.748 +0,33% Fjöldi viðskipta: 320
Velta: 2.914 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Hampiðjan +4,48%
Síminn +2,02%
Nýherji +1,89%

MESTA LÆKKUN

↓ Kögun -0,88%
Atorka Group -0,86%
Og fjarskipti -0,41%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,60 +1,20% ...
Bakkavör 44,00 +0,00%... Burðarás 19,00 +1,60% ... FL Group
15,00 +0,30% ... Flaga 4,06 +0,00% ... HB Grandi 9,15 +1,10%
... Íslandsbanki 15,40 +0,00% ... Jarðboranir 20,10 +0,00% ... KB
banki 613,00 +0,30% ... Kögun 56,00 -0,90% ... Landsbankinn
23,00 +0,00% ... Marel 63,90 +0,30% ... SÍF 4,76 +0,80%
...Straumur 14,20 -0,40% ... Össur 88,50 +1,10%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Tillitslausir áhættufjárfestar

Veckans Áffärer sem er vikurit um viðskipti skrifar grein um íslenska fjárfesta og fjárfestingar þeirra erlendis. Niðurstaða blaðsins er að þar fari tillitslausir áhættufjárfestar sem láti ekkert stoppa sig. Blaðið segir þá alla eiga sameiginlegt að hafa kynnt afskiptum lög-reglu. Er þar vísað til Bausgrannsóknar, Hafskipsmálsins og rannsóknar um meint innherjasvik í tengslum við kaup Kaupþings á JP Nordiska. Það mál veiktist í sænska kerfinu í á annað ár og var síðan látið niður falla. Ásakarnir voru um að fjárfestar hefðu keypt í JP Nordiska með innherjavitneskju um að Kaupþing myndi gera yfirtökulboð. Þegar kaupin áttu sér stað hafði Fréttablaðið meðal annarra fjölmiðla skrifað nokkrar fréttir um að yfirgnæfandi líkur væru á að Kaupþing hygðist taka JP Nordiska yfir. Upplýsingarnar voru því kunnar að minnsta kosti þeim sem lesa íslenska fjölmiðla.

Magasinkomplexinn

Greinin er fremur neikvæð og fordómfull í garð Íslendinganna. Hryggjarstykkið í greininni eru gamlar ritmiðar norska og danska blaða. Annars vegar skrif Berlingske Tidende sem trylltist þegar krúnudjásnið Magasin du Nord var keypt og hins vegar vöðval við prófessor Thore Johnsen við Viðskiptaháskóla Noregs í Dagens Næringsliv. Próffessorinn var harðlega gagnrýndur af kollegum hér á landi fyrir að hafa ekki kynnt sér íslenskt efnahagslíff og markað nægjanlega vel. Hann óttaðist hrun á markaði ef eitthvað blési á móti. Hrun er ekki í sjónmáli, þótt fáir neiti því að hlutabréf á Íslandi séu fremur dýr. Íslendingar eru langt því frá hættir fjárfestingum á Norðurlöndum og við því að búast að slíkar greinar birtist öðru hverju á næstu misserum.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Dresden Bank gaf í gær út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir tvo milljarða króna. Heildarútgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum er með því komin yfir þrjátíu milljarða króna.

Farið hefur verið fram á hluthafafundi í sænska getrauna og spilafyrirtækinu **Cherryforetagen**. **Burðarás** hefur frá aðalfundi eignast verulegan hlut í fyrirtækinu og hefur farið fram á hluthafafund þar sem kosin verður stjórn sem endurspeglar núverandi eignarhald á fyrirtækinu.

Bandarískir neytendur hafa ekki verið svartsynni en nú síðan í mars 2003. RBC CASH vísitalan, sem stofnunin **Ipsos** mælir, lækkaði úr 72,6 stigum í ágúst í 61,4 stig nú. Ástæða svartsyninnar er fellilyturinn **Katrin** og afleiðingar flóðanna í **New Orleans**.

Seðlabankinn í klemmu

Mikið flókt hefur verið á gengi krónunnar. Seðlabankinn er í klemmu; hann á erfitt með að hækka vexti en þarf að halda aftur af verðbólgunni.

Mikið flókt var á gengi krónunnar í gær. Við opnun markaða veiktist krónan strax um eitt prósent eins og búist var við vegna tilkynningar Seðlabankans í fyrradag um aukin kaup á gjaldeyri til að borga niður erlendar skuldir ríkissjóðs. Hins vegar fóru gjald-eyrismiðlarar fljótt aftur að kaupa krónur. Aukin eftirspurn eftir henni gerði það að verkum að gengið hækkaði. Í lok gærdagsins hafði krónan styrkst um 0,5 prósent.

Gjaldeyrismiðlarar sem Fréttablaðið ræddi við í gær búast við að verðbólgan í september mælist 0,8 til 1,0 prósent. Hagstofan tilkynnir um það á mánudaginn. Það þýðir 4,2 til 4,3 prósent verðbólgu miðað við tólf mánuði, sem er ekki ásættanlegt fyrir Seðlabanka Íslands. Hans meginmarkmið er að halda verðlagi stöðugu. Fari verðbólgan upp fyrir fjögur prósent verður bankinn að gera ríkisstjórninni bréflaga grein fyrir ástæðum þess.

Til að halda verðbólgu í skefj-

GENGI GJALDMIÐLA

Gengi gjaldmiðla segir til um verðmæti þeirra gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Til dæmis kostaði einn Bandaríkjadalur í gær tæpar 63 krónur. Þegar gengi krónunnar styrkst verður ódýrara að kaupa Bandaríkjadal í krónum. Dalurinn verður dýrari ef krónan veiktist. Í grófum dráttum má svo segja að gengi gjaldmiðla stjórnt af framboð og eftirspurn. Aukist eftirspurn eftir gjaldmiðli hækkar gengi hans (verðið á gjaldmiðlinum hækkar) og öfugt ef eftirspurn minnkar.



HÖNDLAÐ MEÐ KRÓNUNA Erlendir aðilar hafa í auknum mæli viljað nýta sér hátt vaxtastig á Íslandi miðað við útlönd og keypt íslenskar krónur fyrir um þrjátíu milljarða. Það hefur hækkað gengi krónunnar.

um má búast við að Seðlabankinn telji nauðsynlegt að hækka vexti. Greiningardeildir bankanna reikna með að stýrivextir bankans hækki um 0,5 prósent í lok september. Þegar vextir á Íslandi eru mun hærrí en í öðrum löndum vilja erlendir aðilar hagnast á vaxtamuninum, sem er þá nógu mikill til að vege upp gengisáhættuna. Þeir kaupa þá krónur sem hefur hækkað gengi hennar undanfarið. Í einföldu máli má segja að erlendir aðilar hafi í gær verið búnir að kaupa íslenskar krónur fyrir yfir þrjátíu milljarða króna og selt öðrum erlendum aðila. Ekki er séð fyrir

endann á þeim kaupum.

Út frá sjónarhóli Seðlabankans takast þessi sjónarmið á; hvernig eigi að halda verðlagi í skefjum með hækkingu vaxta án þess að gengið hækki um of.

Í efnahagsfrægnum KB banka er því spáð að vaxtamunur við útlönd nái hámarki í byrjun næsta árs og verði 8 prósent, en lækki síðan hægt. Hátt gengi krónunnar geti verkað sem hemill á vaxtahækkanir Seðlabankans. Einnig er því spáð að meðalgengi krónunnar það sem eftir lífi árs og á því næsta verði nokkuð hærrí en áður var spáð. bjorgvin@frettabladid.is



FJÁRFEST Í BÚLGARÍU Actavis styrkir stöðu sína í Búlgaríu með kaupum á Higia, stóru lyfjadreifingarfyrirtæki, sem veltir tæplega sjö milljörðum króna á ári.

Actavis styrkir sig í Búlgaríu

Actavis hefur fest kaup á Higia AD, einu stærsta búlgarska lyfjadreifingarfyrirtækinu. Kaupin eru fjármögnuð með langtímaláni en kaupverðið fæst ekki uppgæfið.

Forsvarsmenn Actavis segja að með kaupunum tryggji þeir sér aðgang að tvö þúsund apótekum í Búlgaríu og styrki mjög markaðshlutdeild sína í sölu til apóteka og sjúkrastofnana. Kaupin gera það að verkum að Actavis hefur í sömu hendi framleiðslu og dreifingu á Búlgaríumarkaði.

Fyrirtækið virðist hafa fullan

hug á því að stækka enn frekar á þessum markaði. „Búlgaríu er einn af okkar lykilmörkuðum og stefna okkar er að styrkja okkur þar enn frekar,“ segir Róbert Wessman, forstjóri Actavis, í tilkynningu frá félaginu.

Greiningardeild KB banka telur að kaupin styrki mikið rekstur Actavis í Búlgaríu og býst við að veltan þrefaldist þar. Velta Higia er áætluð um 6,6 milljarðar króna á þessu ári en gert er ráð fyrir að hún verði á bilinu 7-7,7 milljarðar á árinu 2006.

- eþa

Björgólfur Thor talinn líklegur stjórnarformaður Burðarás

Talið er líklegt að Björgólfur Thor Björgólfsson taki við stjórnarformennsku í Straumi fjárfestingarbanka af Magnúsi Kristinssyni að loknum hluthafafundi í Straumi sem fram fer þann 15. þessa mánaðar. Fimm manns hafa boðið sig fram til stjórnarkjörs en það eru Björgólfur Thor, Eggert Magnússon, Kristinn Björnsson, Magnús Kristinsson og Þór Kristjánsson. Er því sjálfkjörið.

Tveir fyrstnefndu og Þór sitja í stjórn Burðarás en Kristinn og Magnús í stjórn Straums.

Á fundinum verður lögð fram til-laga stjórnar Straums um sameiningu við Burðarás. Hluthafar í Burðarási munu fá um 43 prósent í sameinuðu félagi.

Samdægurs fara fram hluthafafundir í Landsbankanum og Burðarási.

- eþa

MARKAÐURINN

Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30



ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON
HJÁ STRAUMI Hlutabréf í Straumi hækkuðu mest í vikunni sem var eða um sjö prósent.

Áfram hækka hlutabréf

Úrvalsvísitalan heldur áfram að hækka og slá met. Lokagildi hennar í gær var 4.748 stig sem er hæsta gildi frá upphafi. Í vikunni hækkaði vísitalan um tæp 1,8 prósent.

Straumur fjárfestingarbanki hækkaði mest allra félaga í vikunni eða um sjö prósent en rekja má

þessa hækkingu til fréttar af tæplega tveggja milljarða viðskiptum Þórðar Má Jóhannessonar forstjóra og Magnúsar Kristinssonar, stjórnarformanns Straums, með hlutabréf í því. Burðarás, sem mun að öllum líkindum sameinast Straumi á næstunni, hækkaði um sex prósent á sama tíma.

- eþa

Mest frelsi í íslenskri viðskiptalöggjöf

Minnst ber á viðskiptahamlandi reglugerðum og lögum hér á landi af þeim löndum sem kanadíska rannsóknarstofnunin Fraser Institute mælir efnahagslegt frelsi hjá. Þetta kemur fram í nýrri frelsisvísitölu stofnunarinnar sem birt var í gær.

Ísland er í 13.-16. sæti frelsisvísitölu Fraser Institute en vísitalan mælir efnahagslegt frelsi þjóða út frá ýmsum þáttum í efnahagslífi þjóðanna svo sem frelsi einstaklinga, frelsi í viðskiptum, samkeppnishæfni viðskiptalífsins og frelsi til að eignast hluti svo sem fasteignir og annað þess háttar.

Þetta er í nýnda skipti sem frelsisvísitalan er mæld en

mesta frelsið mældist í Hong Kong. Singapore varð í öðru sæti og Nýja-Sjáland, Sviss og Bandaríkin lentu í 3.-5. sæti. Danmörk lendir í 13.-16. sæti með Íslandi en af öðrum Norðurlöndum lendir Finnland í 17.-

1. Hong Kong
2. Singapore
- 3.-5. Nýja-Sjáland
- 3.-5. Sviss
- 3.-5. Bandaríkin
6. Bretland
7. Kanada
8. Írland
- 13.-16. Danmörk
- 13.-16. Ísland**
- 13.-16. Holland
- 13.-16. Austurríki
125. Venesúela
126. Simbabve
127. Myanmar

18. sæti en Svíþjóð og Noregur eru neðst Norðurlandanna og eru í 24.-25. sæti. Ísland lenti í 13. sæti árið 2003 í sömu könnun en árið 1990 var Ísland í 26. sæti og árið 1980 í 60. sæti.

Meðal þeirra þátta sem Ísland

nær hvað bestum árangri í er, auk reglugerða og laga í viðskiptaumhverfinu, lög og reglugerðir á vinnumarkaði þar sem Ísland nær næstbestum árangri allra þjóða auk þess sem á Íslandi þykja lög og reglugerðir um vernduð eignarréttindi 5. best allra landa.

Alls eru 127 lönd þátttakendur í könnun Fraser Institute en gögnin sem unnin voru úr könnuninni ná aftur til ársins 2003.

FRÁ HONG KONG

Mesta frelsið samkvæmt frelsisvísitölu Fraser Institute mældist í Hong Kong. Enda þótt Hong Kong sé nú hluti af Alþýðulýðveldinu Kína þá mældist þar mest frelsi. Kína lendir í 86. sæti í frelsisvísitölu Fraser Institute. Gögnin sem unnin var með við vísitölu mælinguna ná aftur til ársins 2003.



SPM í BORGARNESI Sparisjóður Mýrasýslu tók á dögum í notkun nýtt húsnæði í Borgarnesi þar sem höfuðstöðvar bankans eru. SPM vill leggja hlutafé í menntaskóla.

SPM leggur hlutafé í skóla

Sparisjóður Mýrasýslu hefur gefið vilyrði fyrir 40 milljóna króna hlutafé í nýjan menntaskóla í Borgarnesi ef af byggingu hans verður. Vinnuhópur á vegum Borgarbyggðar, Viðskiptaháskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri hefur þegar hafið undirbúning að stofnun einkaskóla á menntaskólastigi í Borgarnesi.

Gert er ráð fyrir því að hinum nýja menntaskóla muni svipa til einkarekinna menntaskóla svo sem Menntaskólans Hraðbrautar og Verzlunarskóla Íslands og innheimti hófleg skólagjöld. Gert er ráð fyrir því að nemendum gefist kostur á að ljúka námi við skólann á þremur árum. Þá mun nemendum gefast kostur á að ljúka þriðja árinu í námi sínu annað hvort við Viðskiptaháskólann á Bifröst eða Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

- hb



Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði lítillega í gær eftir að hafa lækkað daginn áður.

Verð á olíu hækkaði í gær

Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði í gær en hafði lækkað nokkuð á fimmtudag þegar í ljós kom að olúbirgðir í Bandaríkjunum voru meiri en búist hafði verið við. Verð á hverja tunnu af hráolíu fór upp fyrir 65 dali á markaði í gær en orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna skýrði frá því að orkukostnaður myndi vera hærrí en hann hefði verið síðustu tíu árin á undan. Hæst hefur verð á hverja tunnu af hráolíu farið í 70 dali að undanfögnu.

Bandaríkjamenn hafa notað minna af bensíni en áður eftir að fellibylurinn Katrín gekk yfir ríki Bandaríkjanna við Mexíkóflóa en alls er samdráttur í bensínnotkun um fjögur prósent.

- hb

Efnahagur borgarbúa á næstu árum



Morgunverðarfundur Íslandsbanka

Fimmtudaginn 15. september kl. 8.15 – 10.00.

Íslandsbanki býður þér til morgunverðarfundar um horfur í efnahagsmálum og hvernig þær snerta borgarbúa. Fundurinn verður haldinn í Þingsölum á Hótel Loftleidum.

Einar Sveinsson, formaður stjórnar Íslandsbanka, setur fundinn.



Í hápunkti hagsveiflu

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka

Helstu efnahagsstærðir í umhverfi heimila og fyrirtækja í höfuðborginni. Hver er líkleg þróun á næstunni?



Hin öfluga örmynt

Ingvar Arnarson, hagfræðingur í Greiningu Íslandsbanka

Eru líkur á því að krónan muni styrkjast enn frekar? Hvenær eru líkur á lækkingu hennar og hvað má reikna með að sú lækking verði mikil?



Hagstjórn þegar á reynir

Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur í Greiningu Íslandsbanka

Hvernig eru Seðlabanki, ríki og sveitarfélög líkleg til að bregðast við hagsveiflunni? Eru líkur á því að þessir aðilar muni verja kaupmátt almennings fyrir gengislækkun, verðbólgu og atvinnuleysi?



Stjórn borgarinnar og efnahagur borgarbúa

Gísli Marteinn Baldursson, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og Stefán Jón Hafstein, formaður borgarráðs

Hver er þáttur borgarinnar í að tryggja stöðugleika og viðvarandi vöxt í efnahagsumhverfi borgarbúa? Er ástæða til aðgerða á næsta kjörtímabili?



Skráning hefst mánudaginn 12. september á isb.is og í þjónustuveri bankans í síma 440 4000.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir



ÍSLANDBANKI | 100%



Veldu nýjan Ford Nýtt tálkn

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar GT:

Loftkæling.
P235/55ZR17 dekk.
17" Premium álfelgur.
AM/FM útvarp með geislaspilara og klukku.
Miðjustokkur með armhvílu og geymsluhólf.
2 glasahaldarar.
12V innstungur 2 st.
Mælaborð með krómáferð.
Körfusæti (með leðuráklæði í Premium).

Rafstillt bílstjórásæti.
Hraðastillir.
Veltistýri.
Rafstýrðar rúður.
Rafstýrðir útspeglar.
Öryggisþúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti.
Vindskeið að aftan.
ABS hemlakerfi.
Diskabremsur.
Spólvörn.
Samlitur gólfmottur.

Verðalisti: Nýr Ford Mustang GT 2006 á frábæru verði*

Kaupverð	Beinskiptur	Sjálfskiptur
Mustang GT V8 Coupe Deluxe	3.490.000 kr.	3.640.000 kr.
Mustang GT V8 Coupe Premium	3.690.000 kr.	3.840.000 kr.
Mustang GT V8 Convertible Deluxe	3.970.000 kr.	4.120.000 kr.
Mustang GT V8 Convertible Premium	4.170.000 kr.	4.320.000 kr.

Fjöldi seldra Ford bíla

Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Hægt að fá aukalega í GT:

5R55S 5-gíra sjálfskipting.
17" álfelgur Machined.
18" álfelgur Polished.
18" álfelgur Premium.
Felgulásar.
Hliðaröryggisþúðar í sætum.
Interior Upgrade Package.
Interior Sport Package.
Interior Color Package.

Shaker 500 hjómkerfi AM/FM útvarp með 6 diska spilara, MP3 spilara og 8 hátölurum.
Shaker 1000 hjómkerfi AM/FM útvarp með 6 diska spilara, MP3 spilara og 8 hátölurum og 2x10" bassakeilur.
Þjófavarnarkerfi.

Nýttu haustuppskeruna Skoðaðu Ford Mustang í bílaverslun Brimborgar



● Ford Mustang V6 Coupe
Kaufverð frá 2.790.000 kr.*



● Ford Mustang V6 Convertible
Kaufverð frá 3.270.000 kr.*



● Ford Mustang GT V8 Coupe
Kaufverð frá 3.490.000 kr.*



● Ford Mustang GT V8 Convertible
Kaufverð frá 3.970.000 kr.*



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvornig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir

upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvornig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Komdu á frumsýningu Nýr Ford Mustang í Brimborg

Komdu í dag og skoðaðu nýjan Mustang blæjubíl í Brimborg Reykjavík. Skoðaðu Mustang - topplausan.

Komdu í kaffi. Ford Mustang blæjubíll í Brimborg í dag. Opið frá kl. 12 til 16.



© JALANWATINGS - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Og þá gerist eitthvað nýtt.

Nýtt og betra er betra. Þetta er þróunin. Sum gömul tákni falla önnur ekki. Nýjasta nýtt er gamla táknið Mustang. Nýr Mustang. Bróðir

Mondeo! Komdu og skoðaðu Ford Mustang GT Premium. V8. 4,6 lítra vél. 24 ventlar. 300 stóðhestar undir húddinu – þrjú hundruð hestöfl! Leynardómsfullur. Svartur með blæju. Rauð sæti. Rauð hurðarspjöld. Rauðar motturnar. Rauður í hólf og gólf. Sexí. 5R55S 5 girar sjálf-skipting. Bright Machined Cast 17 tommu felgur. Shaker 500 hljómflutningsgræjur, 6 diska CD spilari, MP3 spilari, 8 hátalarar. Almennt færðu ekki meira fyrir peninginn. Mustang er annað orð yfir orku og massa í öðru veldi. Skoðaðu úrvalið. Vertu á Mustang. Verð frá 2.790.000 kr.

Komdu í Brimborg – skoðaðu Mustang, finndu Mustang, kaupdu Mustang og þú ert miðpunktur alheimsins, öll kvöld, alla daga í mörg mörg mörg ár. Veldu Ford.

Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Mustang.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákni um gæði.



Öruggur staður til að vera á

STEPHEN JAY GOULD
(1941-2002) fæddist þennan dag.



„Kenningarnar sem við teljum að við þekkjum best eru þær sem eru oftast rangar – því við rannsökum þær aldrei eða vefengjum.“

Stephen Jay Gould var bandarískur steingervingafræðingur, sem fjallaði töluvert um þróunarkenninguna.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 10. SEPTEMBER 1981

Guernicu skilað til Spánar

Á þessum degi árið 1981 var hinni risastóru veggmynd Guernica eftir listamanninn Pablo Picasso skilað til Spánar en hún hafði verið í láni í Bandaríkjunum í fjóra áratugi. Picasso málaði myndina árið 1937 undir áhrifum frá árs þjóðverja á basneska þorpið Guernica sem talið er að hafi verið gerð einræðisherranum Franco til framdráttar í borgarastyrjöldinni á Spáni. Picasso var hneykslaður á grimmdarlegri árásinni og gerði hana því að meginefni veggmynda sinnar sem hann lauk á aðeins þremur vikum. Myndin er 3,5 sinnum 7,7 metrar að stærð og lýsir mikilli skelfingu borgaranna. Hún er máluð í svörtu, hvítu og gráu og sýnir martraðarkenndar myndir sem vekja fólk til umhugsunar um óhugnað stríðsins. Árið 1939 var myndin send til New York á sýningu. Síðar sama ár braust síðari heimsstyrjöldin út og



Guernica eftir Pablo Picasso.

Picasso bað um að Guernica og önnur verk hans yrðu geymd þar uns stríðinu lyki. Eftir stríð var flestum verkanna skilað til Evrópu fyrir utan Guernicu, sem að ósk listamannsins átti að geyma í Bandaríkjunum þar til lýðræði yrði endurreist á Spáni.

MERKISATBURÐIR

- 1846** Elias Howe fær einkaleyfi á handknúna saumavél sína.
- 1908** Fyrstu almennu leynilegu kosningarnar til Alþingis fara fram. Kosningabátttaka er meiri en nokkru sinni eða 75,5 prósent.
- 1908** Samþykkt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að lögleiða bann við innflutningi áfengra drykkja. Áfengisbannið var afnumið í febrúar 1935.
- 1813** Bandarísk herlið sigra Breta í bardaganum við Erie-vatn.
- 1950** Minnisvarði um Bjarna Sívertsen riddara er afhjúpaður í Hellisgerði.
- 1977** Fallöxi er notuð í síðasta sinn í Frakklandi til að aflífa fanga.
- 2002** Sviss fær inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar.

ANGLÁT

Jóhann Eypórsón, Sléttuvegi 17, Reykjavík, lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 2. september.

Daði Þór Guðlaugsson, Mávahlíð 6, Reykjavík, lést af slysförum mánudaginn 5. september.

Guðrún Jónsdóttir, Birnustöðum, Laugardal, andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði þriðjudaginn 6. september.

Elísabet Jónsdóttir lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, miðvikudaginn 7. september.

Margrét Einarsdóttir, frá Litlalandi, lést á heimili sínu Leirutanga 33, Mosfellsbæ, miðvikudaginn 7. september.

JARÐARFARIR

11.00 **Jóhannes Ásbjörnsson**, fyrrverandi bóndi, Stöð, Stöðvarfirði, Aflagranda 40, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Stöðvarfjarðarkirkju.

13.30 **Friðjón Hauksson**, Háeyrarvöllum 26, Eyrarbakka, verður jarðsönginn frá Eyrarbakka kirkju.

AFMÆLI



Páll Samúelsson, stofnandi Toyotaumboðsins, er 76 ára.



Gerður G. Bjarklind útvarpskona er 63 ára.



Barði Jóhannsson tónlistarmaður er 30 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG



1914 Robert Wise leikstjóri.



1958 Chris Columbus kvikmyndaleikstjóri.



1960 Colin Firth leikari.



1968 Guy Ritchie kvikmyndaleikstjóri.

MARGRÉT V. HELGADÓTTIR LÆTUR AF RITSTJÓRN HAFNARPÓSTSINS:

Blés nýju lífi í útgáfuna

„Þetta hefur verið afskaplega skemmtilegur tími,“ segir Margrét V. Helgadóttir, sem látið hefur af störfum sem ritstjóri Hafnarpóstsins eftir hálf þriðja ár. Hafnarpósturinn er málgað Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn. Blaðið kemur út sex sinnum á ári og er upplagið þúsund eintök sem send eru til félagsmanna Íslendingafélagsins.

Margrét hélt utan til náms fyrir fjórum árum síðan. Áður var hún blaðamaður hjá Fróða og því fannst henni það kjörið tækifæri þegar henni bauðst að ritstýra Hafnarpóstinum. „Ég kann að meta andann sem fylgir því að vinna í fjölmiðlum og fannst þetta líka rakinn leið til að halda íslenskunni við.“

Á skömmum tíma hefur Margrét blásið nýju lífi í blaðið. „Þegar ég tók við því var það í rauninni bara lítið fjölrít með tilkynningum, sem var dálítill synd því á níunda áratugnum var þetta veglegt blað og það er gaman að skoða gömlu tölublöðin. Ég hafði mikinn



MARGRÉT V. HELGADÓTTIR Vann sem blaðamaður á Íslandi og fannst rakið að halda sig á kunnulegum slóðum með því að ritstýra Hafnarpóstinum.

áhuga á að færa það til fyrri horfs og réðst í verkið.“ Hún byrjaði á því að stækka brotið, fjölgaði blaðsíðum, lét prenta blaðið í prentsmíðju, virkjaði fólk til að senda inn efni og skrifaði sjálf.

Allt var þetta gert í sjálfboðavinnu en erfiðið bar árangur. Bókhaldið hefur allar götur síðan verið réttu megin við núllið og gott betur, enda reyndist auðveldara að selja auglýsingar í blaðið eftir að Margrét tók útgáfuna traustum tókum.

Um síðustu áramót tók Margrét við nýju starfi og ákvað því

áð láta af ritstjórn, enda er það æði tímafrekt þótt það eigi að heita hliðarverkefni. „En þetta hefur bara verið svo skemmtilegt og ég er búin að kynnast svo mörgu skemmtilegu fólki í gegnum blaðið. Ég held líka að það sé rétt að hætta á meðan ég hef enn gaman af þessu og þetta er ekki orðið kvöð,“ segir hún glaðbeitt.

Hafnarpósturinn leitir nú að nýjum ritstjóra og Margrét hvetur alla áhugasama til að setja sig í samband við Íslendingafélagið en nánari upplýsingar um það má finna á islendingafelagid.is. ■



SÍÐASTA TÖLUBLAÐIÐ Íslensk kvikmyndahátíð í Danmörku er burðarefni síðasta tölublaðsins sem Margrét ritstýrði.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Talstöðin
FM 90,9

Egbert Jónsson
Suðurgötu 8, Keflavík,
er látinn.

†

Guðrún Jónsdóttir
Þorsteinn Eggertsson
Guðfinna Jóna Eggertsdóttir
Jón Eggertsson
Guðrún Eggertsdóttir
og fjölskyldur

†

Jóh. Fjóra Ólafsdóttir
Sigvaldi Hrafn Jósafatsson
Hólmsfríður Guðmundsdóttir

Pyri Þorlákssdóttir Myers

†

Við ferum alúðarþakkir öllum þeim sem vottuðu samúð og létu í ljós vinarhug við andlát og útför systur okkar og mágkonu,

Við þökkum ekki síst þeim sem önnuðust hana svo vel í veikindum hennar.

Ragnheiður Kristjana Þorlákssdóttir
Helgi Þorláksson og Auður Guðjónsdóttir
Nanna Þorlákssdóttir og Hjörtur Torfason
Ingi Sörensen og Ellen Sörensen

Hausthátíð KFUM og K í Húsdýragarðinum

Félögin KFUM og KFUK bjóða íslensku þjóðinni án endurgjalds til hausthátíðar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum sunnudaginn 11. september klukkan tíu til fimm en skipulögð dagskrá hefst klukkan 14.00. Þetta er gert í tilefni af því að vetrarstarf félaganna er að hefjast en að venju er boðið upp á fjölbreytta starfsemi fyrir stráka, stelpur og fullorðna.

Skipulögð dagskrá hausthátíðarinnar hefst með því að börn úr leikskólum KFUM og K taka lagið. Brúðurnar í Brúðubílum skemmta krökkunum og Tóti trúður og vitlaus hestamaðurinn mæta á svæðið svo fátt eitt sé nefnt. Dagskránni lýkur með skrudgöngu yfir að félagsheimili KFUM og K þar sem haldin verður fjölskyldusamkoma með fjölbreyttri dagskrá.

Botninn verður sleginn í þennan viðburðaríka dag með



BOÐIÐ TIL HÁTÍÐAR Vetrarstarf KFUM og KFUK er að hefjast. Af því tilefni er boðið til hausthátíðar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

grillveislu en meðan pylsurnar hitna geta börnin fengið að sitja á hestum sem ganga með þau um lóðina. ■

Afnemum VSK af öllum snyrtivörum



TAX FREE

DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Á fríhafnardögum
afnemun við VSK.
af snyrtivörumerkjum.

Dagana 8.-11. september
eru fríhafnardagar í öllum
snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 11. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Hvíta hættan

DR. JANE PLANT, PRÓFESSOR Í JARÐEFNAFRÆÐI Þessi virti fræðimaður er nú stödd á Íslandi og hélt fyrirlestra á vegum Heilsuhússins um breytt mataræði í baráttunni við brjóstakrabbamein. Sjálf stóð Dr. Plant við dauðans dyr árið 1987 og ákvað þá að nota eigin vísindapekkingu til að reyna að bjarga lífi sínu með því að útiloka mjólkurafurðir úr mataræðinu.

„Má ekki bjóða þér súkkulaði? Í því eru engar mjólkurafurðir,“ segir Dr. Kristín Vala Ragnarsdóttir þegar hún réttir kristalsskál með tælandi súkkulaðibitum að vinkonu sinni **Dr. Jane Plant**, en báðar eru með virtustu prófessorum í jarðefnafræði á Bretlandseyjum. Jane teygir sig í vænan súkkulaðimola, en í tólf ár hefur hún ekki snert mjólkurafurðir og finnst þær reyndar viðbjóðslegar. Þóráðs Lilja Gunnarsdóttir gæddi sér á mjólkurlausu súkkulaðinu með prófessorunum.

„Mér finnst bragðið allsendis viðbjóðslegt og tilhugsunin um mjólk enn ógeðslegri. Ég spyr fólk hvort það sjái sjálft sig leggjast undir belju og sjúga á henni spena. Ekkert annað spendýr en maðurinn nærast á mjólk annars spendýrs og afkáraleg venja, enda fæða fyrir kálfa,“ segir Dr. Plant, sem áður lifði á hvers kyns mjólkurafurðum.

„Ég fékk mér morgunkorn með mjólk, drakk mjólk út í te, smjör á brauð, osta, jógúrt, rjóma og ís þess á milli. Hafði látið gleppast af áróðri mjólkurframleiðanda um að mjólkurafurðir væru hollar og vitaskuld umhugað um hollt mataræði þegar ég fékk krabbamein. Mjólkinni var hampað í heilsuritum og virtir Bretar tóluðu um mjólkuriðnaðinn sem „góðan“, en ég sé ekkert gott við að kúr séu neyddar til að framleiða sextíu lítra af mjólk á dag, þegar fyrir hálfri öld að þær framleiddu aðeins fimm lítra.“

Biðstofa dauðans

Það var í steypibaði sem Dr. Plant fann hnút í brjósti sínu, þá 42ja ára, árið 1987.

„Hryggð og áfall helltust yfir mig. Þetta gat ekki gerst! Ég sem lifði svo heilbrigðu lífi! Mundi ég missa brjóstið, sem ég og gerði; skildi meinið hafa dreift sér víðar? Af hverju hafði ég ekki verið virk í sjálfsskoðun?“ rifjar Dr. Plant upp, en ætlið í brjóstinu reyndist staðbundið. Eftirköstin áttu að vera engin. Hún var laus. Sloppin fyrir horn.

„Fjóru og hálfu ári síðar fannst illkynja æxli í handarkríkanum og innan þriggja vikna annað. Eftir sex geislameðferðir fannst hnútur í hálsinum og tveimur vikum síðar annar mun stærri. Það var þá sem ég vildi hætta allri meðferð, en lét segjast og hóf lyfjameðferð,“ segir Dr. Plant, en krabbameinslyfin verkuðu ekki sem skyldi.

„Þegar ætlið hörfaði ekki spurði ég einn lækna hvað biði mín. Hann sagði mig heppna ef ég lifði þrjú mánuði í viðbót. Mér fannst

það ekki geta verið satt. Það var eitthvað svo óraunverulegt,“ segir Dr. Plant sem fljótlega meðtók ör-lög sín.

„Þá tilkynnti ég það börnunum og það vini mína að hjálpa mannum mínum með börnin eftir að þau yrðu móðurlaus. Síðan reyndum að taka þessu með skynsemi og ró.“

Mjólkurlaus Kína

Dr. Plant hafði um tíma starfað að rannsóknum á sviði jarðefnafræði í Kína áður en hún veiktist af brjóstakrabbameini. Þegar kínverskir starfsbræður hennar fréttu af dauðadómnum sendu þeir Dr. Plant kínverskar jurtir sem notaðar eru til lækninga þar eystra.

„Þá fyrst rann upp fyrir mér ljós, en allan tímann hafði ég átt í fórum mínum upplýsingar um lága tíðni brjóstakrabbameins meðal kínverskra kvenna. Hvað voru þær að gera öðruvísi en vestrænar konur? Og það rifjaðist upp fyrir mér að Kínverjar neyta ekki mjólkurafurða og hafa ekki ensím til að melta hana,“ segir Dr. Plant, en þess má geta að mjólk var kölluð „lögur úr júgrum kú“ í Kína hér áður fyrr og var nóg til þess að fólk hryllti sig, en undanfarin ár hefur mjólkuriðnaðurinn herjað með mikilli markaðssetningu á Kínverja og breytt nafninu í kúamjólk.

„Heilapvotturinn hefur komist til skila og nú eru Kínverjar farnir að neyta mjólkurafurða í miklum mæli. Kínverskur starfsbróðir minn sagðist verða að drekka mjólk til að fá sterkari bein, en ég sagði honum að það væri áróður og það hann að hlusta á líkama sinn og eigin heilsu. Ég hef aldrei séð þessa kínversku féлага mína líta jafn illa út eða vera eins lasna og eftir að þeir byrjuðu í mjólkurafurðum,“ segir Dr. Plant, en tíðni brjóstakrabbameins í Kínverjum hækkar í samræmi við Vesturlandabúa þegar þeir flytjast búferlum til Vesturheims og aðhyllast vestrænt mataræði.

Lyfið er fæðan

Andspænis dauðanum ákvað Dr. Plant að útiloka allar mjólkurafurðir úr mataræði sínu, en á þeim tímupunkti borðaði hún tvær jógúrt á dag.

„Eftir fimm daga fann ég mikinn kláða í æxlinu sem byrjaði að mýkjast. Ég ákvað að mæla staðsetningu æxlisins sem stöðugt minnkaði, og innan sex vikna var það horfið með öllu. Krabbameinslæknirinn varð steini lostinn, sagðist ekki finna ætlið; ég var laus við krabbameinið. Hann hvatti mig til að halda áfram að sleppa mjólkurmat ef ég teldi það hjálpa mér, en sagði ætlið geta komið aftur þegar lyfjameðferð lyki,“ segir Dr. Plant sem tólf og hálfu ári seinna er enn laus við krabbamein.

„Ég fer enn í skoðun hjá krabbameinslækninum og hann býðst reglulega til að útskrifa mig, en ég vil það ekki því þá storkar maður örlogunum,“ segir hún hlæjandi.

Það eru gömul sannindi og ný að maðurinn er það sem hann borðar. Faðir læknisfræðinnar, Hippókrates, sagði fyrir 2.500 árum: „Lát-ið fæðuna vera lyf ykkar.“ Bragð hans við veikindum fólks var að taka mjólk og mjólkurafurðir úr mataræði þess og síðan hafa margir virtir fræðimenn reynt að miðla þessum boðskap, en mætt miklum hindrunum.

„Ég hef fengið mikil viðbrögð við kenningu minni, og sumir segja hana skorta sannanir og vera aðeins byggða á minni persónulegu reynslu. Mikinn fjölda heimilda má finna í vísindasamfélaginu sem sannar að vaxtarþátturinn IGF1 í mjólk er mikilvægur beri þegar kemur að krabbameini í brjóstum og blóðruhálskirtli,“ segir Dr. Plant, en IGF1 eru agnarsmá mólíkúl prótín sem finnast í líkamanum.

„IGF1 í kúmu er sá sami og finnst í mönnum, en eftir því sem nytin í kúmu er meiri, finnst meira magn IGF1 í mjólk. Í kúmu er þetta náttúrulegur vaxtarhvati fyrir nýborna kálfa fyrstu tvö árin í lífi þeirra, en afar óheppilegur fólk. IGF1 í mönnum nær hámarki við kynþroska og óhentugt að hafa IGF1 nautgripa í blóðrásinni fyrir tíðahvörf eða á breytingaskeiðinu. IGF1 hvetur og krabbameinsfrumur til að vaxa hraðar. Hann finnst í allri mjólk, einnig þeirri íslensku.“

Samviskubít varð að bók

Reynsla Dr. Plant af mjólkurlausu mataræði vakti áhuga annarra krabbameinssjúklinga og alls var hún með 63 sjúklinga undir sínum verndarvæng á tímabili.

„Eftir slæman vinnudag hringir

kona og biður um hjálp. Ég var breytt, öflug og sagðist ekki geta hjálpað fleirum. Ég væri í vinnu og ætti fjölskyldu. Eftir að við kvöðumst fékk ég samviskubít yfir þessari hroðalegu framkomu og reyndi með öllum ráðum að finna númer hennar, en án árangurs. Þegar ég kom heim, enþá niðurlút, stakk dóttir mín upp á að ég skrifaði niður allt sem ég vissi og dreifði til sjúklinga,“ segir Dr. Plant sem í kjölfarið skrifaði metsölubókina „Your Life in Your Hands“ sem nú hefur verið þýdd á fimmtán tungumál og selst á sjöttu milljón eintaka. Dr. Jane Plant hefur einnig skrifað uppskriftabókina „Eating for Better Health“ og bækur um hvernig unnt er að komast yfir krabbamein í blóðruhálskirtli ásamt beinþynningu.

„Það er alltaf tímabært að breyta mataræðinu og fólk á öllum aldri ætti að gefa sjálfu sér það tækifæri að vera heilsuhraust. Börn, líkt og kálfar, fá mjólkurþjól tveggja ára og þessa fræðslu þurfa börn að fá strax í grunnskólum. Við verðum að segja börnum sannleikann um slæma fæðu og góða. Það er best að sleppa alfarið mjólkurafurðum því þannig má koma í veg fyrir sjúkdóma seinna meir. Segjum nei við unnum skyndibita og mjólkurvörum og borðum þess í stað ferskt grænmeti og ávexti, góð krydd og lífræna matvöru. Hættum að setja ofan í okkur eitradan, ofunninn mat.“

Eitruð líknarmeðferð

Dr. Jane Plant er prófessor í jarðefnafræði við Imperial College í Lundúnum og næringarsérfræðingur við Dove Clinic for Integrated Medicine í sömu borg, þar sem sjúklingar með krabbamein í brjóstum og blóðruhálskirtli koma til hennar og fá ráðgjöf vegna mataræðis.

„Ég vek alls ekki falskar vonir með sjúklingunum, heldur von, því þeim sem fara eftir mataræðinu í einu og öllu gengur vel að losna við krabbameinið, jafnvel þótt þeim hafi verið gefnar bágar lífslíkur,“ segir Dr. Plant sem fyrir skömmu var boðið í hádegismat á líknardeild bresks sjúkrahúss.

„Á borðum var ekkert grænmeti né ávextir, aðeins mjög unnin matvara, ostar og mjólkurmat, svo ég ákvað að fá mér ekki neitt. Sagði sjúklingunum að mér þætti ekki skrytið að þau færu út í líkpoka úr því að þau borðuðu þennan mat,“ segir Dr. Plant ákveðið og bætir við að flestir vilji hjálpa sjálfum sér og breyta mataræðinu.

„Æ fleiri lækna mæla með

mataræði mínu fyrir sjúklinga sína, en engu að síður standa hagsmunaaðilar í vegi fyrir þeim sem vilja mjólkurvörur burt úr mataræði mannsins. Breskur prófessor gagnrýndi bók mína og rakkaði niður, en þegar ég athugaði bakgrunn hans kom í ljós að doktorsnám hans og allar rannsóknir höfðu verið kostaðar af mjólkurframleiðendum, auk þess sem hann hafði fengið verðlaun mjólkuriðnaðarins. Það erfitt fyrir manneskju sem á allt sitt undir mjólkuriðnaðinum að standa upp og segja fólk að drekka ekki mjólk. Það vinnur gegn sannfæringu sinni og ekki hægt að treysta því, en því miður er mjög algengt að rannsóknir í heilbrigðisstétum séu kostaðar af mjólkurframleiðendum.“

Mataræði fram yfir jákvæða hugsun

Dr. Plant ráðleggur krabbameinssjúklingum að þiggja meðferðarúr-ræði sjúkrahúsanna, en vill sjá ákveðna næringarráðgjöf þeim til handa.

„Í tilvikum sykursýki og hjartasjúkdóma er sjúklingum alltaf ráðlagt að breyta mataræði. Eins þarf að gera með krabbameinssjúklinga. Við verðum að gefa þeim bestu ráðin og bestu batahorfurnar. Sjálf hefði ég getað beðið dauðans í uppgjöf, en gerði það ekki. Það er vel hægt að snúa á dauðann með breyttu mataræði, sem er miklu áhrifaríkara en jákvæð hugsun. Sykursýkis- og hjartasjúklingum er aldrei sagt að hugsa jákvætt; slíkt er bara sagt þegar önnur ráð eru ekki til.

Á endanum verða sjúklingarnir sakbitnir yfir því að hafa ekki hugsað nógu jákvætt og upplifa streitu sem er afar óheppileg krabbameinssjúkum. Ég ráðlegg fólk að setja ekki allt sitt traust á lækna, heldur vinna með þeim. Taka stjórnina og bera ábyrgð á eigin lífi og heilsu,“ segir Dr. Plant, sem á degi hverjum fær hundruð þakkarbréfa frá krabbameinssjúkum sem öðlast hafa bata eftir að mjólkín hvarf úr mataræði þeirra.

„Ég vil enginn Messías vera, því ég hef ekki öll svörin. Ég er viðkvæm og ekkert endilega svo góð manneskja en vil umfram allt hjálpa öðrum. Þegar maður hefur gengið í gegnum þá martröð að fá brjóstakrabbamein, óskar maður engum þess sama.

Ég var einungis heppin að hafa verið í Kína á réttum tíma og hafa mína fagþekkingu. Kæmi ég þangað í dag hefði ég ekki greint ástæðuna vegna harðvítugrar markaðssetningar mjólkurframleiðenda. Aðstæðurnar þá hjálpuðu mér að setja þúlið saman.“

Ótrúlegt verð á barna kuldaskóm



500kr

verð áður 1.999-

Barna kuldaskór m/riflás
gráir st. 28-34



500kr

verð áður 1.999-

Barna kuldaskór m/riflás
gráir st. 28-34



1000kr

verð áður 2.999-

Barna kuldaskór m/riflás
bláir, rauðir, bleikir, st. 23-34



1000kr

verð áður 2.999-

Drengja öklaskór m/riflás
svartir, st. 28-38



Barna göngu- og kuldaskór
rauðir, gráir, st. 28-40



Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla





FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL JÓN SIGURÐUR

FJÖLSKYLDAN Á LEIÐ Á SAMKOMU Hjónakornin Kristján Geir og Sóley Mathiesen halda á samkomu í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu í Garðabæ með prúðbúinn barnahópin. Fyrir framan föður sinn stendur Daniel en Anja Dögg er við hlið móður sinnar og Yrja María unnr sér í fanginu.

FRED E. WOODS Fred kom hingað til lands í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá því fyrstu íslensku pílagrímarir héldu til fyrirheitna landsins. Hann segist vera Íslandsvinur númer eitt. Fyrir aftan hann er mynd af þekktasta musteri Mormóna en það er í Salt Lake City.

Dyggasti aðdáandi konu sinnar

Pau kenna þau sig við Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu en flest þekkjum við þau sem mormóna. Fred E. Woods er forstöðumaður Menningar-sögustofnunar mormóna í Utah en hann var hér á landi í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá því fyrstu íslensku pílagrímarir fóru til Spanish Fork í Bandaríkjunum. Hann gaf *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* innsýn í heim mormóna.

Ég var bara ungur hippi í Kaliforníu og flakkaði um eins og þeirra er háttur,“ segir Fred þegar hann er spurður hvers vegna hann hafi tekið þessa trú fyrir þrjátíu árum. „Á þeim tíma brunnu á mér þrjár mikilvægar spurningar sem ég tel nú að flestir spyrji sig einhvern tím-

ann á ævinni en þær eru: hvaðan kem ég, hvers vegna er ég hér og hvert er ég að fara? Ég var því í raun að leita sannleikans eins og svo margir flakkarar. Svo kynntist ég tveimur mormónum þar sem ég var í byggingarvinnu. Fyrir tilstilli þeirra fór ég á samkomu og til að kynna mér málin enn bet-

ur las ég Mormónabókina. Því sem gerðist eftir það er í raun ekki hægt að lýsa með orðum; ég hafði öðlast fullvissu.“

Margir hippanna í vinahópi Freds litu undrandi á félagan sinn, sem tók stökkbreytingum eftir frelsunina, en þó segir hann að vinir sínir hafi ekki snúið við sér baki. „Vinir mínir sáu að ég var alsæll og það er nokkuð sem sannir vinir gleðjast yfir og margir þessara manna eru góðir vinir mínir enn í dag. Þeim sem eitthvað höfðu út á þetta að setja var eflaust ekki umhugað um velferð mína svo það voru ekki vinir í raun. En við mormónar eigum ekki í vandræðum með að umgangast fólk þó lífnadærlættir þess séu okkur ekki að skapi. Ég hélt því áfram að spjalla við mína vini þó þeir héldu á vín-glasi en ég á Mormónabókinni,“ segir Fred og hlær.

Farsælast að konan sé heima

„Fjölskyldan er mormónum allt,“ segir Fred og fær aðdáunarglampa í augun þegar hann er spurður út í Jóhönu konu sína. „Hún er alveg stórkostleg, við höfum verið gift í 25 ár og eigum fimm börn en samt er hún eins og lífsglaður unglingur. Ég er í rauninni hennar dyggasti aðdáandi. Hún er líka orðin amma en það stöðvaði hana ekki í því að hlaupa Reykjavíkumaraþonið; hún fór létt með það.“

Johana er húsmóðir en mormónar leggja mikið upp úr því að móðirin sé ávallt til staðar fyrir börnin

og haldi heimilinu í góðu horfi. „Ég hef oft sinnis fengið að heyra það frá mörgum konum að ég sé að kasta lífinu á glæ með því að vera eingöngu húsmóðir í stað þess að huga að eigin starfsframa,“ segir Johana. „En það fær ekki svo mikið á mig því að ég finn lífsfyllingu í því sem ég er að gera. Eins hafa

” Fólk sér það svo sem ekkert úti á götu hvort ég sé mormóni eða ekki en vinnufélagar og aðrir sem umgangast mig verða varir við það svona smátt og smátt. Oft renna til dæmis tvær grímur á fólk þegar það sér að ég drekk hvorki kaffi, te eða áfengi og þá skýrast oft línurnar.

börnin mín sagt það við mig að þau verði mér ævinlega þakklát fyrir að vera heima og vera alltaf til staðar fyrir þau og sú viðurkenning er mér mikilvægari en nokkur starfsferill. En Fred kemur alveg jafnt að uppeldinu og þegar hann kemur heim fær hann að taka til hendinni og svæfa og allt það. En það er ekki svo að mormónar skyldi konur til að vera heima þó það sé talið heppilegast og í mínu tilfelli er þetta hreinlega mitt val.“

Paradísarheimt

Á nítjándu öld töldu mormónar að Utah í Bandaríkjunum væri þeirra fyrirheitna land og að þar myndu hjartahreindir trúbræður búa í sátt og samlyndi. Um hundrað þúsund mormónar víðs

vegur að héldu þangað með allt sitt hafurtask og þeirra á meðal voru um fjögur hundruð Íslendingar. Halldór Laxness gerði þessa sögu að yrkisefni í bókinni *Paradísarheimt* en annars hefur þessi saga ekki farið hátt.

„Konan mín á oftast bestu hugmyndirnar og það var einmitt hún sem benti mér á það að fara að kanna sögu þessara íslensku pílagríma sem fóru til Spanish Fork. Þeir fyrstu komu þangað árið 1855, fyrir einmitt 150 árum, og af því tilefni er ég hér,“ segir Fred.

„Þetta er í þriðja skipti sem ég er hér á landi og alltaf er ég jafnhrifinn af landi og þjóð. Hér hefur fólk tekið okkur hjónakornum afar vel enda eru Íslendingar gestrisnir og hafa opnað okkur heimili sín og hjörtu. Fyrir það erum við ævinlega þakklát.“

Mormónar á Íslandi

Á Íslandi eru um 200 meðlimir skráðir í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu en alls eru trússtykkin þeirra um tólf milljónir í heiminum öllum. Kristján Geir Mathiesen er umdæmisforseti Kirkjunnar hér á landi og blaðamanni lék forvitni á að vita hvort mormónar skæru sig úr með einhverjum hætti í íslenskum hversdagsleika. „Fólk sér það svo sem ekkert úti á götu hvort ég sé mormóni eða ekki en vinnufélagar og aðrir sem umgangast mig verða varir við það svona smátt og smátt. Oft renna til dæmis tvær grímur á fólk þegar það sér að ég drekk hvorki kaffi, te eða áfengi og þá skýrast oft línurnar. Við mormónar reynum einnig að virða hvíldardaginn, sem er sunnudagur, og þegar allir þessir þættir eru teknir saman skerum við okkur kannski svolítið úr.“

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG
ÆTLA AÐ HRINGJA
Í EF FRÉTTABLAÐIÐ
KEMUR EKKI: **550 5000**



FRÉTTABLAÐIÐ

BANKASTJÓRN Seðlabanka Íslands [frá stofnun bankans 1961]

JÓHANNES NORDAL 1961-1993

MENNTUN: Doktorspróf í hagfræði frá University of London
FYRRI STÖRF: Hagfræðingur Landsbanka Íslands 1954-1958. Settur bankastjóri Landsbankans 1958. Bankastjóri Seðlabankans 1961.



JÓN G. MARÍASSON 1961-1967

MENNTUN: Verslunarnám í Kaupmannahöfn.
FYRRI STÖRF: Starfaði hjá Landsbankanum frá 1919-1957, bankastjóri Landsbankans 1945-1957. Bankastjóri Seðlabanka Íslands 1957-1967.



VILHJÁLMUR ÞÓR 1961-1964

MENNTUN: Skyldunám
FYRRI STÖRF: Ýmis störf hjá KEA frá unga aldri. Framkvæmdastjóri KEA 1923-1940 og einn af helstu trúnaðarmönnum forystu Framsóknarflokksins um áratugabil. Aðalræðismaður Íslands fyrir Bandaríkin 1940-1942. Utanríkisráðherra og atvinnumálaráðherra í utanþingsstjórn 1942-1944. Bankastjóri Landsbankans 1940-1941, 1944-1946 og 1954-1957. Forstjóri SÍS 1946-1954. Aðalbankastjóri Seðlabanka Íslands 1957-1961, þá skipaður bankastjóri Seðlabankans eftir nýju Seðlabankalögnum.



SIGTRYGGUR KLEMENSSON 1966-1971

MENNTUN: Lögfræðipróf frá Háskóla Íslands. Framhaldsnám í tolla- og skattalöggjöf í Kaupmannahöfn, Ósló og Stokkhólmi.



FYRRI STÖRF: Hafði eftirlit með tollgæslu utan Reykjavíkur 1938-1948. Fulltrúi í fjármálaráðuneytinu 1939. Forstöðumaður Skömmtunarskrifstofu ríkisins 1939-1947. Ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu 1952-1966. Í miðstjórn Framsóknarflokksins um árabíl.

DAVIÐ ÓLAFSSON 1967-1986

MENNTUN: Hagfræðipróf frá Kiel.
FYRRI STÖRF: Þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1963-1967. Varaþingmaður 1959-1963. Fiskimálastjóri 1940-1967.



SVANBJÖRN FRÍMANNSSON 1971-1973

MENNTUN: Nám í bankfræðum og tungumálum í Danmörku og Þýskalandi veturinn 1928-1929 og í London 1935-1936.



FYRRI STÖRF: Vann hjá Íslandsbanka og síðar Útvegsbanka Íslands á Akureyri 1920-1935. Vann hjá Landsbanka Íslands frá 1936, sem aðalfehirðir 1937-1942, aðalbókari og aðstoðarbanksstjóri 1945-1957, og bankastjóri frá 1957 til 1970.

GUÐMUNDUR HJARTARSON 1974-1984

MENNTUN: Skyldunám.
FYRRI STÖRF: Starfsmaður Sósíalístaflökksins 1946-56 og forstjóri Innflutningskrifstofunnar 1956-60. Vann ýmis störf fyrir Sósíalístaflökkin frá 1960.



TÓMAS ÁRNASON 1985-1993

MENNTUN: Lögfræðipróf frá Háskóla Íslands. Framhaldsnám í alþjóðaverslunarrétti við Harvard Law School, Bandaríkjunum.
FYRRI STÖRF: Þingmaður Framsóknarflokksins 1974-1985. Varaþingmaður á árunum 1954-1959 og 1967-1974. Fjármálaráðherra 1978-1979. Viðskiptaráðherra 1980-1983.



GEIR HALLGRÍMSSON 1986-1990

MENNTUN: Lögfræðipróf frá Háskóla Íslands. Framhaldsnám í lögfræði og hagfræði eitt ár við Harvard Law School, Bandaríkjunum.
FYRRI STÖRF: Þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1970-1983. Varaþingmaður á árunum 1960-1970. Forsætisráðherra 1974-1978. Utanríkisráðherra 1983-1986. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins 1971-1973, formaður flokksins 1973-1983.



Davíð Oddsson verður sautjándi bankastjóri Seðlabankans þegar hann tekur við því embætti 20. október næstkomandi. Seðlabanki Íslands var stofnaður 1961 en áður hafði Landsbanki Íslands gegnt hlutverki seðlabanka allt frá árinu 1927. Af sautján seðlabankastjórum hafa tólf verið pólitískt ráðnir. Þeir hafa ýmist gegnt þingstörfum og ráðherrastörfum eða starfað í innsta hring stjórnmalaflokks. Fimm bankastjórar hafa bakgrunn úr efnahagsgeiranum og hafa unnið sig upp í stöðu bankastjóra Seðlabankans. Þar á meðal er Jóhannes Nordal, sem hefur lengst verið starfandi bankastjóri, frá stofnun bankans 1961 allt til 1993, eða í 28 ár.

Einn hinna fimm gegndi stöðunni einungis tímabundið. Það var Ingimundur Friðriksson, aðstoðarbanksstjóri Seðlabankans, sem var settur í stöðuna eftir að Finni Ingólfssyni var veitt lausn frá embætti.

Átta ráðherrar bankastjórar

Nær helmingur seðlabankastjóra hefur áður gegnt ráðherraembættum ef einn ráðherra sem ekki var þingmaður er meðtalinn, framsóknarmaðurinn Vilhjálmur Þór, eða átta af sautján. Fjórir eru úr Framsóknarflokki, þrjár úr Sjálfstæðisflokki og einn úr Alþýðuflokki.

Alls hafa sex framsóknarmenn gegnt stöðu bankastjóra og hafa þrjár þeirra gegnt ráðherraembætti á vegum flokksins. Það eru þeir Tómas Árnason, Steingrímur



UM HELMINGUR SEÐLABANKASTJÓRA FYRRUM RÁÐHERRAR

Tólf af sautján seðlabankastjórum hafa verið pólitískt ráðnir. Flestir þeirra voru framsóknarmenn. Átta seðlabankastjórar voru áður ráðherrar. *Sigríður Dögg Auðunsdóttir* skoðar menntun og starfsreynslu seðlabankastjóra frá stofnun bankans 1961.

Hermannsson og Finnur Ingólfsson. Hinir framsóknarmennirnir þrjár, Vilhjálmur Þór, sem reyndar var utanríkisráðherra og atvinnumálaráðherra í utanþingsstjórn 1942-1944, Sigtryggur Klemensson og Jón Sigurðsson, voru meðal helstu trúnaðarmanna forystu Framsóknarflokksins um áratugabil.

Sjálfstæðismenn hafa átt fjóra bankastjóra að Davíð Oddssyni meðtöldum. Auk Davíðs hafa ráðherrarnir Birgir Ísleifur Gunnarsson og Geir Hallgrímsson horfið úr stjórnmalum í Seðlabankann en fjórði Sjálfstæðismaðurinn var Davíð Ólafsson, þingmaður flokksins.

Vinstriflokkarnir hafa átt tvo seðlabankastjóra. Sá fyrri var úr Sósíalístaflökkinum og fyrsti seðlabankastjóri úr þeim armi stjórnmalanna, Guðmundur Hjartarson. Hinn síðari er Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra Alþýðuflokksins.

Gagnrýni á ráðningar

Pólitískar ráðningar í stöðu seðlabankastjóra hafa löngum hlotið gagnrýni. Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, er ein þeirra sem fundið hafa að ráðningunum. Hún var ein

um og það er auðvitað erfitt að þurfa að búa við slíka tímaskekkju í stjórnerfinu.

Þorvaldur Gylfason hagfræðingur skrifaði grein í Morgunblaðið í október 1994 og gagnrýndi þar ráðningu Steingríms Hermannssonar í stól seðlabankastjóra. Þar sagði Þorvaldur: „Og nú er svo komið, að sá stjórnmalaleiðtogi landsins, sem jafnan hefur verið hægt að treysta best til að fjalla óskynsamlega um efnahags- og fjármál þjóðarinnar á undanförunum árum, er orðinn bankastjóri í Seðlabanka Íslands. Yfirgripsmikil vanþekking hans á efnahagsmálum er rómuð langt út fyrir landsteinana. Hann hefur lýst því yfir, að vestrænar hagstjórnaraðferðir eigi ekki við á Íslandi og öðru eftir því, og er nú orðinn einn helsti efnahagsráðnautur ríkisstjórnar Davíðs Odd-

sonar. Einn fyrirferðarmesti holdgervingur fortíðarvandans er orðinn yfirmaður bankaeftirlitsins!“

Á ekki að úthluta pólitískt

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar og bankaráðsmaður í Seðlabankanum, segir að stöðu seðlabankastjóra eigi ekki að úthluta pólitískt. Hún var einn þriggja þingmanna Samfylkingarinnar sem lögðu fram frumvarpið sem nefnt var hér að framan.

„Þeir sem veljast til starfs seðlabankastjóra eiga að hafa reynslu og þekkingu og helst menntun á því sviði. Þó að menn geti verið mætir og gegnir og allra góðra gjalda verðir er ekki þar með sagt að þeir passi endilega í starf seðlabankastjóra,“ segir Ingibjörg Sólrún. „Ég lít svo á að í slíkt starf, sem skiptir jafn



SIGURÐUR SNÆVARR
„Ég hef mikla trú á hagfræði og hagfræðingum en mér finnst fráleitt að það sé skilyrði til að gegna þessu starfi að menn hafi einhvern sérstakan bakgrunn.“



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR
„Það er ekki í takt við breytta tíma að standa svona að málum eins og gert er. Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun sem fer með stjórn efnahagsmála en ekki framlenging á ráðuneyti efnahagsmála.“



ÞORVALDUR GYLFASON
„Slíkir menn eru ekki taldir henta til seðlabankastjórarstarfa í nálægum löndum, ekki heldur í Afríku nema á stöku stað, og gildir þá einu, hversu vel þeir kunna að hafa reynst í ólgusjúk stjórnmalanna.“

STEINGRÍMUR HERMANNSSON 1994-1998

MENNTUN: Verkfræðipróf frá California Institute of Technology í Pasadena.
FYRRI STÖRF: Þingmaður Framsóknarflokksins 1971-1984. Dóms- og kirkjumálaráðherra og landbúnaðarráðherra 1978-1979. Sjávarútvegs- og samgönguráðherra 1980-1983. Forsætisráðherra 1983-1987 og 1988-1991. Utanríkisráðherra 1987-1988.



JÓN SIGURÐSSON 1993-1994

MENNTUN: Próf í þjóðhagfræði frá London School of Economics.
FYRRI STÖRF: Efnahagsstofnun 1964-1971. Forstöðumaður hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins 1972-1974. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar 1974-1986. Þingmaður Alþýðuflokksins 1987-1993. Dóms- og kirkjumála- og viðskiptaráðherra 1987-1988, iðnaðar- og viðskiptaráðherra 1988-1993.



FINNUR INGÓLFSSON 2000-2002

MENNTUN: Viðskiptafræðipróf frá Háskóla Íslands
FYRRI STÖRF: Aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra 1983-1987. Aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingaráðherra 1987-1991. Þingmaður Framsóknarflokksins 1991-1999. Formaður þingflokks framsóknarmanna 1994-1995. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra 1995-1999.



INGIMUNDUR FRÍÐRIKSSON 2002-2003

MENNTUN: Hagfræðipróf frá University of West-Virginia.
FYRRI STÖRF: Hagfræðingur hjá Seðlabankanum 1975-1982 og 1984-1986. Forstöðumaður alþjóðadeildar 1986-1991. Aðstoðarmaður fastafulltrúa Norðurlandanna í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1982-1984. Fastafulltrúi 1991-1993. Ráðnautur bankastjórnar Seðlabankans 1993-1994. Aðstoðarbanksstjóri Seðlabankans frá 1994. Settur tímabundið í starf bankastjóra eftir að Finni Ingólfssyni var veitt lausn frá embætti.





Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 6.36 13.25 20.11
 AKUREYRI 6.17 13.09 19.59
 Heimild: Almanak Háskólans

allt

ferðir o.fl.

BÚAPEST
 Perlan við Dóná
 BLS. 8

tíska o.fl.

TÍSKUVIKA Í NEW YORK
 Nicole Miller sýnir vor- og
 sumarlinuna BLS. 6

bílar o.fl.

BMW1
 Lúxus í litlum bíl
 BLS. 2

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚDKAUP TILBOÐ O.FL.

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 10. september,
 253. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Pabbi,
 er grasekkja
 eiginkona
 grænmetisætu
 sem er dáiin?



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
 SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á vísir.is

vísir



Kádiljunkturinn hans Magnúsar Víkingar er ofurjeppi og Triumph-hjólíð er aflmesta fjöldaframleidda hjólíð í heiminum í dag, 2.300 kúbik. Svo á hann líka Honda Goldfinger-hjól sem er allsett málverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Náði ekki af mér brosinu

Magnús Víkingur Grímsson á nokkur einstök farartæki. Þar á meðal er kraftmesti Kádiljunktur landsins.

„Sumir vilja vera öðruvísi en aðrir og stundum þurfa þeir hjálpartæki til þess. Ég er svo venjulegur sjálfur að ég þarf óvenjuleg tæki til að láta bera á mér,“ segir Magnús Víkingur hlæjandi þegar hann er spurður út í tækjabakteríuna. Kádiljunkturinn hans er af árgærd 2003 og Magnús fullyrðir að hann sé sá aflmesti á landinu. „Ég keypti hann af kaupslumanni sem kom honum ekki fyrir í bílskúrnum fyrir Porsche-um. Hann lét setja í hann supercharger-blásara til þess að breyta upphaflegu vélinni úr 340 hestöflum í 540. Þá þurfti að taka allt bremsukerfið í gegn til að hann mætti vera á götunum með svona aflmikla vél og svo þurfti að breyta

tölvukerfinu líka. Þetta var allt gert í Ameríku af dótturfyrirtæki Kádiljaks en þeir selja ekki svona búnað öðruvísi en að ganga frá honum sjálfir.“

Magnús kveðst hafa verið hamingjusamur eigandi nýs og breytts Ranger Rovers þegar kunninginn rétti honum lyklna að Kádiljæknum og sagði honum að prufa. „Þá var fjandinn laus. Ég tættist á bílnum um borgina og náði ekki af mér brosinu fyrr en löngu eftir að ég var búinn að leggja honum því þetta er ofurjeppi.“

Magnús segir Kádiljækinn engan fjallabíl heldur „sýndarmennsku“ borgarbíl.

„Ég hef voðalega gaman af að taka af stað á grænu ljósi við hliðina á Porsche-um og skilja þá eftir en ef það gerist að morgni til vakna allir í nærliggjandi húsum því hávaðinn er svo mikill,“ segir Magnús Víkingur glettinn.

gun@frettabladid.is


LIGGUR Í LOFTINU

[BÍLAR - TÍSKA - FERÐIR]

Heildarsala BMW jókst óvenjumikið í nýliðnum ágúst mánuði, um tæp 24 % miðað við sama mánuð í fyrra. Söluaukningin síðastliðna átta mánuði nemur 11% borið saman við sama tímabil í fyrra. Ágúst mánuður var einnig óvenjugóður fyrir BMW hér á landi, salan var næstum þrisvar sinnum meiri en í sama mánuði í fyrra. Heildarsala BMW hefur því aukist um rúm 55 prósent, sem er ívið meira en nemur heildarsöluaukningunni á bilamarkaði.

Naomi Campbell ætlar að gefa laun sín fyrir tiskuvikuna í

New York til fórnarlamba fellibylsins Katrinar í New Orleans. Hún hefur boðið hvaða tiskuhönnuði sem er vinnu sína, svo lengi sem þeir borgi ferð hennar til New Orleans. Fyrsta fyrirsætustarfið hennar var í New Orleans þegar hún var fimmtán ára og segist hún vilja gera allt til að hjálpa.



Fáskrúðsfjarðargöng voru formlega opnuð í gær við hátiðlega athöfn. Göngin eru 5,9 km löng, þar af 5,7 km göng í bergi og 200 m langir vegskál-ar. Nýir aðkomuvegir eru 1,9 km Reyðarfjarðarmegin og 6,6 km Fáskrúðsfjarðarmegin.

TOYOTA-þjónusta

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUFUNNS

Tjónaskoðun

- Nútíma verkstæði og fullkominn tækjabúnaður
- Gæðavottað verkstæði af Bilgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta

CABAS
 Verkstæði



Réttum og málum allar tegundir bíla


Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is

Engar kólfloškur Flöskur og dósir utan af drykkjarvörum ættu aldrei að liggja á gólfi bifreiðar. Þær geta rúllað undir bremsufótstigið og skapað mikla hættu.



**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.**

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is



Allt sem þú þarft og meira til



Allt um atvinnu á sunnudögum í Fréttablaðinu.



REYNSLUAKSTUR

BMW 1 sker sig vel úr fjöðdanum.

Lúxus í nettum bíl

BMW 1, eða ásinn eins og hann er kallaður, þekktist á löngu færi því enginn bíll líkist honum í útliti. Þegar inn er komið blasir við lúxusviðmót eins og við er að búast í BMW og aksturseginnleikarnir svíkja engan.

Ásinn er minnsti bróðirinn í BMW-fjölskyldunni og kemur til móts við þarfir þeirra sem langar í. Ásinn svokallaði er því svolítið öðruvísi en hinn dæmigerði BMW. Hann er smábíll með þeim kostum sem því fylgja, meðal annars því að vera meðfærilegur í borgarumferð. Vissulega er bíllinn ekki í smæsta flokki en þó það nettur að hann hentar vel í stórborgarumferð og bílþróng en samt er hann nógu stór til að vera ágætur fjölskyldubíll.

Ásinn hefur líka sportlega eiginleika. Fyrst er auðvitað að nefna útlitið, sem er sportlegt með löngum framenda og hárrí hliðarlínu. Sömuleiðis er fremur lágt setið í bílnum, sem gefur skemmtilega tilfinningu, ekki síst þegar aðeins er gefið í. Auk þess er bíllinn aflmikill og liggur vel á vegi. Ein sérstafa BMW er afturhjóladrifið, sem nánast er aflagt hjá öðrum framleið-

BMW 1 LÍNA – 5 DYRA

vél	l/100	sek í 100	hestöfl	verð
116i 1,6	7,5	10,8	115	2.390.000
118i 2,0	7,7	10	129	2.580.000
120i 2,0	7,4	8,7	150	2.780.000
118d 2,0	5,6	10	122	2.660.000
120d 2,0	5,7	7,9	163	2.870.000

endum. Bíllinn er svo þannig byggður að jafn þungi er á fram- og afturásnum, sem gerir bíllinn afar stöðugan og skemmtilegan á vegi.

Inni í bílnum er plássíð gott. Sætin eru þægileg og plássíð gott frammí. Sama er að segja um aftursætin þótt plássíð þar sé vissulega minna. Bíllinn er vel búinn öllum þægindum, til dæmis góðum og aðgengilegum geymsluhólfum. Öryggismálin eru líka til fyrirmyndar, stöðugleikastýring er staðalbúnaður, sex loftþúðar og sérstyrktir stálbitar og dekkirn eru hönnuð þannig að hægt er að aka á þeim sprungnum í allt að 250 km á 80 km hraða.

Ef tína ætti til einhverja galla á þessum bíl mætti kannski nefna hina háu hliðarlínu, sem samt er lykilatriði í sportlegu og flottu útliti bílsins, en ásamt lágru setu takmarkar hún nokkuð útsýni til hliða vegna þess hve hár glugginn er,



Afturendinn er rennilegur.

sérstaklega fyrir lágvaxið fólk.

Reynsluekið var 118i-gerðinni, sem er með tveggja lítra vél og 129 hestöfl. Aflíð er aldeilis ljómandi í þeim bíl, sjálfskiptingin þýð og skemmtileg og handskiptimöguleikinn er skemmtileg viðbót. Nýjasta viðbótin í ásnum er svo 130i, sem er sportlegri en bræður hans, búinn sex girra 2.996 cc 265 ha magnesíum/ál vél og fer í hundraði á aðeins 6,1 sekúndu. Þann bíl er hægt að sérpanta hjá B&L.

steinunn@frettabladid.is



Útvarpi og miðstöð er haganlega fyrir komið.

Lykillinn fer í rauf og bíllinn er ræstur með því að ýta á start-hnappinn.

Mælaborð og aksturstólva eru skilmerkileg.

NAZRAN
FATNAÐUR

Full búð af Nazran mótörhólafatnaði á ótrúlega hagstæðu verði.

Yamaha-búðin, Nýbýlavegi 2, 200 Kópavogi, s. 570 5300.

Xtra, Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbæ, s. 421 1888.

Toyota, Baldursnesi 1, 603 Akureyri, s. 460 4300.



Öryggi, gæði og still



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Skoðunarskandallinn ógurlegi

Hönnun nýrra bíla hefur tekið miklum framförum á síðustu árum. Einföld dæmi eru til dæmis „vöðva“stýrið sem hefur vikið fyrir rafeindastýrðu vökvastýri sem léttist eða þyngist eftir aðstæðum. Fyrsti bíllinn minn var með kassettutæki og þótti gott. Í dag eru bílar með innbyggða DVD-spilara, sjónvarpsskjái, leiðsögu- og aksturstölvu sem talar, gervihnattaútlarp með innbyggðum síma og glasahaldara aftur í.

Þetta hefur þó ákveðna ókosti. Elsti bíllinn á heimilinu er nefnilega þannig að ef eitthvað bílar þarf bara að losa þrjár skráfur til að komast að því og skipta út fyrir nýtt. Sá nýjasti á heimilinu er öðruvísi. Ef eitthvað bílar þarf ég að fara upp í háskóla, finna tölvunarfræði- eða rafmagnsverkfræðinema, fá þá til að gera alls konar prófanir og reiknilkön og svo laga þeir bílinn í gegnum tölvupóst. Eða svona næstum því.

Bílar eiga auðvitað að vera í lagi, hvort sem til þarf skráfjárn eða tölvubúnað, og það getur verið lífsspursmál að komast að bilunum í tæka tíð. Þess vegna leiðist mér þegar fólk segir að starfsmenn skoðunarstöðva séu drifnir áfram af misgöldum hvötum. Þeir benda oft á bilanir sem gætu komið manni illa síðar. Og það er gott. Maður heyrir samt sögur af konum sem brosa fallega og körlum sem bjóða í nefið. Þannig á að vera hægt að sleppa í gegn og keyra annað ár á tifandi tíma-sprengju.

Á heimilinu var til þriðji bíllinn. Gamall og ljótur en fór alltaf í gang. Hann átti að skoða í ágúst. Ég vissi af einu og öðru sem ætti eftir að vekja athygli og var satt að segja ekki í neinu skráfjárnssuði. Ágúst leið því hægt og rólega og samviskubitið barst mér á gulum miða frá skoðunarstöðinni. „Ertu að gleyma þér?“ spurði það.

Fyrsta september gafst ég upp. Í óstuði mínu hringdi ég í góðan vin minn sem ég veit að á gott skráfjárn og er stundum í stuði. Bauð honum bílinn fyrir andvirði rafgeymis gegn því að hann tæki við honum óskoðuðum. Samningar tókust og nú er vinurinn með skráfjárníð á lofti.

Næsta bíl á að skoða í janúar. Hann er miklu yngri og í toppstandi. Ég er samt byrjaður að safna neftóbaki og æfi brosið fyrir framan spegilinn ótt og títt. Vinurinn kann nefnilega ekkert í tölvunarfræði...



AB-VARAHLUTIR

Sérhæfð verslun með bifreiðavara hluti.

Áhersla er lögð á gæðavottaða vöru og mikið úrval.

Sérpantanapjónusta.

Betri vara – betra verð!



Nissan



Toyota



Porsche



Nissan

AB-varahlutir
Bíldshöfða 18
Sími: 567 6020
www.abvarahlutir.is

Höfum ýmsa mjög fallega og vandaða aukahluti frá þýskalandi úr ryðfríu stáli fyrir eftirfarandi bíltegundir.

BMW, Chrysler, Daihatsu, Ford, Honda, Hummer, Hyundai, Isuzu, Kia, Lada, Lexus, Mazda, Mercedes, Mitsubishi, Nissan, Porsche, Renault, Rover, Smart, SsangYong, Subaru, Suzuki, Toyota, Volvo, VW Volkswagen

Höfum einnig góðan lager Boddí ljós og slithluta fyrir flesta Evrópu og Asíubíla

Nokkrir góðir á Kletthálsinum!



Range Rover HSE 4,6 sjálfsk.
árg. 99 ek. 123.000
verð 2.880.000 kr.



Chevrolet Lacetti sjálfsk.
árg. 04 ek. 5.200
verð 1.400.000 kr.



VW Transporter 8 manna
2,5 dísil beinsk.
árg. 04 ek. 25.000
verð 2.990.000 kr.



MMC Lancer sjálfsk.
árg. 04 ek. 40.500
verð 1.480.000 kr.



Suzuki Ignis 4x4 beinsk.
árg. 01 ek. 37.600
verð 790.000 kr.



Peugeot 406 sjálfsk.
árg. 01 ek. 44.000
verð 1.190.000 kr.



VW Polo 1,2 beinsk.
árg. 04 ek. 29.000
verð 1.110.000 kr.



Skoda Octavia beinsk.
árg. 04 ek. 30.000
verð 1.480.000 kr.

Opíð mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Bónarinn (Bing-Bing) 554 1091
663 5282

Mössun • Bón • Alþrif
Afhreinsun merkinga
Djúphreinsun



Skemmuvegi 28 - Bleik gata - Kópavogur

olis SMURSTÖÐIN

Vogar

20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

VÉLASTILLING S.F.

AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar
með fullkomnum stillitækjum

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS



TOYOTA viðgerðaraðili Almennar bílaviðgerðir


Skemmuvegi 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

989
BYLGJAN

Gulli Helga
Laugardagsmorgna 9-13




Allt sem þú þarft
og meira til



allt

Allt um fasteignir
og heimili
á mánudögum í Fréttablaðinu.




BÍLASÖLUSVÆÐIÐ VIÐ KLETTHÁLS RÚMAR ALLT AÐ ÞÚSUND BÍLA OG ER HIÐ GLÆSILEGASTA.

Allt að 1000 bílar á einum stað

Við Klettháls hefur verið byggt upp bílasöluvæði sem er sannkallaður draumur fyrir þann sem er að leita sér að notuðum bíl.

Birgir Reynisson og börnin hans Agnar og Sif standa á bak við framkvæmd bílasöluvæðisins við Klettháls. Það er byggt upp að erlendri fyrirmynd og búið að vera lengi á teikniborðinu. „Þetta er okkar fjölskyldufyrirtæki, við byggðum svæðið upp og leigðum svo plássin út.“ Fjölskyldan fór af stað með hugmyndina fyrir um ári síðan, svæðið rúmar allt að þúsund bíla og nú eru þar fimm bílasölur. Mikið var lagt upp úr að svæðið hefði upp á fjölbreytni að bjóða og væri aðgengilegt bæði fyrir kúnna og söluaðila. „Þetta er mjög sérstakt og hefur lengi vantað,“ segir Birgir. „Svæðið er vel heppnað og mest um vert að kunnarnir séu ánægðir. Það styrkir alla söluaðila



SYSTKININ SIF OG AGNAR ERU LÖGGILDIR BÍLASALAR OG STARFA MEÐ FÖÐUR SÍNUM.

að vera á sama svæði, viðskiptavinirnir hafa úr meiru að móða og hér er gott aðgengi“. Sif og Agnar verða vör við að fólk sé ánægð með að þurfa bara að fara á einn stað til að sækja þjónustuna. „Bílastæðin eru næg, fólk getur annað hvort gengið eða ekið um svæðið og auðveldlega farið út úr bílum sínum til að skoda,“ segir Agnar. Aðgengið er til fyrirmyndar og segir Birgir það mikið atriði að hver bill fái að njóta sín enda hafa þau fengið jákvæð viðbrögð frá viðskiptavinum sínum. „Það var mikið lagt í þetta varðandi hönnun og gerð húsa,“ segir Birgir. „Húsin eru örlítið hækkuð upp og gluggar eru allan hringinn þannig að sölumaðurinn hefur yfirsýn yfir planið. Hingað

til hafa menn verið í bröggum, skemnum og gömlum bílaverkstæðum og að því leyti er þetta algjör bylting því starfsaðstadan er mjög sérstök.“ Sif segir að aðsókn söluaðila í plássin hafi verið mikil en þau hafi vandað valið vel með það að markmiði að svæðið ein kenndist af fagmennsku. Þau eru einnig vör við jákvæð áhrif þess á samkeppnina að hafa margar bílasölur á sama stað. „Samvinna á svæðinu er góð og þegar svona margir koma saman með sömu þjónustuna býður það upp á ýmsa möguleika að gera sem best fyrir kunnann. Þetta er mjög sérstakt starfsumhverfi þar sem allir eru vinir og allir vinna saman,“ segir Birgir. ■

BÍLASÖLUR Á SVÆÐINU VIÐ KLETTHÁLS

- Bílalíf
- Bílaping Heklu
- Heimsbílar
- Höfðahöllin
- Toppbílar



Í tilefni samstarfs Öskju og Iglhaut verður haldin sýning í Öskju í dag. Fjórir bílar af gerðinni Mercedes-Benz Sprinter, breyttir af Iglhaut í mismunandi útfærslum, verða til sýnis hjá Öskju.

Askja hefur samstarf við Iglhaut frá Þýskalandi

Bílar kynntir á laugardag hjá Öskju.

Bílaumboðið Askja, sem er sölu- og þjónustuaðili Mercedes Benz á Íslandi, hefur hafið samstarf við þýska breytingafyrirtækið Iglhaut og samstarfsaðila þess Enta ehf. Fyrirtækið sérhæfir sig í breytingum á Mercedes-Benz Sprinter og leggur áherslu á að nota sem mest af upprunalegum varahlutum frá Mercedes-Benz svo auðvelt sé að nálgast varahluti hvar sem er í heiminum. Aldrifsbreytingar Iglhaut eru viðurkenndar af framleiðanda Mercedes-Benz og helst því verksmiðjuábyrð óskert.

Hjá Öskju er hægt að fá Mercedes-Benz Sprinter í ýmsum útfærslum, svo sem vinnuflokkabíla-, ferðaþjónustubíla-, sjúkra-bíla-, björgunarbíla- og húsbílaútfærslum.

Síðan 1983 hefur breytingaverkstæði Iglhaut í Þýskalandi (Iglhaut-Allrad) skapað sér nafn sem frumkvöðull í aldrifsbreytingu á Mercedes-Benz atvinnubílum. Breytingin á bílnum fer alfarið fram í breytingasmíðju Iglhaut í Markbreit í Þýskalandi en Askja annast ábyrgðar- og viðgerðaþjónustu hér á landi. ■

bílamarkaður }



Samstarf Fiat og Ford

FIAT Á ÍTALÍU SEM HEFUR UM HRÍÐ LEITAÐ AÐ NÝJUM SAMSTARFSADILA GENGUR NÚ TIL SAMSTARFS VIÐ FORD.

Fiat á Ítalíu tilkynnti það á dögunum að hjá fyrirtækinu væru uppi áform um að fara í samstarf við annað fyrirtæki fyrir árslok. Í gær kom í ljós að þetta fyrirtæki er Ford Motor.

Sérfræðingar hafa metið stöðuna svo að Fiat þyrfti á sterkum samstarfsaðila að halda til að draga úr kostnaði, þar sem samkeppni á bílamarkaði fer harðandi vegna offramboðs á bílum og ætti samstarfið við Ford að uppfylla þær þarfir.

Samstarf Fiat við General Motors fór út um þúfur í febrúar síðastliðnum og hefur Fiat leitað að nýjum samstarfsaðila síðan. Samstarfið við Ford verður ekki eins víðtækt og áætlað var í samningaviðræðum Fiat við GM, heldur snýr fyrst og fremst að þróun smábíla fyrirtækjanna, nýjum Fiat Cinquecento og Ford KA



Gott vaxkerti, húfa og rúðuskafa eru meðal þess sem Ásgeir Ásgeirsson ferðamannskubílstjóri mælir með að fólk hafi í bílnum yfir veturinn.

Skófla, teygjuspotti og loftdæla þurfa að vera í skottinu

Ásgeir Ásgeirsson hefur fimmtán ára reynslu af jeppamennsku. Hann veit upp á hárfar þarf að vera í bílnum áður en lagt er upp í ferð að vetri.

Sumarið er liðið og ágætt að fara að gera klárt fyrir veturinn áður en hann skellur á af fullum þunga. Ásgeir Ásgeirsson ferðamannskubílstjóri segir hér frá því sem hann telur að þurfi að vera í fólkabíl til að hann geti talist tilbúinn fyrir veturinn.

„Eitt það mikilvægasta er efni til að hreinsa dekkinn. Það er líka alltaf gott að hafa húfu, vettlinga og annan fatnað í bílnum. Ef fólk á litla skóflu er það mjög sniðugt. Eins nesti ef ferðast er á þjóðvegum og tólf volta vinnuljós,“ segir Ásgeir.

„Eitt láist fólk líka oft að hafa í bílnum á langferðum og það er gott og stórt vaxkerti sem stendur vel.

Ef bíllinn festist í skafli má ekki hafa hann í gangi vegna hættu á koltvísyringseitrun. Þá er gott að hafa svona kerti því það getur haldið yl í bílnum í marga klukkutíma. Góð rúðuskafa er líka nauðsynleg og rúðuvökvi sem þarf að þola 14-16 stiga frost. Í dag eru til léttar og nettar keðjur, úr plasti eða vír, sem auðvelt er að smeygja á hjólin ef maður lendir í ógöngum. Þá getur líka verið gott að hafa loftmæli því meira að segja fólkubíladekk gripa aðeins betur ef smá lofti er hleypt úr.“

Ætli fólk hins vegar í fjallaferðir á breyttum bílum að vetri til bæstist aðeins við listann:

„Þá viljum við hafa stóra og öfl-

uga skóflu, teygjuspotta, jafnvel drullutjakk og auðvitað loftdælu til að geta pumpað í og hleypt úr til skiptis. Þá eru margir með kolsýrukúta til að geta sprengt dekk upp á ef þeir affelga. Ég ráðlegg fólk alls ekki að gera það með því að kveikja í startgasi, slíkt getur endað illa,“ segir Ásgeir.

„Að lokum er það svo GPS-tækid. Það ætti alltaf að vera í bílnum, líka í sólskini, því maður veit aldrei hvenær vondu veðrið skellur á.“

Það þarf líka að læra á tækin og gott að æfa sig að keyra eftir þeim til og frá vinnu til dæmis. Þá skilur maður hvernig tækið virkar þegar á reynir.“ ■

Nýtt húsnæði með stórum sýningarsal

Brimborg verður formlegur umboðsaðili Mazda á Íslandi frá og með 1. október.



Brimborg hefur tekið við Mazda-umboðinu á Íslandi.

Mazda Motors hefur gert formlegan samning við Brimborg ehf. um að veita heildarþjónustu hér á landi á sviði sölu, viðhalds- og viðgerðarþjónustu Mazda og tekur Brimborg við sem umboðsaðili Mazda á Íslandi hinn 1. október

næstkomandi. Fyrirtækið mun á næstu mánuðum hefja sölu á Mazda og veita alhliða þjónustu samkvæmt gæðastöðlum Mazda í nýju húsnæði við Bíldshöfða 8, á lóðinni við hlið Brimborgar við Bíldshöfða 6. Framkvæmdir við nýtt húsnæði Mazda eru hafnar og gera áætlanir ráð fyrir að formleg markaðsfærsla á Mazda, undir fána Brimborgar, hefjist á árinu eða jafnskjótt og framkvæmdum lýkur.

Sýningarsalur fyrir Mazda auk vara- hlutaverslunar, hraðþjónustu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu Mazda verður í 1.800 fermetra húsnæði á 6.000 fermetra lóð. Framkvæmdastjóri fyrir Mazda hjá Brimborg er Þórður Gunnarsson, sem áður gegndi starfi sölustjóra hjá Heklu og Öskju. Um 25 manns munu starfa hjá Mazda á Bíldshöfða 8.

Umhverfið á oddinn

Hyundai hefur stofnað rannsóknarmiðstöð fyrir þróun umhverfisvænna bíla.

Hyundai Automotive Group opnaði í vikunni nýja rannsóknarmiðstöð sem verður helguð rannsóknum og þróun á umhverfisvænum bílum. Fjárfestingin í miðstöðinni nemur samtals 7,5 milljörðum króna, en miðstöðin er í nýrri fjórtán þúsund fermetra byggingu í útjaðri Seúl.

Byggingin sjálf er ekki bara umhverfisvæn í orði heldur einnig á borði. Byggingarefni eru umhverfisvæn, til dæmis eru gólfín úr endurunnum hjólbörðum. Rafmagn til lýsingar er fengið úr sólarrafhlöðum og til að orkunýting verði enn umhverfisvænari er sú raforka sem tilraunir með rafala gefa af sér nýtt innan stöðvarinnar. Þá eru salernin í byggingunni búin umhverfisvænni loftþrýstítækni, sem sparar um 1.500 tonn af vatni árlega. Hyundai hefur á undanförunum árum vakið verulega athygli fyrir nýja gerð af vetnikninum efnarafólum og hafa



Umhverfisrannsóknarmiðstöð Hyundai er í útjaðri Seúl.

bæði Santa Fe og Tucson komið vel út í prófunum með þeirri tækni. Á síðasta ári hlaut Hyundai síðan styrk til að kanna möguleika á fjóldaframleiðslu þessarar tækni fyrir almenna bílamarkaðinn.

BÍLL OG DUBLIN F/2



Öllum tilboðsbílum fylgir flug og gisting fyrir 2 til Dublin!

ÚRVAL ÚTSÝN



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 1.090 þús. stgr.

Ásett verð kr. 1.250 þús.

SSsangyoung Musso 2.9 TD-I, 6/1998, ek. 143þús, beinskíptur, 33" breyttur, álfelgur, fjarstýrðar samlæsingar, cd, spoiler, stigbretti ofl.



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 690 þús. stgr.

Ásett verð kr. 850 þús.

SSsangyoung Musso E-23, 4/1997, ek. 134þús, sjálfskíptur, álfelgur, dráttarkúla, rafm. í rúðum og speglum, þakbogar ofl.



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 1.950 þús. stgr.

Ásett verð kr. 2.150 þús.

Daewoo Musso Grand Luxe 2.9 TD-I, 9/2002, ek. 83þús, beinskíptur, álfelgur, dráttarkúla, rafm. í rúðum og speglum ofl.



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 1.190 þús. stgr.

Ásett verð kr. 1.390 þús.

Daewoo Musso Grand Luxe 2.9 TD-I, 7/1999, ek. 136þús, beinskíptur, ABS, álfelgur, dráttarkúla, cd, rafm. í rúðum og speglum ofl.



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 790 þús. stgr.

Ásett verð kr. 860 þús.

Daewoo Kalos 1.4 SX, 6/2003, ek. 37þús, ABS, cd, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar, spoiler ofl.



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 650 þús. stgr.

Ásett verð kr. 790 þús.

Nissan Patrol gr 2.8 Diesel Turbo, 8/1992, ek. 263þús, álfelgur, cd, dráttarkúla, rafm. í rúðum og speglum ofl. Vél og girkassi upptekin, keyrð ca 100þús.



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 690 þús. stgr.

Ásett verð kr. 890 þús.

Opel Astra 1.2 STW, 3/2001, ek. 77þús, filmur, fjarstýrðar samlæsingar, segulband ofl.



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 490 þús. stgr.

Ásett verð kr. 690 þús.

Opel Vectra 1.6 STW, 1/2000, ek. 182þús, ABS, dráttarkúla, cd, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar ofl. Nýtt hedd, timareim ofl.



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 490 þús. stgr.

Ásett verð kr. 690 þús.

Kia Clarus GLX 2.0 S/D, 11/1999, ek. 61þús, beinskíptur, ABS, álfelgur, cd, rafm. í rúðum og speglum ofl.



TILBOÐ

BÍLL & DUBLIN

Kr. 790 þús. stgr.

Ásett verð kr. 950 þús.

Daewoo Kalos 1.4 SE, 5/2004, ek. 47þús, ABS, rafm. í rúðum, segulband ofl.

Aðeins brot af tilboðsbílum
BÍLDHÖFÐA 10 • Símar 577 2800 & 587 1000

Bílaútd
Benna
NOTAÐIR BÍLAR

Vettlingar eru nauðsynlegir þessa dagana. Þótt vettlingar séu fyrst og fremst skjólflikur þá geta þeir líka verið hin mesta tískuvara. Úrvalið er mikið og það er tilvalið að fjárfesta í litríkum og skemmtilegum vettlingum fyrir veturinn.



Argos Pantíð núna Frábær verslunarmáti

THE BIG ONE
From the ordinary...
to the extraordinary...
...and everything in between!

Yfir 3600 fleiri vöruflokkar
www.argos.co.uk

additions
Nýjasta fatatískan í stærðum fyrir alla fjölskylduna
www.additionsdirect.co.uk

B. Magnússon
Austurhrauni 3, Gbæ s: 555-2866
www.bmagnusson.is bm@bmagnusson.is
Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-14
ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR Í VERSLUN



Kvenlegur fjólblár og gylltur kjóll sem tekinn er saman undir brjóstunum með glitrandi belti.



Fjólbláti liturinn, mynstur og flögrandi efni voru áberandi á sýningunni.



Ekkert lát virðist á gylltu tiskunni.



Punnur hvítur kjóll með gylltum palliettum á berustykki.



Kvenlegar og krúttlegar jakkapeysur eru notaðar yfir kjóla.

MC PLANET

Opið
Mán - fös 10-18
Laugardaga 11-14

MCPlanet
AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ
SÍMI 533 3805

!

Talstöðin
FM 90,9



172,1 fm., þ.a. 30,2 fm. innbyggður bílskúr, 4ra til 5 herbergja raðhús með tvennum svölum. GLÆSILEG HÖNNUN, BIRTA, ÚTSÝNI - EIGN Í

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar • Mörkín 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Draumahús 530 1800

www.draumahus.is

Opið hús í dag milli kl 17.00 - 18.00
að Hringbraut 41 107 Rvk.



18.700.000

3ja herbergja 93,2 fm. íbúð á 3. hæð. Íbúðin er björt og skemmtileg með svölum til suðurs. Stutt er í Háskóla Íslands og aðra þjónustu.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar • Mörkín 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Draumahús 530 1800

www.draumahus.is

Opið hús í dag milli kl 16.00 - 17.00
að Laufengi 23 112 Rvk.



16.800.000

Falleg og björt 79,5 fm. 3ja herb. íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar • Mörkín 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

LUNDUR
FASTEIGNASALA

SÍMI 533 1616 • FAX 533 1617
SÚBURLANDSBRÁUT 10 • 2. HÆÐ • OFAN VÍÐ BLÓMASTOFU FRÍÐFINNS • 108 REYKJAVÍK
Jóhannes Ásgeirsson hdl., löggiltir fasteignasali

FRÓÐENGI 14 – ÚTSÝNI

OPIÐ HÚS MILLI KL. 16 OG 18



Björt og falleg íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu. Fallegt útsýni. Flísalögð forstofa, góðir skápar, 3 herbergi með skápum, baðherbergi með baðkari, rúmgóð stofa/borðstofa m/ útgengi á góðar suðurvalir, eldhús með ljósum innréttingum og góðum borðkrók. Þvottahús inni af eldhúsi. Góð sameign. Stutt í alla þjónustu, m.a. Borgarholts- og Engjaskóla, leikskóla, Spöngina o.fl. **Verð 22,9 millj.**

OPIÐ Á LUNDI KL. 12-14 LAUGARD. OG SUNNUG.

Allt sem þú þarft
og meira til



allt

Allt um fasteignir
og heimili
á mánudögum í Fréttablaðinu.



Rauðavað

Sölusýning í dag
milli 14 og 16



Rauðavað 13 - 25

Sölusýning í dag á milli 14 og 16

Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir, frá 83,9m² - 117,7m² í þrjúgjá hæða fjölbýlishúsum ásamt stæði í upphitaðri bílageymslu á frábærum stað í Norðlingaholti.

Íbúðirnar skilast fullbúnar en án gólfefna, nema á baðherbergjum og þvottahúsum verða flisar. Lóðir verða frágengnar.

Arkitekt er Kristinn Ragnarsson.

Sérsmíðaðar eldhúsinnréttingar sem ná upp í loft, granítborðplötur. Siemens eldhústæki og uppþvottavél fylgir með. Granít í sólbekkjum. Fataskápar úr eik. Baðherbergi með flisum á gólfi og veggjum, innrétting með granítborðplötu, upphengt wc, handklæðaofn og hitastýrð blöndunartæki. Þvottahús innan íbúðar með flisum á gólfi og skolvaski. Innihurðar yfirfelldar og úr eik. Húsin eru staðsteypt á hefðbundinn hátt, máluð í ljósum lit. Útidyrhurðir og gluggar úr jatöba harðviði. Mynddyrasími fylgir. Stéttar mest húsumum verða með hitalögn. Bílastæði verða malbikuð.

Lóðir verða frágengnar með grasþökum, trjám og gróðri. Byggingaraðili er Lindarvatn ehf.

Allar nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofum söluaðila.

Hússins 533-4300 og Smárans 564-6655

SMÁRINN

FASTEIGNASALA

- heilsbugar um þinn hag -

Verslunarmiðstöðinni

Smáralind

201 Kópavogur

Sími 564 6655



FASTEIGNASALA

- heilsbugar um þinn hag -

Suðurlandsbraut 50

bláu húsin v/Faxafen

108 Reykjavík

Sími 533 4300

SJÓNARHORN



Svartifoss í Skaftafelli. Ljósmynd: Gunnar V. Andrússon

SVIPMYND

Djúpavík: Kauptún við samnefnda vík við innanverðan Reykjarfjörð á Ströndum.

Upphafið: Elías Stefánsson hóf starfsemi þar árið 1917 og rak síldarútgerð og síldar-söltun í nokkur ár.

Sérkenni: Klettabeltið Lægribrún með tilkomumiklum fossi setur sterkan svip á staðinn.

Þáttur í sögunni: Frá árinu 1935 til 1944 var athafnalíf fjörgt í Djúpuvík en þá hvarf síldin úr Húnaflóa.

Hús: Síldarverksmiðjan var reist 1934-1935 og er mikið mannvirki. Hún er nú til sýnis fyrir ferðamenn undir leiðsögn.

Íbúatala nú: Fjórir eru skráðir til heimilis í Djúpuvík en þó eru aðeins tveir búsettir þar allt árið. Á sumrin er þó búið í allmörgum húsum.

Mannfagnaður: Djúpuvíkurdagur er ávallt haldnir um miðjan ágúst. Þá er hátíð.

Frægt: Talið er að hluti bókarinnar Guðsgjafaþulu eftir Halldór Kiljan Laxnes gerist í Djúpuvík.

Gott að vita: Hótel Djúpavík er opið allt árið.



Ljósheimaskólinn

Vegur til andlegs þroska og þekkingar

Skólinn er fyrir alla þá sem vilja kynnast fleiru en hinu efnislega og öðlast víðari sýn á heiminn. Námið er byggt upp á fyrirlestrum, fræðslu, hugleiðslu og öðrum æfingum.

Námið hefst 14. september

Nánari kynning á Ljósheimadegi, Brautarholti 8, 11. sept. frá 13-18, á www.ljosheimar.is eða í síma 862-4545

KOLAPORTIÐ

Pantaðu bás
á netinu
Kolaportid.is

opið um helgar kl. 11-17

birta

LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið annað kvöld, kl. 19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 130 verk, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Galleríi Fold, Rauðarárstíg 14 - 16,

í dag kl. 11.00 - 17.00, á morgun kl. 12.00 - 17.00.

Sími 551 0400.

Hægt er að nálgast uppboðsskrána á netinu: www.myndlist.is

LISTMUNASALA

fold



Við í Ljósheimum bjóðum ykkur velkomin á Ljósheimadag

-Opið hús sunnudaginn 11. september kl. 13-18

Ljósheimar eru leiðandi miðstöð í heilsu líkama og sálar. Þar starfa heilarar, nuddarar, nálastungufræðingur, höfuðbeina- og spjaldhryggsgjafnarar, Bowen meðferðaraðili og hómópati.

Að þessu sinni verður sérlega vegleg kristallasýning og fyrirlestrar um kristalla og notkun þeirra, reglulega yfir daginn. Að venju bjóðum við upp á prufutíma gegn vægu gjaldi auk þess sem heilunaryramídi er uppi. Tehúsið að sjálfsögðu sneisafullt.

Nánari upplýsingar má finna á www.ljosheimar.is

Verið öll hjartanlega velkomin!

Ljósheimar, Brautarholti 8, 2. hæð t.v.
www.ljosheimar.is
sími 551-0148



„Hvaða skilyrði menn eigi að uppfylla til að geta rækt stöðu seðlabankastjóra þá er það fyrst og fremst náttúrlega almenn skynsemi, í öðru lagi grundvallarþekking á þjóðlífinu, í þriðja lagi víðtæk þekking á efnahagsmálum þjóðarinnar, í fjórða lagi stjórnunarhæfileikar, í fimmta lagi hæfileikinn til þess að geta tekið ákvarðanir og svo framvegis.“

DAVIÐ ODDSSON
í umræðum á Alþingi um breytingar
á lögum um Seðlabanka Íslands 2001

miklu máli fyrir efnahagsstjórnina, þurfi meira til. Það er ekki í takt við breytta tíma að standa svona að málum eins og gert er. Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun sem fer með stjórn efnahagsmála en ekki framlenging á ráðuneyti efnahagsmála,“ segir hún.

Sigurður Snævarr, fulltrúi hagfræðinga í Félagi viðskipta- og hagfræðinga, er annarrar skoðunar. Hann segir að stjórn Seðlabankans sé ekki hagfræðilegt úr-

lausnarefni heldur ákveðin list. Bakgrunnur Davíðs Oddssonar og reynsla hans af stjórnáttum muni nýtast honum og bankanum mjög vel.

„Það skiptir öllu máli að bankinn sé sjálfstæður gagnvart stjórnáttum og stjórnáttum. Það skiptir líka verulegu máli að seðlabankastjóri hafi nef fyrir tíma svo hann skynji hvenær rétti tíminn er til að grípa til aðgerða. Það er list. Ég hef mikla trú á hagfræði og hagfræðingum en mér finnst fráleitt að það sé skilyrði til að gegna þessu starfi að menn hafi einhvern sérstakan bakgrunn,“ segir Sigurður.

Ekki einu sinni í Afríku

Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, bendir á að löggjöf um seðlabanka hafi breyst til batnaðar undangengin ár í flestum nálægum löndum og einnig hér heima með nýju Seðlabankalögum frá 2001. „Höfuðmarkmið breytinganna var að auka sjálfstæði seðlabankanna innan stjórnkerfisins til að draga úr hættunni á því, að skammsýnir stjórnáttamenn valdi skaða, til dæmis með því að beita völdum sínum til þess að fá seðlabankastjóra til að prenta peninga til að fjármagna atkvæðakaup fyrir kosningar,“ segir Þorvaldur.

„Af þessum sökum þykir það nú brýnt, að stjórnáttamönnum sé haldið í fjarlægð frá seðlabönkum. Þeir eru ekki aðeins taldir óhæfir, heldur beinlínis vanhæfir samkvæmt eðli málsins. Sums staðar, til dæmis í Ísrael, hafa menn jafnvel sótt seðlabankastjóra til útlanda einmitt til að draga sem allra mest úr hættunni á hagsmunatengslum bankastjóra við stjórnáttamenn og flokka innan lands,“ segir Þorvaldur.

„Við þetta bætist það, að seðlabankastjórn hefur undangengin ár kallað í auknum mæli á yfirgripsmikla sérþekkingu á efnahagsmálum, sérþekkingu af því tagi sem menn hafa yfirleitt ekki tök á að afla sér nema þeir séu annaðhvort þrautþjálfaðir hagfræðingar eða þaulreyndir bankamenn,“ segir hann.

„Ráðning Davíðs Oddssonar í stöðu seðlabankastjóra gengur í berhögg við þessi sjónarmið og gengur einnig í berhögg við anda nýju seðlabankalaganna, sem ríkisstjórn hans fékk samþykkt á Alþingi 2001. Ráðning Jóns Sigurðssonar í stöðu Seðlabankastjóra fyrir fáeinum misserum var sama marki brennd, og hið sama er að segja um ráðningu til dæmis Birgis Ísleifs Gunnarssonar og Steingríms Hermannssonar á sínum tíma, enda voru þeir ráðnir á allt öðrum forsendum, yfirleitt til að greiða götu þeirra út úr stjórnáttum,“ segir Þorvaldur.

„Slíkir menn eru ekki taldir henta til seðlabankastjórastarfa í nálægum löndum, ekki heldur í Afríku nema á stöku stað, og gildir þá einu, hversu vel þeir kunna að hafa reynst í ólgusjó stjórnáttum,“ segir hann. ■

GOTT FÓLK MEGANN

LAUGARDAGSMORGUNN
Í umsjón Eiríks Jónssonar.
Á Talstöðinni alla laugardaga kl. 10.

90,9



Vantar þig...



YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR LESA FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI Á HVERJUM DEGI. SMÁUGLÝSING
Í FRÉTTABLAÐINU ER ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK LEIÐ
SEM TRYGGIR MESTU HUGSANLEGU ÚTBREIÐSLU
Á SKILABODUM ÞÍNUM. AUGLÝSINGIN ER AUK
ÞESS BIRT ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Á VISIR.IS.

PANTAÐU SMÁUGLÝSINGAR Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS.

FRÉTTABLAÐIÐ

– SMÁUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ

NÚVERANDI BANKASTJÓRN

BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON 1991-2005

MENNTUN: Lögfræðipróf frá Háskóla Íslands
FYRRI STÖRF: Lögmaður 1963-1972. Borgarstjóri í Reykjavík frá desember 1972-1978. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1979-1991. Menntamálaráðgjafi 1987-1988.



EIRÍKUR GUÐNASON 1994-

MENNTUN: Hagfræðipróf frá Háskóla Íslands
FYRRI STÖRF: Hefur unnið í bankanum frá árinu 1969, fyrst sem fulltrúi, þá deildarstjóri og svo hagfræðingur bankans frá 1984-1986. Aðstoðarbankastjóri 1987-1994.



JÓN SIGURÐSSON 2003-

MENNTUN: Doktorspróf í menntunarfræði og fræðslustjórnun frá Bandaríkjunum. MBA í rekstrarhagfræði.
FYRRI STÖRF: Ritstjóri Tímans 1978-1981. Skólastjóri Samvinnuskólans á Bifröst 1981-1988. Rektur Samvinnuháskólans á Bifröst 1988-1991. Framkvæmdastjóri Vinnuálagssambandsins (sameinað í Samtök atvinnulífsins) 1997-1999. Ýmis trúnaðarstörf á vegum Framsóknarflokksins, sat í miðstjórn flokksins 1978-1981.



» Tekur við af Birgi Ísleifi í október næstkomandi

DAVIÐ ODDSSON 2005-
MENNTUN: Lögfræðipróf frá Háskóla Íslands.
FYRRI STÖRF: Borgarstjóri í Reykjavík 1982-1991. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1991-2005. Forsætisráðgjafi 1991-2004, utanríkisráðgjafi 2004-2005. Formaður Sjálfstæðisflokksins 1991-2005.



Gallabuxur frá kr. 6500
Fat Face Kringlunn

GSM SAMSÖNGUR

Nú bjóðum við glæsilega Samsung GSM síma á frábærum tilboðum.

Samsung X480

9.900 kr.



Samsung X640

16.900 kr.



Samsung D500

34.900 kr.

og

vodafone

Heyrumst!

GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU > RAGNA KJARTANSDÓTTIR



RAGNA KJARTANSDÓTTIR „Ég bý í kjallaranum ásamt stökkbreyttum köngulóm.“

Í Brooklyn leið mér best

Ragna Kjartansdóttir tónlistarkona gerðist rappari í Kópavogi og fluttist þaðan til New York. Í Brooklyn fékk hún menningu borgarinnar beint í æð.

Skeiðarvogur, 1980-1981

Þarna fæddist ég. Meira veit ég ekki, enda var þetta stutt tímabil. Amma og afi áttu íbúðina.

Reynigrund, 1981-1982

Ég flutti á Reynigrund aðeins árs-gömul. Ég á engar minningar þaðan. Nema það að mamma sagði mér að hún hefði komið að mér einn daginn þar sem ég sat og hrærdi í klósettinu með matarsleifinni hennar. Þegar ég sá hana brá mér svo mikið að ég tók á rás en datt um þröskuldinn og sprengdi á mér vörina.

Framnesvegur, 1982-1983

Ég flutti mikið á þessum árum og góðar minningar náðu því miður ekki að festast í huga mér.

Nýbýlavegur, 1983-1986

Ég var þriggja ára þegar ég fluttist á Nýbýlaveginn og sex ára þegar við fluttum út.

Skeljagrandi, 1986-1993

Ég man eftir mér á Skeljagrandanum þar sem ég var að metast við Snædís systur mína um það hvort ég kæmi hausnum á mér ennþá á milli rimlanna sem aðskildu stofuna og borðstofuna í íbúðinni. En þar bjuggum við frá því að ég var nú til þrettán ára. Við gerðum okkur það að leik að troða okkur á milli þessara rimla í heilu lagi. Það endaði með því að í þrjúskú minni náði ég að troða mínum feita haus í gegn. En komst að því að ég hafði stækkað töluvert síðan síðast og náði að festa mig. Ég heyrir enn filippeysk blótsyrði mömmu minnar dynja í eyrum mér.

Austurgerði 6, 1993-2002

Ég ákvað að gerast graffari þegar ég flutti í Kópavoginn. Ég gerðist reyndar rappari á sama tíma. Götugengi vesturbæjar Kópavogs „Urban Assault“ réðu ríkjum á þeim tíma. Lenti þar í heilmikilli „eastside-westside“-deilu, sem var reyndar deila milli austur- og vesturbæjar Kópavogs. Ég vissi reyndar aldrei um hvað hún snerist, sem var aukaatriði, því ég var þokkalega westside.

Twin Oaks, Maple Woods, New York, 2002-2003

Það var frekar erfitt að finna sér íbúð nánast hvert einasta skólaár. En fyrsta árið fékk ég að finna fyrir háskólamenningu Kana þar sem bjórinn (33cl) var þambaður af áfergju á meðan allir í kring görguðu „jug jug jug jug“. Í lokin kramdi viðkomandi dósina á enninu á sér með tilheyrandi sigurhrópum „yeeea“.

Ég keypti mér minn fyrsta bíl þarna á 350 dollara. Þetta var gamall en sportlegur rauður bíll. Mér fannst ég ekkert smá töff. Viku síðar kom reykur úr girrkassanum og bíllinn dó á miðri fimm akreina hraðbraut þegar ég var á leið í skólann. Það var ekki töff. Ég varð að eiga bíl til að komast í skólann svo ég keypti mér annan.

Skeiðarvogur
Reynigrund
Framnesvegur
Nýbýlavegur
Skeljagrandi
Austurgerði
Twin Oaks
Shore Road
Carlton Avenue
Skógarsel

Það var rauður Pontiac Grand Am. Síðustu vikuna mína í skólanum, þegar ég var í lokaþrófum, var keyrt á mig þar sem ég var á heimleið. Dekkið skutlaðist eitthvert lengst í burtu og ég sat föst í þriggja dekkja bílnum mínum og gat ekki opnað hurðina því keyrt hafði verið inn í bíl-

stjórahlíðina. Ég var í fullum rétti og fékk þetta bætt. Ég gerði þó eina tilraun í viðbót og keypti mér þriðja bílinn. Ford Taurus, sem reyndar ofhitnaði bara einu sinni en svo kom gat á hljóðkútinn kannski tvisvar. Íbúðarúrvalið var oft á tíðum ekki mikið. Ein íbúð sem ég skoðaði hafði verið í eigu gamallar krónískrar reyk-ingakonu sem dó af tilheyrandi afleiðingum. Svartir blettir láku niður gulan vegginn og teppið var úr grænum svampi sem nánast skreidd úr íbúðinni af sjálfsdáðum. Svo ég tók því opnum örmum að sofa bara í bílnum í nokkrar nætur.

Næsta íbúð var einhver músarhola þar sem vatnið bunaði ofan í beddinn í hvert skipti sem einhver á efri hæðinni fór í

sturtu. Í eitt skipti átti ég líka heima tímabundið í húsi með fimm strákum. Reyndar var þetta þvottaherbergi þar sem vélin var í gangi alla nóttina. Orðafordi hússins gekk út á setningar á borð við „Dude that chick is so hot“ og „did you check out the rack on that one?“ Góðir frasar.

Eftir þetta fluttist ég til Maple Woods og bjó í lítilli kjallaraíbúð þar sem þvottavél eigendanna var í einu herberginu svo þeir áttu til að ganga í gegnum íbúðina eins og þeim sýndist. Ég gleymi þó aldrei mjúku, volgu svamp-klósettsetunni í þeirri íbúð. Hryllilegt alveg hreint.

Shore Road, Long Beach, New York, 2002-2003

Á endanum fékk ég loksins íbúð sem ég átti skilið. Þessi var upp við ströndina en gallinn var sá að ég þurfti oft að keyra í einn og hálfan tíma til að komast í skólann og þá erum við bara að tala um aðra leiðina. Það hafði þó ekki mikil áhrif þegar restinni af deginum var eytt í sólbaði á ströndinni.

Carlton Avenue (Fort Green) Brooklyn, New York, 2003-2004

Þarna var ég loksins komin til Brooklyn og ekki bara eitthvert, heldur akkurat á milli gettósins og þeirra ríkustu. Ég átti heima þar í ár sem var lengsta samfellda dvölin mín í New York. Vinstra megin við húsið mitt var verið að ræna búðir og skjóta fólk. Hægri megin sat fólk á nálægum kaffi- og veitingahúsum og talaði saman í rólegheitum með vínglas í hendi. Brooklyn er sá staður sem er mér kærastur því þar fékk ég borgarlífið og menningu New York-borgar beint í æð. Á sama tíma fékk ég líka að kynnast fjölskyldulífi og samheldni Brooklyn-búa.

Skógarsel 39, 2004

Hér bý ég nú. Foreldrar mínir keyptu þetta hús í fyrra. Mamma vill ala upp næstu fimm kynslóðir í þessu húsi, þess vegna sá hún til þess að það væri nógu stórt. Ég bý þar í kjallaranum ásamt stökkbreyttum köngulóm sem munu líklega vera það eina sem ég kem til með að ala upp næstu árin. ■

Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.

Hágæða örbunn sjónvarpstæki

United 42" Plasma Breiðtjaldssjónvarp

- 42" HD plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1
- Birta: 640 cd/m²
- Progressive scan
- 2x10w nicaam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)



United 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

- 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) með progressive scan
- HDTV ready (styður 720p og 1080i) • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m²
- Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • 2x10w nicaam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- 2 scart tengi, component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA) • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

United 20" LCD Sjónvarp með móttakara

- 20" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 800x600 punktar
- Skerpa: 500:1
- Sjónsvið: 160°
- 12 og 220V
- Textavarp og stereó hljóðkerfi
- Inngangar: 2 scart með RGB, AV og SVHS
- Útgangar: 2 scart, og heyrnartólstengi
- PC-Inngangur
- Fjölkerfa móttaka
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 61,6x39,5x7,5



Philips 32" LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) • Digital crystal clear og contrast plus • Ljósmyndari og active control til að minnka glampa • Skerpa: 500:1 og svartími: 18ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 450 cd/m² • 2 x 30w nicaam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround
- 2 scart tengi (með RGB) og PC tengi (VGA) • Stereo inn og út • Heyrnartóls, SVHS og AV tengi
- Textavarp • Smart picture og smart sound • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Mál (bxhxd): 92,4x55x22,2 cm (með standi) og þyngd: 18,2kg



United 27" LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 27" LCD skjár • Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með progressive scan • Skerpa:600:1
- Birta: 500 cd/m² • Sjónsvið: 170° • 2x7w SRS surround hljóðkerfi með 2 hátölurum • 2 scart tengi, component (YPbPr) og DVI tengi • Tölvutengi • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál (bxhxd): 81x44,5x11

Gildir til 16. september eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



ÁHRIFAVALDAR RÓBERT ARON MAGNÚSSON PLÖTUSNÚÐUR

Ber mikla virðingu fyrir Russell Simmons

„Það eru þó nokkrir sem hafa haft áhrif á mitt líf,“ segir Róbert Aron Magnússon, plötusnúður og kynningarfulltrúi. „Á sínum tíma hafði plötusnúðurinn Funkmaster Flex mjög mikil áhrif á mig, til að mynda á hvaða hátt ég nálgadist tónlistina mína. Uppsetning hans á þættinum sem hann stjórnaði hafði áhrif á það hvernig ég hagnaði mínum eigin útvarpsþætti og hann hafði áhrif á mig sem plötusnúð. Funkmaster Flex var einn sá besti í bransanum.“ Róbert segir fleiri en Funkmaster Flex hafa náð að fanga athygli hans. „Ég hafði einnig mikið álit á Dj Premiere, sem og Gangstarr, á þessum árum. Það má því segja að tónlistarlega standi þessir þrír einstaklingar upp úr að mínu mati.“ Aðspurður um það hverjir aðaláhrifaaldar hans séu í dag segir Róbert: „Nú er ég farinn að hugsa svolítið öðruvísi. Framtíðarsýnin er stærri. Menn eins og Russell Simmons og Paul Rosenberg, sem er umboðsmaður Eminem, eru miklir áhrifaaldar



RÓBERT ARON MAGNÚSSON segir þó nokkra hafa haft áhrif á sitt líf.



RUSSELL SIMMONS hefur náð að byggja upp veldi sem er mjög áhugavert.

á líf mitt núna.“ Russell Simmons hefur náð að byggja upp stærðarinnar veldi þegar kemur að hiphop-tónlist og fatatísku og Róbert segist bera mikla virðingu fyrir honum. „Þetta eru menn sem eru farnir að hugsa aðeins stærra og öðruvísi og láta ekkert stöðva sig. Ég hef alltaf reynt að fylgjast vel með straumum og stefnum þegar kemur að tónlist og sækist eftir nýjum áhrifum. Ég fylgist með því sem er í gangi hverju sinni og svo tekur maður

eitt og annað sem hentar manni, sameinar það og býr til eitthvað nýtt og spennandi.“

Róbert segir að fjölskylda hans hafi að sjálfsgöðu verið stór áhrifaaldur á allt hans líf. „Ég hef reynt eftir bestu getu að hlusta á allt sem fjölskyldan segir við mig, en verð að viðurkenna að ég fylgi kannski ekki alltaf öllum þeirra ráðum.“ Afi Róberts, Jónas Nordquist, sem nú er látinn, var af gamla skólanum. Hann lagði Róberti lífsreglurnar.



Er líklegt að geimverur líkist mönnum?

Ef líf þróast á annarri plánetu er þá rökrétt að áætla að gáfaðasta eða þróaðasta lífveran verði á endanum með áberandi svipað form og manneskjur? Það er ekki rökrétt að þróun stefni að slíku marki. Til þess að sama útgáfa fái eftir milljón ára þróun á aðskildum stöðum þyrftu ótal mörg skilyrði að vera hin sömu. Og jafnvel þó að slík skilyrði væru til staðar gera flestir ráð fyrir að tilviljanir séu innbyggðar í þróunina.

Líffræðileg nauðhyggja, heimshönnunarkenning og þróun

Mikill meirihluti vísindamanna telur að öll líffræðileg nauðhyggja – hugmyndir um að þróun sé fyrirfram ákveðin – sé í raun ósamrýmanleg þróunarkenningu Darwins. Það á einnig við um hugmyndir um að þróuninni sé stýrt, það sem kallast heimshönnunarkenning (e. intelligent design). Þessi hugmynd er ekki viðtekin meðal vísindamanna en hefur öðlast nokkra hylli meðal trúaðra manna sem vilja sætta vísindalega heimsmynd og trúarsetningar kirkjunnar.

Þannig má áætla að þótt til væri önnur plánetu þar sem líf fyrirfyndist væri það harla ólíklegt að lífverur myndu þróast með algjörlega sambærilegum hætti og menn á jörðinni. Hins vegar skiptist fólk í hópa eftir því hvort það telur að sumir mannlegir eiginleikar, svo sem meðvitund hans, auki með afgerandi hætti líkur fólks á að lifa af. Frá sjónarhorni náttúruvísindis er þó ekki hægt að segja að maðurinn sé neitt betur heppnuð lífvera en mörg önnur dýr, svo sem ýmis skordýr.

Blind þróun

Samkvæmt þróunarkenningunni er þróunin blind; hún stefnir ekki að tilteknu marki heldur er hún háð tilviljunum. Þessi hugmynd

í huga okkar er fræ verðandi blóm eða tré, egg verðandi hæna og svo framvegis. Við tengjum þetta við það hvernig við sjálf förum að. Áður en ég smíða stól hef ég nokkra hugmynd um hvernig stóll er í laginu og áður en ég legg af stað í ferðalag ákveð ég einhvern leiðarenda. Þessi hugsun okkar einkennist af markhyggju sem felur í sér að sérhvert ferli stefni að fyrirfram ákveðnum punkti. Það er því ósköp skiljanlegt að hversdagslegur skilningur margra á þróun sé að allar skepnur jarðarinnar séu gerðar samkvæmt einhverskonar fyrirætlun. Þessi hugsunarháttur er þó með villandi hætti yfirfærður á þróun lífvera, því þá er gert ráð fyrir því að þróunin hafi tilgang, sem hún hefur einmitt ekki.

Náttúruval

Staðreyndin er sú að háls gíraffans lengdist ekki í þeim tilgangi að geta betur náð upp í efstu laufblöð trjáanna, heldur vildi svo til að einmitt við þessi ákveðnu skilyrði lifðu þeir gíraffar af sem voru með lengri háls. Hin fræga setning – þeir hæfastu lifa af – sem komin er frá heimspækingnum Herbert Spencer (1820-1903) en ekki Darwin, er því villandi. Hæfnin er afstæð og ræðst af umhverfisskilyrðum hverju sinni. Betra er því að tala um náttúruval eins og Darwin gerði sjálfur – og í dag hallast flestir að því að valið sé ekki á milli einstaklinga heldur erfðaþátta eða gena. Sumir erfðaþættir stuðla að tilteknum eiginleikum lífvera sem gera þeim kleift að koma genum sínum áfram til næstu kynslóðar. Þar af leiðandi verða þessir erfðaþættir smám saman algengari – þeir lifa af á kostnað annarra.

Breytileiki í erfðaefninu

Til að náttúruval geti orðið þarf náttúran, eðli málsins samkvæmt, að hafa um eitthvað að velja. Þess vegna þarf maður að skilja hvernig breytileiki og frávik eru möguleg í erfðaefni lífveranna. Þessi breytileiki er forsenda þess að sumar lífverur lifa af en aðrar ekki. Hann verður aðallega til vegna stökkbreytinga í erfðaefninu, en stökkbreytingar eru yfirleitt tilviljanakenndar og því ófyrirsjáanlegar. Útkoman úr þróun lífvera getur því tekið á sig æri fjölbreytta mynd.



ET, ein frægasta geimvera síðari tíma.

hefur ekki skilað sér að fullu í huga almennings. Ástæðan fyrir því er sú að slíkar hugmyndir ganga í berhöggi við margt sem brjóstvit okkar segir. Þróunarkenning Darwins (1809-1882) krefst, eins og afstæðiskenning Einsteins (1879-1955), róttækrar endurskoðunar á þeirri heimsmynd sem hefur myndast á þúsundum ára í menningu okkar. Það er því full ástæða til að rannsaka nánar af hvaða tagi þessi endurskoðun er og hvert sé eðli þeirra heimsmyndar sem hún leysir af hólmi.

Allt hefur tilgang, eða hvað?

Frá degi til dags gerum við ráð fyrir að allt sem gerist hafi markmið. Til að mynda eru setningar í tungumáli okkar tengdar saman á rökraenan hátt með samtengingum eins og „til þess að“, „vegna þess“, „því að“ og svo framvegis.

Valur Brynjar Antonsson, heimspekingur

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér & nú

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Skólanemar nota vefinn mikið og má merkja það meðal annars á því að aðsóknin vex nú dag frá degi eftir að skólalastar haustsins hófst. Gestir eru nú yfir 2000 á dag um miðja vikuna. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförunu eru: Er spilafíkn á meðal íslenskra ungmenna, er orðið ógnanir til, af hverju er ekki hægt að temja sebrahesta, duga smokkar alltaf, hvað er Parkinsonsjúkdómur og hver var hugsuðurinn Demókrítos? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Ódýrari skólavélar



Traust vörumerki
og fyrsta flokks þjónusta

3.730,-

2.940,-

Fartölva #1

HP Compaq nx6125 S3100+ 15.0
PY420EA
Örgjörvi: AMD Sempron 3100+ (1.8Ghz)
Þyngd: 2,7 kg
Höggvörn á hörðum disk
Vökvörn á lykaborði

Skjár: 15" XGA 1024x768
Öflugt skjákort, ATI X300
(allt að 128MB)

512 MB

Minni: 512MB DDR RAM
Mest 2 GB

DVD

Drif: DVD+/-RW
(DVD skrifari)

Lithiumraflaða allt að
3,45 klst (8,45 klst með
ferðaraflöðunni)

Fingrafaralesari
Kortalesari fyrir 6 gerðir
minnskorta

60 GB

Diskur: 60GB 4200rpm



802.11b/g WLAN
(þráðlaust netkort)

Stýrikerfi: Win XP-Pro
með servicepack 2

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.I.S.
Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

FYLGIR!

Kaupauki
með
fartölva
#1 og #2

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausr greiðslur
á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald og 3% lántökukostnaður bættist
við samningsstjórnunina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Vönduð CaseLogic fartölvutaska
fylgir með HP Compaq NX6125
að verðmæti 6.495,-

Fartölva #2

HP Compaq nx6125 ML-34 15.0
PY416EA
Örgjörvi: AMD Turion ML-34 (1.8Ghz)
64 bita tækni. 1MB cache minni
Þyngd 2,7 kg
Höggvörn á hörðum disk
Vökvörn á lykaborði



LightScribe tæknin gerir
þér kleyft að merka
geisladiska í sama
drifti og notað er
til að skrifa á þá
gögn. Enga límmiða
eða tússpenna
...bara flott!

A.T.H!
Óbreytt verð
með Light-
Scribe!

Skjár: 15" SXGA 1400x1050
Öflugt skjákort, ATI X300
(allt að 128MB)

512 MB

Minni: 512MB DDR RAM
Mest 2 GB (stakur kubbur)

DVD

Drif: DVD+/-RW
(DVD skrifari)

Lithiumraflaða allt að
3,45 klst (8,45 klst með
ferðaraflöðunni)

Fingrafaralesari
Kortalesari fyrir 6 gerðir
minnskorta

80 GB

Diskur: 80GB 5400rpm
og Bluetooth



802.11b/g WLAN
(þráðlaust netkort)

Stýrikerfi: Win XP-Pro
með servicepack 2

○ ○ ○ ný sending komin í verslanir Office 1

Hugbúnaður

MS Office student version

Bættu við aðeins **1.416,-** á
mánuði og fáðu Word, Excel, Outlook og
Power Point. Vaxtalaust í 12 mánuði
Staðgreitt 16.990,-

3ÁR

Alþjóðleg ábyrgð

Bættu við **833,-** á mánuði og þú færð
þriggja ára alþjóðlega ábyrgð. Gildir í Evrópu og
Norður-Ameríku. Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 10.000,-

McAfee

Vírusvörn og eldveggur

Bættu við **499,-** á mánuði og vertu öruggur.
Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 5.995,-

4+5t

Aukaraflaða

Bættu við **1.570,-** á mánuði og vertu
lengur á ferðinni. Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 18.900,-

Afgreiðslutímar verslana

Office 1 Smáralind
Virka daga 11-19
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18

Office 1 Skeifunni 17
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-16
Sunnudaga 13-17

Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Office 1 Ísafirði
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

Office 1 Superstore

Það er bara einn
sem er alltaf
óðrastur!





PRÁINN BERTELSSON „Það er ekkert þjóðfélag eða mannlegt samfélag sem ég veit um sem ekki þarf á gagnrýni að halda. Listamenn eiga að spegla samfélag sitt. Það hafa þeir höfundar gert sem hafa orðið lífseigastír. Svona þiltar allt frá Shakespeare til Halldórs Laxness. Þó að ég sé einfari fylgist ég með því sem gerist í kringum mig. Ég er ekki að fordæma það, bara fjalla um það sem ég sé og síðan geta menn dregið sínar ályktanir.“

Stingur þrjónum í bókmenntadúkkur

Brotthvarf Davíðs Oddssonar úr íslenskum stjórnmálum minnir um margt um afsögn skáldaðs forsætisráðherra í væntanlegri skáldsögu Práins Bertelssonar. Þórarinn Þórarinnsson ræddi við Práin um skáldskapinn og lífið og þá undarlegu stöðu sem kemur upp þegar hið síðarnefnda stælir hið fyrirnefnda.

Metsöluhöfundurinn Práinn Bertelsson sendir frá sér nýja skáldsögu í haust. Bókin heitir *Valkyrjur* og er sakamálasaga þannig að það má segja að Práinn sé á svipuðum nótum og í fyrra. Þá sló hann í gegn með reyfaranum *Dauðans óvissi tími* sem var innblásinn af íslenskum veruleika og vakti með verki sínu bæði mikla athygli og nokkra úlfúð.

Það má segja að dæmið hafi nú snúist við en brotthvarf Davíðs Oddssonar úr íslenskum stjórnmálum sem var kunnugt um í vikunni minnir um margt á svipaðan atburð sem Práinn lýsir í *Valkyrjum*. Lífið virðist því vera farið að stæla Práin en ekki öflugt.

Trúir ekki á tilviljanir

„Ég er svo gamall að það kemur mér ekkert á óvart lengur,“ segir Práinn þegar hann er spurður hvort sér hafi brugðið við yfirlýsingu Davíðs Oddssonar fyrir í vikunni. „Ég reyni að skrifa eitthvað sem endurspeglar þjóðfélagið og þá aðallega það sem hefur gerst. Þá liggur í hlutarins eðli, ef maður er á réttu róli, að maður endurspeglar framtíðina að einhverju leyti. Það sem kom mér kannski á óvart var að þessi atburður þegar utanríkisráðherra sagði af sér skyldi verða jafn bjánalegur og ég er að lýsa í nokkurs konar hádsádeilu. Þaðan sem ég sit tek engu tali að slíkar tilviljanir eigi sér stað að menn hætti í pólitík og settist í Seðlabankann af því að seðlabankastjóri hafi ákveðið, af tilviljun, að það henti honum að hætta nokkrum mánuðum fyrir en hann á að gera og að um síðustu mánaðamót hafi laun bankastjóra hækkad um 27%. Að vísu sagði ég ekki fyrir um þetta með launahækkunina enda verður maður, þegar maður er rithöfundur, að passa sig á því að verða ekki of fánlegur. Þá missa lesendur traust á manni en þetta er nokkuð sem stjórnmálamaður mætti læra af rithöfundum. Ég get þó í raun og veru ekki á neinn hátt gladdst yfir þessu vegna þess að þegar maður er að deila á samfélag sitt er maður að gera það meðfram í þeim tilgangi að það þróist ekki á þann veg sem maður heldur að það muni gera ef haldið er áfram á sömu braut og maður er að vara við. Það fylgir því engin sérstök

ánægja að sjá að þróunin er enn vitlausari en manni sjálfum datt í hug.“

Er enginn bjáni

Práinn segir að *Valkyrjur* sé sakamálasaga en um leið annað og meira. „Þetta er reyfari, spennusaga og glæpasaga en um leið, frá minni hálfu, grafalvarlegt bókmenntaverk af því að ég held að allar tegundir bókmennta eigi rétt á sér og þetta er sú tegund bókmennta sem ég er að skemmta mér við að vinna í um þessar mundir. Það er svo skrytið með mig að ég vel mér greinar sem hin svokallaða intelligensía hefur yndi af því að fordæma. Ég gerði á sínum tíma gamanmyndir sem fjölluðu um það sem ég sá í kringum mig en þurfti inni á milli að gera myndir eins og *Magnús* og *Skammdegi* til þess að sanna að ég væri ekki hálfviti.“

Práinn sló eftirminnilega í gegn með endurminningabók sinni *Einhvers konar* ég fyrir tveimur árum og fylgdi henni svo eftir með reyfaranum *Dauðans óvissi tími* og nú *Valkyrjum*. „Ég byrjaði á endurminningunum vegna þess að mér þótti rétt að gefa út bók með tilheyrandi bókmenntalegum tilprifum áður en ég byrjaði á glæpasögunum. Bara til að minna á að ég sé ekki bjáni.“

Hefur rokselt bækur og bíómiða

Práinn hefur átt góðu gengi að fagna á síðari hluta rithöfundarferils síns en minnst þó kvikmyndagerðararanna með hlýhug þó hann hafi á síðustu tveimur árum sent frá sér tvær bækur, selt þær í tæplega 30.000 eintökum og fengið lof gagnrýnenda. „Kvikmyndagerðin hlýtur að hafa gengið alveg rosalega vel þar sem ég var í þessu í aldarfjórðung án þess að fara á hausinn. Ég þarf alltaf að banka í tré þegar ég rifja það upp. Í kvikmyndagerðinni háði það mér að þurfa að fara í gegnum einhverjar úthlutunarnefndir til þess að ná til fólks. Það tókst nú engu að síður en ég var alltaf með skömmtunarstjórana á mótí mér. Bækur get ég skrifað án þess að sækja um leyfi til þess til úthlutunarnefnda. Almennigur tekur þessum bókum vel af tveimur ástæðum; fólk finnur að ég er að reyna að tala við það. Að ég á erindi við mannskapinn og er einn

af hópnum. Ég er ekki að tala niður til fólks um einhverja sérfræðilega hluti eða fagurfræði sem kemur fáum við. Ég er að fast við sammanlega reynslu okkar sem erum að reyna að þræuka hérna norður í ballarhafi og er voða þakklátur fyrir að vera nógu vitlaus til að fólk hafi gaman af.“

Dásamlegt rithöfundalíf

„Það er dásamlegt að vera rithöfundur og einhver títla þegar mér dettur í hug að skrifa forsögu læt ég menn berjast. Ég byrja kannski með 140 menn en list ekkert á það og skrifa því 1.400 menn inn í staðinn. Það kostar ekki neitt en við erum að tala um 100 milljónir sem ég þyrfti að útvega til að bæta við þessu eina núlli í kvikmynd. Bækur eru mjög heillandi og ég hef hugsað mér að skrifa fimm sakamálasögur um eitt og annað í þjóðfélaginu. Næst ætla ég að fjalla um það sem ég held að sé mesti vágastur í íslensku samfélagi. Það er ekki kvótakerfið heldur eitruylf og ég ætla að skrifa bók sem heitir í bili *Engill dauðans*. Allt er þetta háð því að mér endist aldur og heilsa en ég treysti mér samt ekki til að halda endalaustr áfram í þessu formi. Sakamálasagan er ofsalega spennandi form og ég held að sakamálasaga sé erfiðasta bókmenntaformið sem maður getur fundið sér. Það er að segja ef maður telur sig eiga eitthvert annað erindi en að skapa gæsahúð og eftirvæntingu.“

Stingur þrjónum í dúkkur

Þegar *Dauðans óvissi tími* kom út í fyrra var talað um hana sem lykilróman, að í henni væri Práinn að fjalla um þekktu raunverulega einstaklinga undir rós. Þetta er þó hvergi nærri svona einfalt. „Auðvitað minnir Haraldur í Þjóðbankanum á Björgólf í Landsbankanum en ég geri í raun og veru ekkert sem er ljótara en það að ég nota þau áhrif sem umhverfið hefur á mig og skrifa út frá þeim. Jökull Pétursson, forsætisráðherra í *Valkyrjum*, er ekki Davíð Oddsson. Ég hef hins vegar haft Davíð Oddsson fyrir augunum sem forsætisráðherra lengur en nokkurn annan og hann hefur haft meiri áhrif á minn hugarheim en nokkur annar forsætisráðherra. Ég skrifa um það sem kemur úr mínum hugarheimi. Ég sit ekki með myndavél fyrir utan heimili Davíðs og ljósmynda hann. Ég hef ekkert þegið frá honum sem hann og fjölmiðlar hafa ekki geislað yfir mig. Mér leiðist þessi barnalega afstaða að maður stundi einhvers konar vúdu með því að búa til dúkkur, bókmenntalegar eftirlíkingar og stinga þær með bókmenntalegum tituprjónum. Ég er bara rithöfundur, ekki vúdúlæknir.“

Spili lýkur

Sakamálasagan *Valkyrjur* eftir Práin Bertelsson kemur út á næstunni. Fréttablaðið birtir hér kaflann *Spili lýkur* úr bók Práins.

JÖKULL Pétursson forsætisráðherra var nátthrafn og vakti gjarna fram á rauða nótt og spilaði þá stundum bridds á Veraldarvefnum við ókunnugt fólk í öðrum löndum og heimsálfum undir nikkinu Bláklukka. Í rauninni var þessi þekktasti maður Íslands einfari og þótt hann umgengist marga starfs síns vegna átti hann fáa vini. Og aðeins einn þeirra hefði látið sér til hugar koma að hringja í hann eftir miðnætti.

„Sæll,“ sagði Jökull í símann og gaf með röddinni til kynna að hann væri upptekinn.

„Kláraðu spilið,“ sagði Gestur Oddleifsson. „Hringdu í mig um leið og það er búið. Við þurfum að tala saman.“

„Hvað er svona mikilvægt?“ spurði Jökull þegar hann hringdi nokkrum mínútum síðar í vin sinn, framkvæmdastjóra Lýðræðisflokksins. Jökull hafði sagt fjóra spaða og ætlað að klára seinna geimið og rúbertuna en varð tveimur slögum undir, doblað og redoblað. Hann kenndi trufluninni um og var ergilegur.

„Þá er komið að því,“ sagði Gestur. „Þetta er símtalið sem við höfum báðir vitað að ég þyrfti hugsanlega að hringja einhvern tímann þótt við höfum báðir vonað að til þess kæmi ekki.“

„Silkisnúran?“ spurði Jökull. „Núna?“

„Seðlabankinn,“ sagði Gestur. „Skynsamir menn forða sér í skjól áður en óveðrið skellur á.“

„En ég ætla ekki í Seðlabankann fyrr en á næsta ári. Við vorum búnir að ræða það mál. Hvaða óveður ert þú að tala um?“

„Það eru tvær krappar lægðir á leiðinni,“ sagði Gestur, sem hafði yndi af að tala í líkingum. „Ég talaði við hana Elínu mína í dag.“

„Elínu?“

„Elínu ríkislögreglustjóra.“

„Og er hún svona veðurglög?“

„Við vorum reyndar líka búnir að sjá fyrir þennan möguleika.“

„Hvaða möguleika?“

„Elín hefur fregnað það eftir óformlegum leiðum að málinu gegn Mínus Group verði vísað frá dómi því að rannsóknin standist ekki nema að litlu leyti þær kröfur sem gera verður til þess að hægt sé að dómata málið.“

„Það er þá hennar klúður og mér óviðkomandi.“

„Já, að vissu marki. Ríkislögreglustjóri getur fyrir sitt leyti vísað ábyrgðinni á yfirmann Efnahagsbrotadeildar. En í þínu tilviki er erfið að benda á einhvern annan blóraböggul.“

„Ég kem þessu máli ekkert við.“

„Við erum búnir að ræða það mál,“ sagði Gestur Oddleifsson. „Oft og mörgum sinnum ráðlagði ég þér að láta ógert að hjóla í Magnús Mínus með einhverju of-forsi. Maður á að sæta færiss. En þú hafðir þitt fram.“

„Ég hef hvorki talað við ríkislögreglustjóra né skrifað henni til að fara fram á þessa rannsókn, svo að það er tómt mál að ætla að bendla mig við þetta,“ sagði Jökull.

„Það er nú svo,“ sagði Gestur. „Fjölmiðlar og almenningsálitið halda því fram að þessi rannsókn sé undan þínum rifjum runnin og hafi verið framkvæmd til þess að þóknast þér. Fjölmiðlar og almennigur eru sá dómstóll sem stendur hæstarétti ofar og ekki þarf neinar sannanir. Þú fekkst fjölmiðlana á móti þér með þessu vanhugsaða fjölmiðlafrumvarpi. Það sáu allir að það var hefndaragerð en ekki skynsamleg lagasetning til að takmarka eignarhald á fjölmiðlum. Þetta erum við búnir að ræða. Og ég var líka búinn að vara þig við því að setja af stað þessa herferð gegn Magnúsi. Hún var ótímabær og hefur í för með sér ótímabærar afleiðingar. Óhjákvæmilegar afleiðingar. Því miður.“

„Er það víst að málinu verði vísað frá dómi?“

„Það er víst – að hluta til að minnsta kosti. Það skín alls staðar í gegn að þessi rannsókn er ekki rannsókn á meintum brotum heldur dauðaleit að bókhaldslegum yfirsjónum. Við máttum vita þetta fyrir.“

„Við höfum áður staðið af okkur ágjöf og brotsjó,“ sagði Jökull við vin sinn og vonaði að líkingamálið nægði til að stappa í hann stálinu.

„Þá vorum við á nýju skipi með óþreytta áhöfn,“ sagði Gestur. „Nú er það farið að leka. Ekkert endist til eilífðar. Ekki við heldur.“

„Ekki við?“ sagði Jökull. „Hvað meinast þetta snýst bara um mig. Þú ert enn þá þurr í fæturna.“

„Já,“ sagði Gestur. „Það er satt. Þetta snýst víst bara um þig, en ég stend með þér eins og ég hef alla tíð gert. En það er ekki nóg með að þessi rannsókn standist engar dómskröfur og verði vísað frá. Bókin verður dropinn sem fyllir mælinn. Elín sagði mér að líkurnar á því að forða því að þetta handrit lendi fyrir almenningssjónum séu hverfandi litlar. Og í bókinni er því haldið fram að þú hafir í vitna viðurvist hótad því að ganga milli bols og höfuðs á Magnúsi. Þegar þetta spyrst út verður farið að ganga á vitnin, og núna þegar menn vita að leki er kominn að skipinu máttu bóka að rottunnar reyna að komast í land.“

„Hvernig stendur á því að þetta handrit finnst ekki? Til hvers halda menn að við séum að halda úti öllu þessu helvitis lögreglubatteri?“

Gestur leiddi þessa spurningu hjá sér. Hann var vanur að þykjast ekki taka eftir reiðiköstum vinar síns.

„Gott og vel,“ sagði Jökull. „Ég er hvort sem er orðinn þreyttur á að eiga að bera ábyrgð á öllum hlutum. Ég er búinn að gera mitt. Ég segi af mér viku fyrir næsta landsfund.“

„Ég mundi ekki bíða svo lengi,“ sagði Gestur Oddleifsson. Óveðrið er skollíð á.

„Hvað mundir þú láta þetta bíða lengi?“

„Til morguns. Ég mundi í þínum sporum kalla saman miðstjórnina og þingflokkinn í hádeginu og boða svo til blaðamannafundar klukkan tvö.“

Jökull hugsaði sig um. Með hjálp Gestu var hann vanur að vera fljótur að taka ákvarðanir.

„En hvað með Seðlabankann?“

„Björn Ingvar seðlabankastjóri og formaður bankaráðs verður sjötugur á næsta ári. Hann er til í að hætta um næstu mánaðamót. Ég var að tala við hann.“

„En hver á að taka við forsætisráðuneytinu?“

„Við látum Bændaflokkinn taka við því, og nýi forsætisráðherrann byrjar á því að skipa þig í Seðlabankann. Það er betra en að okkar flokksmaður þurfi að gera það?“

„Ertu viss um að durgurinn geri það?“ spurði Jökull.

„Ef sá draumur hans að verða forsætisráðherra rætist?“ sagði Gestur.

„Já.“

„Ég er búinn að ganga frá því. Ég talaði við hann í dag.“

„Þetta gæti gengið upp,“ sagði Jökull.

„Já,“ sagði Gestur.

„Allt í lagi. Getur þú boðað þessa fundi á morgun? Með svona stuttum fyrirvara?“ Jökull var búinn að taka ákvörðun. Best að koma sér í skjól.

„Ég er búinn að því,“ sagði Gestur Oddleifsson. „Þetta er allt klappað og klárt.“

Jökull Pétursson forsætisráðherra sat um stund í bjarmanum frá tölvuskjánum. Svo seildist hann og slökkti á tölvunni. Hann hugsaði um dauðann. Dauðinn er viss, stundin óviss. Lögmál lífsins gilda líka í stjórnmálum. Kominn tími til að byrja nýtt líf. Framhaldslíf. Í notalegu en tilbreytingarlausu himnaríki Seðlabankans.

Skrýtið annars að kalla Seðlabankabygginguna Svörtu loft. Það minnti meira á hinn staðinn.

Jökull Pétursson stóð á fætur og geispaði. Hann var búinn að spila nóg.

BT Heitasta fartölvan

Ódýrasta fartölvan með DVD skrifara!

Örgjörvi Intel Celeron Mobile 1.4 Öflugur en jafnframt hagkvæmur örgjörvi byggður á orkusparandi Centrino tækninni.

Gullna tölvan Allar Medion tölvan eru framleiddar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum í Þýskalandi. Þá hafa Medion tölvan unnið til ótal verðlauna t.d. Gullnu Tölvuna

DVD skrifari Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskur rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

Þráðlaust net Innbyggð 54Mbps netkort, vélin dettur beint inn á þráðlausa netið - ekkert snúruvesen.

MEDION

MD95333

MEDION X1 BLACK DRAGON

- Intel® Celeron® M 360 örgjörvi
- 512MB DDR minni
- 40GB harður diskur
- DVD skrifari
- 802.11G 54Mbps þráðlaust net
- VGA tengi, 4x USB 2.0
- Lithium-Ion rafhláða
- Þyngd 2,2 kg

2,2 kg

Ótrúlega létt aðeins 2,2 kg.

DVD skrifari!

15"

Ekki láta hugbúnaðinn vanta!
Verð kr. 9.588 með fartölvu

* **2.165**

LÆKKUN

BT
Bestu kaupin

2.165*
Tölvukaupalán 48 mán.

5.799**
Vaxtalaust 12 mán.

69.588
Staðgreitt

Tveir bíómiðar á Deuce Bigalow European Gigolo fylgja á meðan birgðir endast
FYLGIR

*100 fyrstu sem kaupa DVD mynd með Rob Schneider fá bíómiða á Deuce Bigalow - European Gigolo!

Rob Schneider á DVD!



The Animal
Marvin dreymir um að verða löggæ. Eftir alvarlegt slys eru sett líffæri úr öðrum í hann, en ekki endilega bara mönnum.

•1.299



Deuce Bigalow - Male Gigolo
Deuce fattar að hann hefur upp á eitthað annað að bjóða en að hreinsa fiskabúr allan daginn. Hans einu eign, kroppinn sinn!

•1.299



Hot Chick
Jessica er vinsælasta og skemmtilegasta gellan í skólanum. Einn daginn vaknar hún upp í 30 ára karlmannslíkama! Rob Schneider fer á kostum...

•1.299



RISAplasmatilboð

Skerpa 10.000:1

HDTV READY

WIDE SCREEN

Fallegur glerstandur!

10 Frjár ÓDÝRARI DVD MYNDIR með þessum Plasma-tilboðum!



ÓDÝRARI DVD MYNDIR!



42" Plasmasjónvarp

Bassa BOX

MEDION

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- 10.000:1 skerpa
- birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir viðöma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg
- Þyngd með standi: 42kg

Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár

Heima-biokerfi

Fimm hátalarar

•14.999**

Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI VAXTALAUST

•239.984

STADGREITT

•29.999

•FYLGIR

Tveir bíómiðar á Deuce Bigalow European Gigolo fylgja á meðan birgðir endast



800 5555

Alla daga
frá 10 til 22



Linde Gas } AGA



TIM BURTON Leikstjórinn Tim Burton gerir myndir sem eru á mörkum þess raunverulega og ævintýralega. **WILLY WONKA** Johnny Depp fer á kostum í hlutverki sælgætisverksmiðju-eigandans sem fær til sín góða og forvitna gesti. Það ber margt undarlegt fyrir auga hjá Willy og það er óhætt að fullyrða það að þeir sem sækja hann heim verða ekki samir aftir.

Súkkulaðiheimur Burtons

Kvikmyndin *Charlie and the Chocolate Factory* verður frumsýnd um helgina. Myndin hefur hvort tveggja hlotið glimrandi dóma og aðsókn beggja megin Atlantshafsins. *Birgir Örn Steinarrson* fór á fund leikstjórans Tim Burton og aðalleikarans Johnny Depp í London.



Að mæta á bláa-mannafundinn fyrir Charlie and the Chocolate Factory í London var nánast eins og að fá að stíga inn í kvikmyndina sjálfa. Gúmmitré sem litu út eins og sleikibrjóstsykur voru hér og þar í litríkum salnum og boðið var upp á heitt og kalt súkkulaði. Áður en stigið var inn í salinn var öllum afhent súkkulaðistykki í umbúðum frá verksmiðju Willy Wonka. Það bragðaðist vel. Allir fengu líka alveg eins hlífðargleraugu og hópurinn setur upp í myndinni þegar hann gengur inn í sjónvarpsherbergið ógurlega. Enginn setti þau þó upp fyrir fundinn. Samt var þetta með því flottara sem ég hef séð á svona kynningarfundum.

Stúlka, sem var klædd eins og persóna úr myndinni, gekk á milli blaðamanna með súkkulaðiklump á bakka og bauð þeim að smakka. Af einhverjum undarlegum ástæðum var hvergi að sjá skeið eða gaffal. Mér datt helst í hug að þarna væri einkabrandari leikstjórans Tims Burton á ferð. Hann er þekktur fyrir að hafa lítill álit á blaðamönnum og á það til að breyta svörum sínum í brandara ef hann nennir ekki að svara á alvarlegu nótunum. Hann hefði líklegast hlegið sig máttlausan við að sjá einhverja okkar útataða í súkkulaði. Enginn virðist þó hafa fallið fyrir brellunni.

Þæði leikstjórinn Tim Burton og kvikmyndaverið sem gefur út myndina leggja mikla áherslu á að koma því til skila að hér sé ekki komin endurgerð myndarinnar Willy Wonka and the Chocolate Factory sem kom út árið 1971 og skartaði þá Gene Wilder í aðalhlutverkinu. Báðar eru myndirnar gerðar eftir bók eftir Roalds Dahl, sem heitir sama nafni og nýja myndin og var skrifuð fyrir um fimm áratugum. Fyrri myndin fylgdi barnasögu Dahl eingöngu lauslega eftir og reynir þessi nýja útgáfa að bæta upp fyrir það. Burton er mikill aðdáandi verka rithöfundarins og hefur áður komið að gerð kvikmynda eftir sögu hans en hann framleiddi hreyfimyndina James and the Giant Peach sem út kom árið 1996.

Blóðbræðurnir Tim og Johnny

Á fundinum sjálfum var greinilegt hver var stjarnan á staðnum. Fyrst gekk Tim Burton inn í herbergið við lítill viðbrögð gesta. Svo

þegar leikarinn Johnny Depp gekk inn var eins herbergið hefði skyndilega verið hljóðeinagrað. Stúlkurnar í kringum mig tóku andköf sekúndu áður en út braust kröftugt lófaklapp. Sjálfur verð ég að viðurkenna að nærvera hans er það sterk að augu mín læstust á honum, eins og segulstál við málm. Samt er ég örugglega mun meiri aðdáandi Tims Burton en leikarans. Báðir eru þeir frjálsgleir í fasi, virðast sáttir í sínu skinni og hika ekki við að breyta undarlegum spurningum í hið mesta spaug. Johnny virðist þó passa sig meira en Burton á því hvað sleppur út úr munni hans, enda líklegast búinn að brenna sig á því að sleppa einhverju vanhugsuðu út úr sér sem svo var togað úr samhengi og mistúlkað á hinum ýmsu tungumálum í fjölda blaða daginn eftir.

Tim Burton og Johnny Depp eru gott teymi. Burton er leikstjóri sem gerir myndir sem oftast gerast einhvers staðar á mörkum hins raunverulega og ævintýralega. Johnny Depp er leikari sem hefur gaman af því að taka áhættu, og tekur helst ekki að sér að leika persónur nema þær séu sérvitrari en andskotinn. Vináttu þeirra og samhugur er mikill enda er Charlie and the Chocolate Factory fjórða myndin sem þeir gera saman. Samstarf þeirra hófst eftirminnlega á myndinni Edward Scissorhands og heldur áfram síðar á þessu ári með hreyfimyndinni Corpse's Bride. Depp hlaut óskarstilnefningu fyrir leik sinn í Ed Wood árið 1994 en besta samstarf þeirra hlýtur þó að teljast draugamyndin Sleepy Hollow.

En af hverju ætli þeir félagar nái svona vel saman?

„Hmm, það er nú ekki eins og við séum eitthvað að tala saman um samband okkar yfir kaffibolla,“ svarar Tim og hlær. Báðir verða hálf vandræðalegir. „Við virðumst skemmta okkur vel. Við reynum nú samt að vera smá alvarlegir þar sem við erum að eyða peningum annarra. Það er alltaf gaman að vinna með þessum manni. Það er sérstaklega heppilegt að hann hefur gaman að því að klæða sig í undarlega búninga.“

Flestar myndir þínar fjalla yfirleitt um einstaklinga sem eru á skjön við samfélag sitt. Það á t.d. við um allar myndirnar sem þú hafir gert saman, er einhver sérstök ástæða fyrir því?

„Já, við eigum við svo mörg persónuleg vandamál að stríða,“ gantast Burton og báðir hlæja.

„Það er reyndar góð sálfræðiperapía að mæta til Tim og leyfa honum að gera sig að algjörum asna í kvikmynd,“ segir Johnny Depp öllu alvarlegri í bragði. „Það er sérstaklega gott þegar maður

fær borgað fyrir það. Leikari þarf að yfirfæra eins mikið af sjálfum sér, og hans eigin sannleik, og hann getur í persónur sínar.“

Er kannski kominn tími til þess að skipta um hlutverk? Að Johnny færi í leikstjórstólinn og Tim fái að leika?

„Já, vá, það er frábær hugmynd,“ segir Johnny. „Það væri gaman að fá að endurgreiða Tim suma af þeim hlutum sem hann hefur gert við mig á tókustað. Eins og skvetta blóði í andlitið á mér við tókur á Sleepy Hollow þegar ég átti ekki von á því. Hann hló eins og smákrakki í nokkra klukkutíma á eftir það atvik.“

„Það var gaman,“ segir Tim og brosir að endurminningunni. „Já, það var gaman,“ samþykkir Johnny. „Stundum hittumst við og eyðum heilu helgunum í að gera bara það.“

„Já, þú hafðir líka gaman af því að láta tvo hesta draga þig á afturendanum,“ minnir Tim féлага sinn á. „Já, sérstaklega þar sem þú gafst þeim eitthvað mjög kryddað að borða stuttu áður,“ segir Johnny og setur upp svip.

En svona í alvöru, hvað er svona gott við það að vinna alltaf með sama fólkinu?

„Í okkar tilfelli verður samstarfið bara allaf betra og betra,“ segir Tim og virkar auðmjúkur. „Á milli erum við að vinna með öðru fólki og það bætist alltaf eitthvað við samband okkar næst þegar við hittumst. Ég fæ alltaf undarlega fjölskyldutilfinningu fyrir því fólki sem ég vinn með og þess vegna kys ég oft að vinna með því aftur.“

„Við höfum náð að þróa okkar eigið tungumál vegna þess tíma sem við erum búinir að eyða saman,“ útskýrir Johnny. „Að vinna með Tim er eins og að koma heim, og það er mjög þægilegur staður að vera á.“

Willie Wonka og Michael Jackson?

Útfærsla Johnnys Depp á Willy Wonka er gjörólík túlkun gamanleikarans Gene Wilder á honum. Á sínum tíma fékk Wilder Golden Globe stytta fyrir útfærslu sína á persónunni og því var augljóst að þó nokkur pressa var á Depp að standa sig.

„Við vorum náttúrulega sérstaklega heppnir að persónunni er lýst mjög vel í bókinni,“ svarar Johnny er hann er spurður að því hvernig hann hafi nálgast persónuna litríku. „Ég og Tim áttum mörg samtöl, þá sérstaklega um minningar okkar í æsku af honum. Við spjölluðum líka sérstaklega um þáttastjórnendur í gömlum barnaþáttum í sjónvarpinu. Hvernig þeir tala á mjög ýktan og sérstakan hátt við krakka. Það var

mjög gaman að leika Wonka, þegar ég fann hann loksins. Þegar ég fæ handrit í hendurnar móta ég oft mjög fljótlega mynd af persónunni í höfðinu. Hárgreiðsluna á honum sá ég t.d. fyrir mér mjög snemma. Það tók samt óvenjulega langan tíma þangað til að ég áttaði mig á því hvernig hann ætti að vera. Meira að segja eftir að tókur hófust leið mér ekki eins og ég væri alveg að ná honum. Það var ekki fyrr en við vorum búinir að vera að vinna í rúma viku sem hann var mættur. Tennurnar hjálpuðu mér líka mjög til þess að ná honum á endanum.“

Þú ert þekktur fyrir að taka persónueinkenni frá einstaklinga, eða eða bara fólks í kringum þig, og bæta þeim við persónur þínar. Til dæmis sagðir þú alltaf að Jack Sparrow úr Pirates of the Caribbean væri mikið skyldur Keith Richards. Var eitthvað svoliðis í gangi með Wonka?

„Nei. En kannski, eins og ég sagði, höfðu persónur í bandarísku barnasjónvarpi, eins og Captain Kangaroo, einhver áhrif. Ef maður sér þessa þætti í dag, þá eru þeir alveg stórkostlega undarlegir. Virkilega gegnsýrðir.“

Hvað með Michael Jackson? Einhverjir blaðamenn hafa verið að líkja þinni útgáfu af Willy Wonka við hann. Er eitthvað til í því?

„Ha? Nei, hann kom nú aldrei upp í hugann hjá hvorugum okkar þegar við vorum að gera myndina,“ fullyrðir Depp og virkar ör-lítið pirraður á spurningunni. „Það kemur okkur mjög mikið á óvart að fólk sé að líkja þeim tveimur saman.“

„Nei, þetta er bara bull og vitleysa,“ bætir Burton við. „Við studdumst við LaToyú, ekki Michael.“

Heldurðu að sú staðreynd að þú átt börn sjálfur, hafi gert þér auðveldara fyrir að taka þetta hlutverk að þér?

„Já, þegar ég var að reyna átta mig á persónunni æfði ég talanda hans á dóttur minni. Það virtist virka á hana, þannig að ég lét hann standa. Börnin mín hafa alveg bókað áhrif á allt sem ég geri, hvort sem það á við það sem ég geri í vinnunni eða utan hennar.“

Ög hvað segja börnin þín um myndirnar sem þú leikur í. Ertu duglegur við að sýna þeim þær?

„Sumar. Ég held samt að þau séu nú ekki tilbúin til þess að sjá nokkrar þeirra,“ segir hann og stoppar aðeins til þess að hugsa um stund. „Satt best að segja held ég að ég sé ekki tilbúinn til þess að sjá þær heldur. Þau sá þessa mynd, og ég var mjög kvíðin fyrir því að sýna þeim hana. Krakkar eru góðir í því að segja hlutina bara eins og þeir eru og ég óttað-



ist að þeim myndi ekki líka minn partur í myndinni. En þau eru enn að vitna í myndina, þannig að þetta fór allt vel.“

Uppeldi þeirra er nú líklegast mjög ólíkt þínu eigin, þú fluttir til dæmis um 20 sinnum á fyrstu 15 árum þínum. Þessi saga tekur örlítið á slíku óþryggi á heimilinu, gastu tengt þig eitthvað við það?

„Ég held reyndar að ég hafi búið á um 30 mismunandi stöðum þegar ég var 17 ára,“ leiðréttir Depp. „Þetta var algjör bilun. Ég held að það hafi bókað haft mikil áhrif á mig sem einstakling. Enn þann dag í dag fæ ég þá tilfinningu að ég verði að breyta um umhverfi og þannig hafa börnin mín fengið að kynna þessu örlítið líka. Við vorum ekki beint syndandi í seðlum. Ég bjóst aldrei við því að enda á þeim stað sem ég er í dag. Ég gæti enn enda á götunni. Ég er frekar sáttur bara eins lengi og ég hef loft til að anda og mat á borðið fyrir mig og fjölskylduna. En ég var nú ekkert að velta þessu fyrir mér sérstaklega við gerð þessarar myndar.“

Af Stubbum og illa lyktandi súkkulaði

Kvikmyndir Tims Burton snerta flestar á skuggahlíðum lífsins, hvort sem það er í gamni gert eða alvöru. Með síðustu myndum sínum Big Fish og nú þessari virðist hann þó vera að færa sig örlítið nær ljósinu. Hann varð pabbi fyrir um tveimur árum síðan og því auðvelt að ímynda sér að sá sólargeisli hafi haft þó nokkur áhrif á sköpunargáfu hans.

Gæti það verið málið, að Tim sé að mykja við það að hafa loksins erfingja í lífi sínu?

„Já, og það að horfa á Teletubbies í sjónvarpinu og svona,“ segir Tim kaldhæðnislega. „Þeir gefa mér bara jákvæðara viðmót til heimsins. Ég er svo hamingjusamur maður.“

„Ég er aftur á móti í vandræðum vegna þess að börnin mín eru að verða of gömul fyrir Teletubbies,“ segir Johnny. „Mig dauðlangar til þess að halda áfram að horfa á þá. Ætli ég geri það ekki bara.“

Súkkulaðið í myndinni er mjög raunverulegt að sjá, hvernig var það eiginlega að vinna heilu dagana með streymandi súkkulaðifljót?

„Eftir nokkra daga var fljótið byrjað að lykta ansi illa,“ segir Tim og hlær. „Ég vildi óska að ég gæti deilt því með þér. Kannski ef ég fer úr skónum? Nei, lyktin var miklu verri en táfýla.“

Ólíkt fyrri myndinni þá er aðeins einn leikari sem leikur alla Umpalumpana. Af hverju var sú ákvörðun tekin?

„Það voru þrjár leiðir til þess að gera þá“, segir Tim. „Að ráða fullt af dvergum til þess að leika þá eða tölvuteikna þá alfarið eins og virðist tífkast nú til dags. Ég vildi ekki missa mannlega þáttinn og því ákvað ég að fjölfalda einn dverg sem mér fannst líta út eins og Umpalumpi. Mér fannst það líka nægilega skrítið til þess að það væri í samræmi við sýn höfundarins.“

Þættuð þið þá engu við söguþráðinn?

„Það eina sem við bættum inn í, sem var ekki í bókinni, voru atriðin úr æsku Willy Wonka,“ segir Tim. „Við reyndum að hafa þau í

anda bókarinnar. Dahl er svo stórkostlegur rithöfundur að okkur langaði til þess að ná því. Mér fannst að ef áhorfandinn fengi ekki útskýringu á því af hverju Wonka væri svona sérvitur, þá yrði hann bara einhver furðufugl. Mig langaði samt alls ekki að rústa dularfullt yfirbragð hans. Það er svo flott við Wonka að maður er aldrei viss um hvort hann sé góður eða slæmur.“

„Það var mjög gott að hafa fortíð hans með, til þess að móta persónuna,“ bætir Johnny við. „Mér fannst það virkilega góð viðbót.“

Studdust þið þá ekkert við gömlu myndina?

„Nei, ekki neitt,“ segir Tim. „Ég veit að mörgum finnst hún vera algjör klassík en hún hafði aldrei þau áhrif á mig. Ég bað meira að segja leikarana og handritshöfundinn um að sleppa því að

horfa á gömlu myndina og lesa bara bókina. Hún var því mjög viljandi hunsuð.“

Þið völduð Freddie Highmore í hlutverk Charlies. Þú, Johnny, vannst með honum áður við gerð myndarinnar Finding Neverland. Kom hann ykkur eitthvað á óvart við gerð þessarar myndar?

„Hann er alveg hreinn og heiðarlegur,“ segir Depp. „Hann er bara ljúfasti og venjulegasti piltur í heimi. Hann hefur ótrúlegan þroska miðað við ungan aldur. Að hafa hann á staðnum færir myndina alveg bókað á æðra plan.“

„Svo hefur hann aldrei þurft að fara í fangelsi,“ segir Burton skyndilega og báðir springa úr hlátri.

Einhver viðbrögð frá fjölskyldu Roalds Dahls?

„Ég var meira stressaður yfir því að sýna þeim myndina en

kvikmyndaverinu,“ viðurkennir Burton. „Vegna þess að þetta er barnið þeirra, þannig séð. Þau voru virkilega vingjarnleg, ekkjan hans er virkilega góð persóna.“

Hvaða verkefni bíða þín, Johnny?

„Já, ég er í smá pásu frá því að skjóta tvær framhaldsmyndir Pirates of the Caribbean. Það hefur allt gengið mjög vel með þær myndir og það hefur verið sérstaklega skemmtilegt starf. Seinna á þessu ári ætti svo mynd sem ég lék í um daginn, The Libertines, að komast út. Ætli það verði ekki í desember?“

En svona að lokum Tim, hver væri þinn óska gullni miði? Að hvaða lokuðu svæði myndir þú helst vilja fá aðgang?

„Hmm, ég væri til í að vera í herberginu þegar Britney Spears fæðir barnið sitt!“

Sat tvær vikur á toppnum í USA.

Johnny Depp

Með hinum eina sanna Johnny Depp og frá snillingnum Tim Burton kemur súkkulaðiskemmtun ársins.

Charlie AND THE CHOCOLATE FACTORY

Búið ykkur undir bragðgott ævintýri!

Komín í bíó!

HAGKAUP

REKJAVÍK • AKUREYRI • KEPLAVÍK • SELTUNN

WAGNER BRIGGS PICTURES PRESENTS
A WILSON PICTURES PRODUCTION A JAWICK CHAMPION PLAN 9 PRODUCTION A TIM BURTON FILM JOHNNY DEPP "CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY"
TIM BURTON DAVID FROESE HIGHMORE DAVID KELLY HELINA DONHAM CARTER NORA TAYLOR ANSO PYLE JAMES FOX WITH DEPP FOX AND CHRISTOPHER LEE
DANNY HILMAN JOE GARRELLA PIZZICCI MICHAEL LEONETTI LEE JOHN ALEXANDERSON JAMES PHILIPPI ROSSO DREW BACALL
PRODUCTION DESIGNER FELICITY DARR MICHAEL SIZEL SHAMAM BIRME AND BRUCE BERMAN *** JOHN AUGUST
EXECUTIVE PRODUCERS BRAD GREY RICHARD J. JAWICK *** TIM BURTON



Bikar afhending í dag

Það er nú ljóst að Blikar fá sigurlaun sín fyrir sigur í 1. deildinni afhent eftir leikinn gegn KA í dag. Breiðablik hafði farið fram á að fá bikarinn afhendann um næstu helgi þar sem margir stuðningsmanna og starfsmanna félagsins verða bundnir af Sjávarútvegssýningunni í Smáralind.

sport
sport@frettabladid.is

VALUR MÆTIR H/C TIBLISI FRÁ GEORGIU: FRÍTT Á BÁÐA LEIKINA

Handboltaveisla í Laugardalnum

Valur tekur á móti H/C Tbilisi í dag og á morgun í 1. umferð Evrópukeppni félagsliða í handbolta og fara báðir leikirnir fram í Laugardalshöll. Leikurinn í dag hefst klukkan 17 og á morgun er leikið klukkan 14.10. Ókeypis er á leikina og því um að gera fyrir handboltaunnendur að fjölmenna.

Lítið er vitað um þetta georgíska lið og því má segja að Valsmenn renni blint í sjóinn fyrir viðureignirnar tvær. Fréttablaðið hafði samband við Óskar Bjarna Óskarsson, þjálfara Vals, sem var spenntur fyrir viðureignunum við þetta nánast óþekkt lið.

„Við vitum að þeir eru með ungt lið, það er eina vitneskja okkar um þá. Við reyndum að sjálfsgöðu að fá upplýsingar um liðið í gegnum Róland Val Eradze, fyrrum Valsmann. Hann tók hins vegar þann pól í hæðina að tjá sig hvorki við okkur né Georgi-

mennina en þjálfari þeirra er góðvinur hans frá því að hann lék í heimalandinu.“

„En annars held ég það skipti ekki öllu máli þó við vitum lítið um andstæðingana því við þurfum að hugsa um okkur sjálfa. Við erum með mikið breytt lið frá því á síðasta tímabili, höfum misst fjóra leikmenn og fengið aðeins einn.“

„Prátt fyrir að við séum með óreynt lið í svona Evrópukeppni vil ég nú meina að við ættum að fara áfram, því heimavöllurinn gefur okkur ákveðið forskot og vonandi að við fáum góðan stuðning. Ég er afar þakklátur fyrir tækjum Danól, Norðlenska og Ölgerðinni fyrir að bjóða fólki frítt á völinn. Það er búið að leggja mikið í þetta dæmi, það kostaði okkur 1,8 milljónir króna að fá leikina báða hér á landi,“ sagði Óskar Bjarni, þjálfari Vals.




> Við bendum ...

... þeim stuðningsmönnum Breiðabliks sem vilja vera viðstaddir bikar afhendinguna í dag á að kynna sér leiðakerfi Strætó. Bílastæði við Kópavogsvölinn munu nefnilega vera af skornum skammti vegna Sjávarútvegssýningarinnar í Smáralind um helgina.



> Við skiljum ekki ...

... af hverju Georgíumennirnir Tite Kalandadze og Roland Eradze gátu ekkert sagt Valsmönnum um mótherja liðsins í Evrópukeppninni, H/C Tbilisi sem mun vera langbesta lið Georgíu. Ekki ber á öðru en að sálfræðistrið Vals og Stjórnun sé nú þegar hafð. Það er svo spurning hversu mikið Georgíu-liðið veit um lið Vals?



Viðurkenningar fyrir ágúst: Pearce og Bent valdir bestir

FÓTBOLTI Darren Bent hjá Charlton Athletic, var kosinn leikmaður ágúst mánuðar í ensku úrvalsdeildinni en hann hefur farið mikinn með liðu sínu í fyrstu leikjum tímabilsins. Bent er búinn að skora fjögur mörk í deildarkeppninni en hann kom frá Ipswich Town fyrir tímabilið.

Stuart Pearce, knattspyrnustjóri Manchester City, var kosinn besti knattspyrnustjóri en lið hans hefur ekki enn tapað leik og þótt spila skemmtilega knattspyrnu. Hann freistar þess í dag að halda góðu gengi áfram þegar Manchester United og Manchester City mætast í grannslag á Old Trafford.

Dagsformið ræður úrslitum

Úrslitaleikurinn í VISA-bikarkeppni kvenna fer fram á Laugardalsvelli í dag en þar mætast Breiðablik og KR. KR er eina liðið í Landsbankadeild kvenna sem ekki tapaði báðum leikjum sínum gegn Breiðablik í sumar.

FÓTBOLTI Breiðablik hefur átt góðu gengi að fagna í sumar og sigraði í Landsbankadeildinni með tölurverðum yfirburðum en eini leikurinn sem liðinu hefur ekki tekið að vinna var gegn KR, en þeim leik lauk með 0-0 jafntefli í Frostaskjólínu.

Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR, á ekki von á því að sú staðreynd að KR er eina liðið sem fengið hefur stig út úr viðureign við Breiðablik í sumar, muni hjálpa liðinu í úrslitaleiknum. „Við höfum misst fimm leikmenn til útlanda í nám þannig að hópurinn okkar er þunnskipaðri en hann hefur verið í allt sumar. En það eru allir leikmenn leikfærir og ég hef fundið fyrir mikilli tilhlokkun hjá leikmönnum fyrir því að spila þennan úrslitaleik. Ég ætla að leggja áherslu á það að stelpurnar hafi gaman að því að spila leikinn og leggi sig fram hvor fyrir aðra.“

Breiðablik og KR hafa fjórum sinnum mæst í úrslitum bikarkeppninnar og hefur Breiðablik haft betur í þremur viðureignanna en KR einu sinni. Breiðablik hefur þrettán sinnum leikið til úrslita í bikarkeppni og unnið átta sinnum, en KR hefur tvisvar sinn-



FYRIRLIÐARNIR TAKAST Á UM BIKARINN Hrefna Jóhannesdóttir og Þóra Helgadóttir munu eflaust verða í aðalhlutverki í úrslitaleik VISA-bikarsins í dag á Laugardalsvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

um unnið bikarinn í sex úrslitaleikjum til þessa.

Ulfar Hinriksson, þjálfari Breiðabliks, er viss um að jafnræði verði með liðunum í leiknum. „Bikarleikir eru alltaf erfiðir og sérstaklega þegar leikið er til úrslita því það sem ræður oft úrslitum er hvernig leikmenn ná að standa sig undir því mikla álagi sem er í úrslitaleikjum. Ég mun leggja áherslu á það að stelpurnar verði tilbúnar í slaginn og er með-

vitaður um að KR er með gott lið. Við lentum í erfiðleikum á móti KR í sumar og það var í raun heppni sem réð því að við gerðum jafntefli í Frostaskjólínu. Þetta verður því örugglega mikil barátta og ef við ætlum að vinna þá verða stelpurnar að halda ró sinni og einbeita sér að því að spila fótbolta eins og þær geta best. Það er lyklatríði að láta ekki spennuna trufla sig.“

magnush@frettabladid.is



HRIKALEG ÁTÖK Á SKAGANUM Hálandaleikarnir fara fram á Akranesi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hálandaleikarnir fara fram í dag:

Skotapils á Skaganum

HÁLANDALEIKAR Í dag verður Íslandsmótið í Hálandaleikum á haldið á Akranesi, þar sem flestir okkar fremstu víkingar etja kappi í kastgreinum á skoska vísu. Sterkasti maður Íslands, Kristinn Óskar Haraldsson, „Boris“ verður á meðal keppenda ásamt Auðunni Jónssyni „Verndara“ og auk þeirra verða þeir Sæmundur Sæmundsson, Unnar Garðarsson, Óðinn Björnsson, Heiðar Geirmundsson, Jens Fylkisson og gamli kúluvarpskóngurinn Pétur Guðmundsson í eldflunni.

Boris er í óðaönn að undirbúa sig fyrir keppnina Sterkasti maður heims, sem fram fer í Kína í lok mánaðarins og þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær,

sagðist hann vel sáttur við að taka þátt í einni „léttari“ keppni áður en hann færi út. „Þetta er af dálítið öðrum toga en aflraunirnar, en þetta er rosalega skemmtilegt. Maður á munn síður á hættu að meiða sig í þessu en í aflrauninum og þetta er bara skemmtileg tilbreyting. Það er ómögulegt að segja til um það hverjir eru sigurstranglestir í þessari keppni, en ég tippa á að þeir Pétur Guðmundsson og Sæmundur eigi eftir að verða mjög öflugir,“ sagði Óskar, sem viðurkennir að hann sé ekki mesta tæknitröllid í hópnum, en segist veða það upp með styrk.

Keppnin hefst við Skógræktina á Akranesi klukkan 14 í dag.

-bb



MARK WARD Lék með Val í stuttan tíma og átti stóran þátt í því að bjarga liðinu frá falli árið 1998.

Mark Ward, fyrrum Valsari: Gripinn með kókaín

FÓTBOLTI Englendingurinn Mark Ward sem lék með Valsmönnum í efstu deild karla árið 1998 á yfir höfði sér langan fangelsisdóm eftir að fjögur kíló af kókaíni fundust í íbúð hans fyrir á árinu. Í gær játaði hann að efnid væri í hans eigu og fangelsisdómur yfir honum verður kveðinn upp í Liverpool þann 4. október nk.

Ward var afar vinsæll meðal samherja í herbúðum Vals á sínum tíma og lýsir Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirlíði Vals sem lék með honum á sínum tíma með Hliðarendaliðinu sem algjörum toppmanni. „Leiðinlegt að heyra af þessu en svona er þetta, oft vita þessir knattspyrnumenn ekkert hvað þeir eiga að taka sér fyrir hendur að loknum knattspyrnuferlinum. Ward er þessi dæmigerði Englendingur, alltaf með eitthvert grín,“ sagði fyrirlíði Valsmanna.

Ward er að mörgum talinn einhver besti leikmaður Englands sem aldrei hefur leikið með landsliðinu. Ward var lykilmáður í liði West Ham árið 1986 en þá náði félagið sínum besta árangri í efstu deild, þriðja sæti. Auk Vals og West Ham lék Ward með Manchester City og Everton.

ÚR SPORTINU

Birgir Leifur Hafþórsson lék á fimm höggum yfir pari á áskorendamóti í evrópsku mótaröðinni sem fram fer í Svíþjóð þessa dagana. Hann er því á 13 höggum yfir pari eftir fyrstu tvo hringina, í 126. til 129. sæti og komst eins og gefur að skilja ekki í gegnum niðurskurðinn.

Luis Boa Morte, leikmaður Fulham, hefur skrifað undir nýjan fimm ára samning við félagið. Hann var oft orðaður við Newcastle í sumar en ekkert varð úr því. Boa Morte ákvað því að skrifa undir langtíma-samning við Fulham en þessi 28 ára Portúgali hefur verið fyrirlíði liðs síns undanfarið. „Hann hefur spilað 200 leiki á fimm árum sem þýðir að það séu um 40 leikir á tímabili,“ sagði Chris Coleman, knattspyrnustjóri liðsins. „Við leggjum það ekki í vana að selja okkar bestu leikmenn og við viljum skipuleggja framtíð liðsins. Hann er stór hluti af henni,“ bætti Coleman við.



Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

VISA BIKARINN 2005

Úrslitaleikur kvenna

Baráttan um VISA-bikarinn

Í dag kl. 16.30

á Laugardalsvelli



Breiðablik - KR



Aðgangseyrir aðeins 500 kr. ef greitt er með VISA-kreditkort

Fullt verð fyrir 17 ára og eldri 1000 kr.

Frítt fyrir 16 ára og yngri.

Miðasala á leikdegi frá kl. 15:30



BIKARINN

VISA styður íslenska boltann



RIO FERDINAND Vill sættast og skora.

Rio Ferdinand ætlar að skora: Vill sættast við stuðningsmenn

FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Rio Ferdinand hlaut mikinn álits-hnekki í sumar meðal stuðningsmanna Manchester United er hann neitaði að skrifa undir nýjan samning við félagið. Hann þótti sýna mikla græðgi eftir að félagið hafi sýnt honum mikla þolinmæði í kringum átta mánaða langt keppnisbann hans um árið.

Hann skrifaði þó á endanum undir samninginn og vonast til að mark gegn Manchester City í dag muni græða sárin endanlega. „Ég skil vel gremju stuðningsmannanna vegna samningamálsins og ef mér tækist að skora eitt mark eða tvö í grannslagnum væri því máli lokið í eitt skipti fyrir öll,“ sagði Ferdinand, sem hefur enn ekki skorað mark fyrir United síðan hann gekk til liðs við félagið árið 2002.

- esá

Flestir vilja Eriksson burt

Um fátt annað er fjallað á íþróttasíðum ensku blaðanna en krikketviðureign Englands og Ástrala annars vegar og stöðu Sven-Göran Eriksson hjá enska knattspyrnulandsliðinu hins vegar. Flestir vilja að Eriksson verði látinn fjúka.

FÓTBOLTI England tapaði sem kunnugt er fyrir Norður-Írum á miðvikudag og eiga margir erfitt með að sætta sig við það tap, þó svo að Englendingar eiga enn góða möguleika á að komast í úrslitakeppni HM í Þýskalandi að ári.

Fjöldamargir gestapennar og dálkahöfundar skrifuðu í ensku blöðin í gær og flestir þeirra, margir hverjir gamlar fótbolta-hetjur, segja að tími Sven-Göran sé liðinn. Einn þeirra er fyrrum leikmaður enska landsliðsins, Graeme Le Soux, sem líkir ástandinu við það sem ríkti í stjórnartíð Glenn Hoddle áður en hann var látinn fara.

„Strákarnir undirbúa sig saman fyrir leiki en virðast samt vera svo ráðalausir þegar leikurinn þróast á annan hátt en þeir bjuggust við. Ég hef mestar áhyggjur af hversu lítið virðist skila sér af æfingum í leikina,“ skrifar Le Soux. „Þetta er keimlíkt ástand og var í stjórnartíð Glenn Hoddle eftir heimsmeistaramótíð 1998. Þá var ljóst að leikmenn höfðu misst alla trú á honum.“



ERFITT Sven-Göran Eriks-son á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. NORDIC PHOTOS/GETTY

En samkvæmt fréttastofu BBC mun starf Eriksson ekki vera í hættu sem stendur en það er haft eftir heimildarmanni innan raða enska knattspyrnusambandsins. Sven sagði sjálfur strax eftir leik Englands og Norður-Íra að hann myndi ekki segja starfi sínu lausu og hefur hann staðið við það, þrátt

fyrir mikinn þrýsting frá ensku pressunni. Enska götublaðið The Sun birti til að mynda tölvugerða mynd af Eriksson með snöru um hálsinn. Hann mun þó vera eyðilagður eftir tapið í vikunni og slaka frammistöðu sinna manna í undanförunum leikjum.

eirikurst@frettabladid.is

ÚR SPORTINU

Sóknarmaðurinn Samuel Eto'o sýnir að Börsungar verði að brýna klærnar ætli þeir sér að verja meistaratítil sinn í spænsku deildinni. Liðið náði aðeins jafntefli gegn nýlið-um Alaves í fyrstu umferðinni en mæta næst gömlu samherjum Eto'o í Real Mallorca á heimavelli um helgina. „Ég elska Mallorca og það vita allir,“ sagði Eto'o. „En ég er hjá Barcelona til að vinna leiki. Við verðum að fara að brýna klærnar og ganga úr skugga um að ná í öll þrjú stig og sýna hvers við erum megnugir.“



Á meðan að Englendingar sleikja Ásárin eftir 1-0 tap fyrir Norður-Írum eru Skotar í skýjunum með sigur sinna landsliðsmanna í Noregi á miðvikudag. Landsliðsmennirnir fengu hlýjar móttökur við heimkomuna enda eiga Skotar nú allt í einu

raunhæfan möguleika á öðru sæti riðilsins, sem gefur sæti í umspilsleik um eitt lautt sæti í úrslitakeppni HM að ári. „Þetta var jafnbesti landsleikur sem ég hef tekið þátt í,“ sagði Darren Fletcher, miðvallarleikmaður Manchester United. „Og það sjá allir að nú erum við komnir á gott skrið.“ Skotar eiga eftir að leika gegn Hvít-Rússum og Slóveníu en þurfa að treysta á að Norðmenn misstigi sig annaðhvort gegn Moldavíu eða Hvíta-Rússlandi.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

7 8 9 10 11 12 13

Laugardagur

LEIKIR

- 14.00 Þór og HK mætast á Akureyri í 1.deild karla.
- 14.00 Fjölnir og Víkingur mætast á Grafarvogsvelli í 1.deild karla.
- 14.00 Haukar taka á móti Víkingum á Ásvöllum í 1.deild karla.
- 14.00 Breiðablik og KA mætast á Kópavogsvelli í 1.deild karla.
- 16.00 Völsungur og KS mætast á Húsavíkurvelli í 1.deild karla.
- 16.30 Breiðablik og KR mætast í úrslitum VISA-bikarsins í knattspyrnu kvenna á Laugardalsvelli.

SJÓNVARP

- 10.50 Formúla 1 á RÚV.
- 12.00 Lokamót Alþjóða frjálsíþróttasambandsins á RÚV.
- 12.00 Liðið mitt á Enska boltanum.
- 12.25 Leikur Írlands og Frakklands í undankeppni HM endursýndur á Sýn.
- 13.00 Upphitun á Enska boltanum.
- 13.30 Á vellinum með Snorra Má á enska boltanum.
- 14.00 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Leikur Manchester United og Manchester City sýndur beint. Aðrir leikir sýndir á aukstöðvunum.
- 16.00 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Leikur Middlebrough og Arsenal sýndur beint.
- 14.05 Kraftasport á Sýn.
- 15.00 Mótorsport á Sýn.
- 15.30 Motorworld á Sýn.
- 16.00 PGA mótariðin í golfi á Sýn.
- 16.20 Leikur Breiðabliks og KR í úrslitum VISA-bikarsins á RÚV.
- 16.25 Toyota-mótariðin í golfi á Sýn.
- 17.20 Spænsku mörkin á Sýn.
- 17.50 Spænski boltinn á Sýn.
- 19.50 Spænski boltinn á Sýn.
- 21.50 Hnefaleikar á Sýn.

AUGLÝSTU Í BIRTU!

LESTU?
KONUR 18–49 ÁRA

Skv. fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005

62% **birta**

40% **TÍMARIT MORGUNBL.**

22% **LIFUN**

birta

Auglýsingasími 550 5000

MEST LESNA TÍMARITÍÐ

Lestur á tímaritinu Birtu mælist langmestur af öllum tímaritum landsins, skv. fjölmiðlakönnun Gallup. Skemmtileg efnistöð og öflug sjónvarpsdagskrá eru mikilvægir þættir sem vinna saman við að skapa þessar miklu vinsældir.

Ef þú vilt að fyrirtækið þitt sé sjáanlegt skaltu auglýsa þar sem birtan er mest og líklegast að flestir sjái auglýsinguna. **Komdu inn í Birtuna.**

Birtu er dreift inn á 95.000 heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borganesi, Selfossi og Hveragerði.

www.peugeot.is

Komdu og prófaðu sprækan í 38 hestafla Peugeot 307 SW. Láttu hann færa þig inn í nýja veröld á strætum borgarinnar. Hlaðinn búnaði og á einstaklega góðu verði býður Peugeot þér rými fyrir allt að sjö manns undir glæsilegu glerpaki til að allir sjái meira af heiminum. Komdu og ræddu við okkur um hvernig tilboð hentar þér til að sjá meira fyrir peninginn. Komdu í Vatnagarða og upplifðu bjartasta ljónið á veginum á þínu verði.

307



SJÁÐU MEIRA FYRIR PENINGINN



HER & NU / SIA



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985

Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Þú kemur. Við semjum.
Þú færð 307 á tilboði sem öllum líkar.



...um bíla

á laugardögum í Fréttablaðinu.

Lesendur „Allts“ er fólk með áhuga á efni hvernar opnu og eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt“ er að flokka auglýsingar og staðsetja í lefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt“ er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

STUÐ MILLI STRÍÐA : Botnlanginn tryggður eftir á

PÓRARINN PÓRARINSSON BJARGAÐI HÁLFRI MILLJÓN OG BOTNLANGA Í ÚTLÖNDUM



Ég er svo heilapveginn af gegndarlausum þjóðrembingsáróðri um að íslenska vatnið sé tærast, íslensku konurnar falletast, íslensku karlarnir rkastir og íslenska heilbrigðiskerfið sé það besta í heimi að ég taldi víst að dagar mínir væru taldir þegar ég veiktist skyndilega í útlöndum um daginn.

Hvað um það. Ég fékk skelfilega kviðverki í Grikklandi og eftir að hafa engst um á hótelinu í tvo daga gafst ég upp og kallaði til lækni. Sá vildi umsvifalaust senda mig á spítala, hringdi á sjúkrahúsið og lét bruna með mig á einkarekin spítala sem hann var á mála

hjá. Þar var mér tjáð að það yrði að skera úr mér botnlangann umsvifalaust.

Þar sem ég er ótryggður vildi ég fá að vita hvað slík aðgerð kostaði áður en ég færi undir hnífinn. Listaverðið á botnlangaskurði var 6.000 evrur eða eitthvað í kringum hálfa milljón. Heimildin á Vísa-kortinu mínu hefði ekki einu sinni dugað fyrir þessu þannig að ég lét flytja mig (enn sárkvalinn auðvitað) á ríkisspítala.

Þar var ég skoðaður af vægast sagt afslöppuðum læknum sen önguðu af áfengi og tóbaksreyk. Yfir mér sveimuðu moskítóflugurnar og ég átti mér enga ósk heitari en að vera kominn á hinn dauðhrensada, alíslenska Landspítala-

háskólasjúkrahús. Ég hugsaði auðvitað til þess með hryllingi að þessir slompuðu gaurar, afkomendur Hippókratesar í beinan karlegg, ættu eftir að skera mig upp og gladdist því ósegjanlega þegar þeir tjáðu mér að ég væri með nýrnastein og það væri ekkert að botnlanganum mínum.

Nú er það svo að jafnvel traustustu björg geta molnað niður, orðið að sandi og skolast burt og ég geri mér því vonir um að steinninn sé úr sögunni. Ég hef svo enn tækifæri til að tryggja botnlangann minn og mun gera það áður en íslenska heilbrigðiskerfið verður einkavætt og hann verður skorinn úr mér upp á grín til að græða peninga. ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



BÓKMENNTAÞÁTTURINN

Á Talstöðinni alla laugardaga milli kl. 13 og 14.

Í þættinum ræðir Gunnar Þorri við rithöfunda, innlenda sem erlenda, þýðendur og kynnrir áhugaverð skrif af ýmsu tagi.

Laugardagar kl. 13-14

Í umsjón Gunnars Þorris Péturssonar



Talstöðin
FM 90,9

■ SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins


7	4	1	2	5	6	8	3	9
5	3	8	1	7	9	2	6	4
9	2	6	3	8	4	1	5	7
2	6	9	4	1	5	7	8	3
4	8	3	9	6	7	5	1	2
1	7	5	8	2	3	4	9	6
6	9	2	5	4	1	3	7	8
8	5	7	6	3	2	9	4	1
3	1	4	7	9	8	6	2	5

5	2		6				7	
4		8		3				9
					2	6	1	8
	5		9	1				
	9	2	5		3	8	6	
				2	8		4	
1	7	3	8					
6				7		5		3
	8				4		9	7

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

NÚ ER
ÞAÐ ÓDÝRT!

Ódýrar, ósamsettar innréttingar



Fataskápar

51.799,-

Dekor Kastanie/0800

VERÐ FRÁ KR.

186.100,-

hefur yfir sér alþjóðlegan blæ og er á góðu verði. Hinar fallegu láréttu línur undirstrika glæsileika þessarar innréttingar.



Soft Hvid/KF

VERÐ FRÁ KR.

189.900,-

Smekklegt og hvítt



45.396,-



18.811,-



Baðinnréttingar



68.736,-



36.696,-



59.330,-

VERÐ FRÁ KR.

91.080,-

Dekor Hvid Bøg/0600

Slitsterk innrétting sem lífgar upp á sérhvert eldhúsrými. Sannarlega stílhrein og falleg.



Skrautrammi

Hvid Eg/2000

Endingargóð framhlið úr eik með afgerandi umgjörð sem gefur þessari innréttingu einstaklega fallegt yfirbragð.

VERÐ FRÁ KR.

156.020,-



Hvid Dekor/0300
HTH hefur endurnýjað þetta vinsæla útlit.

VERÐ FRÁ KR.

299.400,-



8 gerðir af skápahurðum á lager

Settu það saman og notaðu afganginn í **AEG** eldhústækin!

AEG heimilistæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**

OPIÐ:
Virka daga 11 - 19
Laugardag 11-18
Sunnudag 13-18
Sími: 530 2900

ORMSSON
SMÁRALIND

Teikniforritið finnur þú á heimasíðu okkar: www.gds-hth.dk



LIZA MARKLUND Þýðing á nýlegri bók eftir sænska rithöfundinn Lizu Marklund var að koma út. Hún heitir Friðland og er framhald bókarinnar Hulduslóð þar sem fjallað er á opinskáan hátt um heimilisofbeldis.

Framhaldssaga um polanda heimilisofbeldis

Bókin Friðland eftir Lizu Marklund er nýkomin út. Friðland er framhald bókarinnar Hulduslóð þar sem sögð var saga Mariu Ericsson, polanda heimilisofbeldis, sem flýr land vegna ofsókna maka síns. Maria segir þar í smáatriðum frá lífi sínu og aðdraganda ofbeldisins. Anna Ingólfssdóttir, útgefandi og þýðandi, orðar vel tilgang Hulduslóðar. „Bókin sýnir það hvað getur gerst þegar gagn-

kvæm virðing fer að skekkjast.“ Ýmis samtök hafa notað bókina sem handbók fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis.

Í Friðlandi er haldið áfram að segja sögu Mariu. Þar segir frá því þegar hún fer til Suður Ameríku og þaðan til Bandaríkjanna. Því er lýst hvernig Maria kemur sér fyrir í nýju landi og byrjar nýtt líf ásamt börnum sínum tveimur. ■

Rússneskir gestir sýna Að eilífu

Leikhópurinn RAMT er í heimsókn hjá Þjóðleikhúsinu og sýnir íslenska verkið Að eilífu í kvöld og annað kvöld.

Rússneska leikhúsið Rossisky Akademicesky Molodezhny Teater sótti Þjóðleikhúsið heim í vikunni til þess að setja tvær sýningar á fjalirnar. Hópurinn sýndi Kirsberjagarðinn eftir Anton Tsjevov á fimmtudag og föstudag en í kvöld og annað kvöld sýnir hópurinn leikritið Að eilífu eftir Árna Ibsen.

Verkið varð á sínum tíma til í Hafnarfjarðarleikhúsinu þar sem Hilmar Jónsson leikstýrði því en uppfærsla RAMT hópsins hefur gengið fyrir fullu húsi í Moskvu í á þriðja ár þannig að það er óneitanlega fengur fyrir Íslendinga að fá að sjá hvernig Rússarnir nálgast verkið.

„Við unnum handritið frá grunni með Árna og settumst öll niður saman og sögðum sögur af samböndum, brúðkaupum. Það var mikið hlegið og Árni safnaði svo sögunum saman og skrifaði verkið upp úr þeim.“



RAVIO TRASS Hafði í mörg horn að lita á æfingu á Að eilífu í Þjóðleikhúsinu á fimmtudaginn og stýrði leikurum sínum eins og röggSAMUR herforingi.

Hilmar hefur ekki enn séð rússnesku uppfærsluna en stefnir að því að komast á sýninguna í kvöld. „Það er rosalega gaman fyrir okkur í Hafnarfjarðarleikhúsinu að listamenn á heimsmeil-kvarða skuli kjósa að vinna með verk sem varð til í okkar leikhúsi. Það var lagt upp með það í Hafnarfjarðarleikhúsinu að vinna með ný verk og það er alltaf eitt og eitt verk sem springur út og slær í gegn víða um heim. Þetta er eitt af þeim.“

Það er eistneski leikarinn Ravió Trass sem leikstýrir þessarri uppfærslu á Að eilífu en alls eru um 60 manns mættir með honum og leikhússtjóranum Alexej Borodin til landsins. Þetta eru leikarar, listrænar aðstandendur og tæknifólk en undirbúningur vegna heimsóknarinnar hefur staðið yfir frá því í janúar enda að mörgu að huga þegar svo stór hópur leggur land undir fót. ■



ÁÐUR EN INGMAR VARÐ BERGMAN

Heimildarsýning um sænska leikstjóran í Norræna húsinu. 10. 09. - 16.10.

NORRÆNA HÚSIÐ • STURLUGÖTU 6 • SÍMI: 551 7030 • WWW.NORDICE.IS

Tónleikurinn
BÍTL

Lau 10/9 **UPPELT**
Fim 22/9 **NOKKUR SÆTI**
Fös 30/9 **LAUS SÆTI**

Landsbankinn
loft **KASTALINN**
552 3000

OPIÐ HÚS

Sjálfstæðu Leikhúsin verða með **opið hús** í dag, laugardaginn 10. sept. í Tjarnarbíó milli 14.30 og 17.

Dagskráin hefst á atriði Brúðubílsins í portí leikhússins.

Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

Sýnd verða atriði úr ýmsum verkum komandi leikárs.

Léttar veitingar!

Kabarett Leikhópurinn á Senunni. **How do you like Iceland?** S.Í.A.L.
Glæpur gegn Diskóinu Steipibaðsfélagið Stútur. **Naglinn** Leikfélagið Regína.
Manntafl Þíbylja. **Hungur** Leikhópurinn Fimbulvetur. **Ef** Leikfélagið Regína.
Ameríkuhúsið Kat. **Gísli Súrsson** Kómedíuleikhúsið. **Annie** Leikhópurinn Andagift.
Woyzeck Vesturport. **Hattur og Fattur** Möguleikhúsið.

Laugavegur 59, 4.hæð
S. 551-1400 / 892-2122
www.leikhopar.is
leikhopar@leikhopar.is

Bandalag sjálfstæðra leikhúsa (SL) er vettvangur hagsmunagæslu og samhfæingar sjálfstæðu atvinnuleikhópanna í baráttu fyrir viðurkenningu og betra starfsumhverfi. Á síðasta leikári sáu yfir 180.000 manns leiksýningar okkar enda voru frumsýningar vel yfir 40. Í ár stefnum við enn hærra og bjóðum þér að koma með!

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ashton Kutcher 27 ára hefur við-urkennt að hann finni fyrir sterkum tilfinningaböndum til barna Demi Moore. Þegar dóttir Demi, Rumer sem er sautján ára gömul spurði hann hvort hún mætti bjóða vini sínum með á töku- stað sagði Kutcher. „Ég þóldi ekki gaurinn þótt ég hefði aldrei hitt hann.“



KRINGLUKRÁIN

Geirmundur Valtýsson í kvöld

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill

Borðapantanir í síma 568 0678 www.kringlukrain.is

Leikhópurinn Á serunni í samstarfi við SPION

Kabarett í Íslensku óperunni

Fös 9. september
Lau 10. september
Lau 17. september
Fös 23. september

Sími 511 1200 og á www.kabarett.is

Stjörur frá Thomaz MEYER, Charles STRONG & Marie DAMB

Annie í Austurbæ

14. sýn. sun. 11/9 kl. 14
15. sýn. sun. 18/9 kl. 14
16. sýn. fim. 29/9 kl. 19

midl.is 551 4700 & 551 0200

Tökin hert THE TURN OF THE SCREW
EFTIR BENJAMIN BRITTEN

25. ra og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
6. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning verkinu og uppsetningu þess í Óperunni. Kynningin fer fram sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200 ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Lingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren
Su 11/9 kl 14, Su 18/9 kl 14,
Su 25/9 kl 14

HÖRÐUR TORFA LENGI LIFI

Ýmsir listamenn leika lög eftir Hörð í tilefni 60 ára afmælis listamannsins.
Í kvöld kl. 21

KYNNING LEIKÁRSINS

Leikur, söngur, dans og léttar veigar
Su 11/9 kl 20
Opið hús og allir velkomnir

HÖRÐUR TORFA HAUSTÓNLEIKAR

Fös 16/9 kl. 19:30, Fös 16/9 kl 22:00

Sími miðasölu 568 8000
miðasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudag

WOYZECK - 5 FORSÝNINGAR Í SEPT.
Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. Miðaverð aðeins kr. 2.000,-
Su 18/9 kl. 21, Fö 23/9 kl 20,
Fi 29/9 kl 20 **UPPSELT**, Fö 30/9 kl 20,
Lau 1/10 kl 20 (sýning á ensku)
HÍBÝLI VINDANNA

Órfáar aukasýningar í haust.
Lau 24/9 kl. 20, Su 25/9 kl. 20,
Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20,
Lau 8/10 kl. 20

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
MANNTAFL

Mið 14/9 kl. 20 Forsýning
Miðaverð aðeins kr. 1.000,-
Su 18/9 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**
Su 25/9 kl 20, 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNADUR

Í kvöld kl. 20, Su 11/9 kl 20, Fi 15/9 kl. 20,
Fö 16/9 kl 20, Lau 17/9 kl 20, Fi 22/9 kl. 20,
Fö 23/9 kl. 20, Lau 24/9 kl. 20

Endurnýjun áskriftarkorta er hafin!
Ef þú gerist áskrifandi fyrir 20. september færðu að auki gjafakort á leiksýningu að eigin vali
- Það borgar sig að vera áskrifandi -

GERÐUBERG

Stefnumót við safnara II og sýning Lóu Guðjónsdóttur - síðasta sýningarhelgi

Laugardagur 10. september
kl. 13-16 Málþing um söfn og safnara í ReykjavíkurAkademíunni við Hringbraut. Opnun á sýningu í Hoffmannsgallerí í RA í tengslum við málþingið og Stefnumót við safnara II

Sunnudagur 11. september
kl. 14-17 Viltu kaupa, selja eða skipta? Markaðstorg safnarans
Skráning:s: 575 7700 - info@gerduberg.is
kl. 15 Ævi og órlög safngripa
Fyrirlisari: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, mannfræðingur

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN
www.gerduberg.is

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ

AÐ EILÍFU
Lau. 10/9 örfá sæti laus, sun. 11/9.
Aðeins þessar tvær sýningar.

VELKOMIN Í ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ!
Leikárið kynnt með leik, söng og dansi.
Fös 16/9, lau. 17/9. Allir velkomnir!

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 18/9 kl. 14 nokkur sæti laus, sun. 25/9 kl. 14, sun. 2/10 kl. 14, sun.

EDITH PIAF
Sun. 18/9 örfá sæti laus, fim. 22/9, fös. 23/9 nokkur sæti laus.
Sýningum lýkur í október.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ

RAMBÓ 7
Fös. 16/9, lau. 17/9, fim. 22/9.
Takmarkaður sýningafjöldi.

LITLA SVIÐIÐ

KODDAMAÐURINN
Lau. 10/9 örfá sæti laus, fös. 16/9
Takmarkaður sýningafjöldi.

Sala á netinu allan sólarhringinn.
Afgreiðsla í húsinu frá kl. 12.30
Sími 55 11 200 - opinn frá 10:00
www.leikhusid.is

AÐEINS Í SEPTEMBER!

Vegna fjölda áskorana verða örfáar sýningar í Borgarleikhúsinu í september. *Alveg brilljant skilnaður* var ein fimm sýninga hlutu flest atkvæði sem sýning ársins í netkosningu fyrir Grímuna sl. vor.

Sýningin gekk fyrir fullu húsi í 60 skipti í vor. **Ekki missa af þessu - Tryggðu þér miða!**

alveg BRILLJANT SKILNADUR

20% afsláttur fyrir Vörðufélagi!

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur

BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala Borgarleikhússins 5688000 og á netinu www.borgarleikhus.is

Landsbankinn

> brúnar neglur ...

Hitaðu þér te og dúllaðu við neglurnar. Það er haustlegt og smart að vera með brúnlakkaðar neglur. Naglakkið frá Bourjois (litur númer 60) er seiðandi súkkulaði-brúnt.



Útlit



SMEKKURINN ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR VERSLUNARSTJÓRI OG FÖRÐUNARFRÆÐINGUR

Buxur með síðu klofi og dökkblá leðurstígvél

Spáir þú mikið í tiskuna? Já, mjög mikið. Það er óumflýjanlegt starfsins vegna.

Uppáhaldshönnuður eða fatamerki? Stella McCartney er uppáhaldshönnuðurinn en annars eru rosalega mörg fatamerki í uppáhaldi hjá mér því ég er alltaf að uppgötva ný og ný. Ætli ég segi ekki bara að Fornarina sé uppáhalds gallabuxnamerki mitt og Traffic People sé flottast þegar mig vantar bolí og toppa. Annars kaupi ég mikið „second hand“.

Flottustu litirnir? Fyrir haustið finnst mér svartur, dökkbrúnn, navy-blár og gullitaður flottastir.

Hverju ertu veikust fyrir? Ég er rosalega veik fyrir beltum og töskum og á alltof mikið af þeim.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Ég var að koma frá París og keypti mér mjög mikið þar. Það nýjasta er samt sennilega ljósbrúnar flauelsbuxur frá Mavi.

Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna? Buxur með síðu klofi. Þær eru bæði flottar, trendí og ógeðslega þægilegar.

Hvað ætlar þú að kaupa í haust? Ég er að bíða eftir dökkgrænum og dökkbláum leðurstígvélum sem eru væntanleg fljótlega.

Uppáhaldsverslun? Á Íslandi eru það Centrum, Rokk og Spútnik. Svo finnst mér alltaf gaman að fara í Urban Outfitters í London.

Hvað eyðir þú miklum peningum í fót

á mánuði? Úff! Ég verð að fá að segja „no comment“.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Ég gæti ekki verið án „Aftur“-hettupeysunnar minnar. Hún er svo þægileg að þegar maður fer í hana þarf maður eiginlega ekki að vera í neinu öðru. Hún er til dæmis rosalega góð á slæmum sunnudögum.

Uppáhaldsflík? Það er gamall Wrangler-gallajakki sem frænka mín gaf mér fyrir mörgum árum. Hann er þínulítil, eins og hann sé á fjögurra ára barn, en hann er alltaf tekinn fram á sumrin.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Ég er alltaf svakalega hrifin af Kaupmannahöfn.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?

Buffalo-skór. Ég átti tvöna, eina gráa og hvíta og eina svartu. Þeir eru og voru alveg hrikalegir. Ég vona að þeir komi aldrei aftur í tísku því þetta eru ljótustu skór í heimi.



MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Innganga í Manson-gengið

Ég hef oft spáð í því af hverju konur máli sig. Er það til að líta betur út, fela hrukkur eða er það gert af einskærum vana? Því er sum sé þannig varið að sumar kvenkyns verur kunna ekkert með snyrtidót að fara og þá er betra að sleppa farðanum en að mála sig illa. Ég er að tala um þær sem bera á sig allt of mikið „kökumeik“ og nota of mikið af öllu. Það þarf ekki. Það er alveg hægt að vera sætur með smá gloss og maskara. Ég mála mig yfirleitt á hverjum degi, ekki þó til að verða svo vodalega sæt, heldur til að líta út fyrir að vera fullorðin. Bollukinnarnar og kubbslega andlitið framkalla nefnilega barnalegt yfirbragð. Ljosi punkturinn er að hrukkur eiga afar erfitt uppdráttar í styrjöldinni við bollukinnarnar og mér sýnist þær síðarnefndu hafa vinninginn. Þegar ég er ómáluð, ógreidd með flaksandi krullur lít ég út fyrir að vera í tíu ára bekk eða svo. Þess vegna reyni ég að vakna í tæka tíð til að geta framkallað fullorðinslegt yfirbragð með sólarpúðri, kinnalit og maskara. Þegar ég var ellefu eða tólf ára stalst ég til að setja á mig maskara sem var í eigu stúpmóður minnar. Ég hélt náttúrulega að enginn myndi taka eftir neinu og fór með maskarann út á pall í sólbað. Þegar ég kom inn úr sólinni var ég spurð að því hvort ég væri máluð og ég þverneitaði því. En fékk vægt sjokk þegar ég labbaði að speglinum. Ég hafði óvart nuddað á mér augun, gleymt því að ég væri með maskara, og leit því út eins og tvíburabróðir Marilyn Manson. Á þessum sama tíma eignaðist vinkona mín bólufelara sem þótti afar fullorðinslegt. Móðir hennar sagði henni að það væri mjög óhollt fyrir húðina að meika sig og sagði henni að nota bólufelara í staðinn. Ekki vildi betur til en hún setti bólufelaran yfir allt andlitið og fannst hún líta vel út. Þegar við skoðum myndir frá þessum tíma er hún næstum því eins og stytta, engin svipbrigði, bara massifur hlemmur yfir öllu andlitinu. Það má því deila um hvort þetta hafi verið gott ráð hjá móðurinni eða ekki?

RÚSSNESKT VESTI gerir heimikið fyrir heildarútlitið. Topshop Smáralind.

RÚSSALEG stígvél frá 38 prepum á Laugavegi.

SKEMMTILEGA OFINN jakki frá Topshop.

PILS úr Vera Moda.

HVER MYNDI EKKI vilja klæðast þessum? Topshop Smáralind.

PILS úr Vera Moda.

ARM BAND frá Accessorize í Kringlunni.

LILLADUR er litur haustsins. Jakkin er frá Vera Moda.

Ræktaðu þína innri babúsku

allt

markvissar auglýsingar

...um bíla

á laugardögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000



